

**SKOÐUN** Bergsteinn Jónsson skrifar um neyðarsöfnun UNICEF. 22



**MENNING** Bræður hans og æskuvinir frömdu fjölda vopnaðra rána í Svíþjóð. 28



**LÍFIÐ** Kemur frá Kanada til þess að fara á tónleika með Nýdönsk. 36



**SPORT** Stelpurnar okkar höfu leik á Algarve-mótinu með tapi í gær. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
5. mars 2015
54. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Afgreiðsla úr nefndum

Þingmenn tókust á um það hvernig rétt væri að standa að afgreiðslu mála úr nefnd. Allsherjar- og menntamálanefnd afgreiddi áfengisfrumvarp með varamönnum. 16

**Mótmæla gjaldi** Íbúar í Garðabæ þar sem rotþrær eru við hús telja vafasamt að greiða þurfi bænum holræsagjald. Sveitarfélagið segir gjaldið líka ná til rotþróa. 4

**Mánaðarlegir hríðaverkir** Endómetríósa er kvalafullur krónískur sjúkdómur sem um 5 til 10 prósent kvenna eru talin vera með. 6

**Villandi** Umræða um loftslagsmál er full af upphrópunum. 8




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SV | 18 |
| Akureyri | 1° | SV | 17 |
| Egilsstaðir | 2° | SV | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | VSV | 12 |
| Reykjavík | 2° | SV | 16 |

**Hvasst og éljagangur** sunnan- og vestanlands en strekkingur og bjart með köflum norðaustan til. Hiti 0 til 4 stig á láglendi. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Norðurál stefnir á 10 milljarða fjárfestingu

Norðurál á Grundartanga hyggst fjárfesta fyrir 10 milljarða króna til þess að bæta við framleiðsluna hjá sér. Húsnæðið mun stækka um 7.000 fermetra og tæki verða keypt fyrir 10 milljarða króna. Norðurál framleiðir nú málm í Mercedes Benz.

Norðurál stefnir að því að hefja framleiðslu á svokölluðum boltum eða börrum. Ef farið verður í slíka framleiðslu mun það þýða allt að 10 milljarða fjárfestingu sem meðal annars væri falin í stækkun á húsnæðinu að Grundartanga um 7.000 fermetra og kaup á tækjum sem yrðu notuð við framleiðsluna.

„Markmiðið er að auka verðmæti útflutnings hjá okkur og skapa okkur sterkari samkeppnisstöðu,“ segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Þessi viðbótarframleiðsla fæli í sér að öðrum efnum yrði blandað út í álið til þess að gefa því mismunandi eiginleika.

Einnig segir Ragnar að sú ákvörðun hafi verið tekin í fyrra að hefja framleiðslu á melmi. „Það eru álblöndur sem er ekki búið að steypa í form heldur er það í hleifaformi sem við höfum notað hingað til. Þar er innihaldi vörunnar breytt en ekki forminu.“ Ragnar segir að Norðurál hafi fundið fyrir áhuga frá aðilum sem framleiða felgur undir bíla. Framleiðsla á melminu þýði að þeir geti fengið málm beint frá Norðuráli sem hentar í þá framleiðslu í stað þess að áður hefðu þeir þurft að fara í gegnum millilið til að fá slíka blöndu. „Við höfum verið að selja ál til bílaframleiðenda eins og Mercedes Benz, en það er þá í gegnum aðra aðila og þarna komumst við skrefi nær endanlegum notanda.“ - jhh / sjá síðu 18



**Markmiðið er að auka verðmæti útflutnings hjá okkur og skapa okkur sterkari samkeppnisstöðu.**

*Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.*



**HARÐFENNI VIÐ HEIÐINA** Sara Stefánsdóttir, starfsmaður Litlu kaffistofunnar, barðist við snjóinn fyrir utan kaffistofuna þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. „Þetta hefur auðvitað verið ömurlegt veður,“ segir Sara. „Þarna reis mannhæðarskafl og við vorum í óða önn að moka snjóinn frá dyrunum. Fólk komst hvorki lönd né strönd og hér hafa verið um 15 manns innikróaðir,“ bætir Sara við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vakning um kvalafullan og krónískan sjúkdóm í endómetríósumánuði:

# Með mánaðarlega hríðaverki

**VELFERÐARMÁL** „Stundum líður mér eins og það sé hreinlega kranabíll búinn að krækja í öll líffærin í kviðarholinu á mér og sé að reyna að toga þau upp,“ segir Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir sem fyrir þremur árum fékk loks greiningu á sjúkdómi sem hrjáð hefur hana frá því hún byrjaði á blæðingum á unglingsaldri. Sjúkdómurinn er endómetríósa, eða legslímuflakk, en talið er að 5-10 prósent kvenna séu með sjúkdóminn sem er kvalafullur, krónískur móðurlífssjúkdómur. Marsmánuður er alþjóðlegur mánuður sjúkdómsins en hér á landi er það þessi vika sem er tileinkuð honum. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur þrisvar lagt fram þingsályktunartillögu um að opnuð verði göngudeild fyrir konur með endómetríósu en hún þjáist af sjúkdómnum. „Ég hef verið svo heppin að mín einkenni hafa ekki verið nándar nærri því sem margar konur hafa þurft að fara í gegnum og ég hef ekki þurft að þjást af ófrjósemi. Í mínum huga snýst þetta fyrst og fremst um það að konur með virkilega sársaukafull einkenni fái upplýsingar um legslímuflakk.“ - vh, kbg / sjá síðu 6



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR



**Stundum líður mér eins og það sé hreinlega kranabíll búinn að krækja í öll líffærin í kviðaholinu á mér og sé að reyna toga þau upp.**

*Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir*



**Á FERÐ MEÐ FRÆGUM** Valdís og Sigrún spila með bresku hljósveitinni Florence and the Machine.

Gera garðinn frægan:

# Spila með Florence Welch

**FÓLK** „Það er bara mikill heiður að við vorum beðnar um þetta, einhverjir vitleysingar úr Hafnarfirði og Mosfellsdal,“ segir Valdís Þorkelsdóttir, trompet- og flygilhornleikari.

Hún, ásamt Sigrúnu Jónsdóttur básúnuleikara og Björk Níelsdóttur, trompet- og flygilhornleikara, munu spila og syngja bakraddir á tónleikaferðalagi bresku indie-hljómsveitarinnar Florence and the Machine, með söngkonuna Florence Welch fremsta í flokki.

Þær höfðu áður spilað með Björk Guðmundsdóttur á Voltatónleikaferð hennar. „Við fengum símtal frá tónlistarstjóranum hjá Florence, en hann þekkir production manager hjá Björk sem benti honum á okkur,“ segir hún um tilkomu verkefnisins. - asi / sjá síðu 56

Nemendur í Grandaskóla:

# Þykir núna töff að lesa bækur

**MENNTUN** Krökkunum í sjötta bekk í Grandaskóla þykir núna töff að lesa eftir að hafa fengið að kynnast því hvernig bók verður til. Þórhildur Garðarsdóttir, fjármálastjóri hjá Forlaginu og foreldri eins nemandans, fékk samstarfsmenn, rithöfunda og prentsmiðju með sér í verkefnið ásamt stjórnendum og kennurum skólans.

Nú eru nemendurnir að skrifa bók þar sem hver og einn verður með sína sögu. Oddi ætlar að prenta bókina fyrir þá. - ibs / sjá síðu 12





AUKABLAÐ BL FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG!

BL
www.bl.is





## SPURNING DAGSINS



Halldór, stendur meirihlutinn á gati?

**„Nei, á gatasigti gatnakerfisins.“**

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, vill leggja meira fé í viðhald gatna, enda eru göt víða.

Utanríkisráðherra vill leggja niður Þróunarsamvinnustofnun:

# Þingmenn krefjast skýrari svara

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra mælir fyrir breytingum á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Frumvarpið var kynnt á ríkisstjórnarfundi í síðustu viku, því var síðan dreift til þingmanna.

Samkvæmt frumvarpi utanríkisráðherra verður Þróunarsamvinnustofnun lögð niður, verkefni hennar flutt yfir í ráðuneytið en „þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfa áfram til 1. janúar 2016, en lögð niður frá og með þeim degi,“ eins og segir orðrétt í frumvarpinu.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, er einn níu þingmanna stjórnarandstöðunnar sem lögðu fram beiðni um skýrslu frá utanríkisráðherra um skipulag þróunarsamvinnu vegna fyrirhugaðrar sameiningar.

„Við erum að leita eftir því hvaða faglegu rök séu til grundvallar þessari tillögu ráðherra, að sameina allt í ráðuneytinu, hvort það hafi verið einhver óánægja með störf Þróunarsamvinnustofnunar og hvort ekki sé ástæða til að bíða eftir úttekt sem er í vinnslu hjá þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) sem verður birt 2016. Við spyrjum: hvað liggur á? Og hver faglegu rökin séu. Við viljum að það sé tíundað betur en gert er í greinargerð með frumvarpinu.“

**- kbg**



**VILJA SVÖR** Þingmenn vilja rök fyrir því af hverju stendur til að leggja niður Þróunarsamvinnustofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MIKILFENGLEGT** En hættulegt. AFP PHOTO / ATONCHILE / CARLOS ROCUANT

Eitt stærsta eldgosið í eldfjallinu Villarrica frá árinu 1985:

## 3.000 manns fluttir á brott í Síle

**SÍLE Um þær mundir sem Íslendingar fögnuðu goslokum í Holuhrauni braust út eldgos í eldfjallinu Villarrica í Suður-Síle. Ólíkt gosinu í Holuhrauni hefur eldgosið í Villarrica haft alvarlegar afleiðingar því að yfirvöld hafa flutt um 3.000 manns á brott úr nærliggjandi þorpum.**

**Villarrica er eitt virkasta eldfjall Síle og heimildir eru til um eldsumbrot allt frá árinu 1558 en þetta er stærsta eldgosið í Villarrica frá 1985. Eldfjallið er undir jökli og því er hraunið sjálft ekki það hættulegasta við það heldur aurskriður og flóð sem ná til nærliggjandi þorpa.**

**- srs**

# Eyddi meira en milljón á dánarbeði

Guðmundur Hallvarðsson lést í mars á síðasta ári. Dánarmeinið var krabbamein í lifur. Hann eyddi rúmri milljón króna í efnið Orasal. Sonur hans, Hallvarður, segir hann hafa verið féflettan á dánarbeðinum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðmundur Jóhann Hallvarðsson greindist með krabbamein í lifur í janúar árið 2013. Hann lést rúmu ári síðar. Sonur hans, Hallvarður Guðmundsson, segir krabbameinið hafa reynst illvígt og að hefðbundinni lyfjameðferð hafi verið hætt eftir þrjá mánuði þegar ekkert benti til þess að hún hefði áhrif á gang sjúkdómsins. Þá hafi faðir hans kynnst sjúklingum í Ljósinu sem sögðust hafa læknast af krabbameini fyrir tilstilli sannkallaðs kraftaverkalyfs. Efnið kallast Orasal, eða Salicinium, og sjúklingarnir bentu á mann sem hefði aðstoðað þá við að kaupa efnið.

„Pabbi fékk símanúmer hjá konu sem sagðist hafa læknast og komst í samband við sölumann efnisins.“

Mánaðarskammturinn sem Guðmundur keypti kostaði um þúsund dollara, eða 134 þúsund krónur. Hann keypti Orasal og tvær tegundir fæðubótarefna frá bandaríska fyrirtækinu Perfect Balance. Skammtana keypti hann í níu mánuði og eyddi því meira en milljón króna í efnin.

„Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Perfect Balance er kostnaðurinn um 90 þúsund, þannig að hann var að smyrja svolítið á þetta,“ segir Hallvarður og segist sár og reiður. Í upphafi hafi hann hins vegar reynt að vera bjartsýnn fyrir hönd föður síns.

„Ég reyndi að vera jákvæður og líta björtum augum á þetta. Í fyrstu fannst okkur pabbi taka einhverjum framförum og ég veit ekki hvort það var efnið eða bjartsýni pabba. Eftir að ég hitti þennan mann þá gat ég ekki verið bjartsýnn lengur. Hann talaði mikið um samsæriskenningar í lyfjaiðnaði og benti okkur á að horfa á heimildarmynd á Youtube um krabbamein, sem var hreinn þvættingur og tengdist raunar þessu efni ekki neitt.“



**SÁR OG REIÐUR** Hallvarður segir framgöngu sölumanns efnisins Orasal hafa skyggt á síðustu daga föður síns og er sár og reiður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mánuði áður en Guðmundur lést frétti Hallvarður að sölumaðurinn hefði beðið um röntgenmyndir af æxlinu til að senda út til sölufyrirtækisins Perfect Balance. Tilgangurinn var að meta framhald meðferðarinnar. „Sölumaðurinn var að senda röntgenmyndir til sölufyrirtækisins í Bandaríkjunum, Perfect Balance, og hafði fengið þau svör að pabbi ætti að halda áfram meðferðinni. Ég var tortrygginn. Ég spurði hann hvort það væri hægt að fá staðfestingu á því hvort fagaðilar skoðuðu þessar myndir. Hann gat ekki svarað því en bað okkur um að greina ekki krabbameinslækni pabba frá því að hann vildi senda myndir af æxlinu út. Þegar þarna var komið var ég orðinn bæði sár og reiður. Framganga þessa manns skyggði á síðustu daga pabba. Hann trúði á þetta allt saman í upphafi en eftir því sem dró af honum hætti hann að nenna þessu,“ segir Hallvarður.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

➜ Á vefsíðu Perfect Balance er efnið sagt virka gegn sjúkdómum sem stafa af loftfælnum eða gerjandi frumum. Efnið trufli ferlið sem geri ónæmiskerfinu kleift að eyða krabbameinsfrumum.

Morðmál ekki til dómstóla:

## Darren Wilson ekki ákærður

**BANDARÍKIN** Darren Wilson, lögreglumaðurinn sem skaut óvopnaðan ungling í Ferguson í Missouri til bana, mun ekki vera sóttur til saka vegna þessa.

Á vef The Guardian kemur fram að dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna tilkynnti í gær að eftir sex mánaða rannsókn var ákveðið að ekki væri grundvöllur fyrir því að sækja Wilson til saka.

Ekki þóttu vera næg sönnunargögn til að skera úr um hvort Wilson hafi hleypt af skotvopni sínu í sjálfsvörn eða ekki.

**- srs**

Snjóflóðahætta fyrir vestan:

## 13 hús rýmd á Patreksfirði

**VEÐUR** Alls voru 13 hús rýmd á Patreksfirði í gær vegna snjóflóðahættu. 41 einstaklingur þurfti að yfirgefa heimili sitt og leituðu flestir til vina og vandamanna. Aðrir fóru á hótel.

„Það verður tekin ákvörðun í fyrramálið um hvort fólk geti snúið til síns heima þegar fundað verður með almannavarnarnefnd og snjóflóðadeild Veðurstofunnar,“ segir Ingvar Jakobsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

Hátt í 50 björgunarsveitarmenn voru að störfum í gær í óveðrinu sem gekk yfir landið.

**- fbj**






Skýrsla lögreglunnar um mótmælin 2008-2011 braut persónuverndarlög:

# Skýrsla Geirs Jóns í bága við lög

**PERSÓNUVERND** Miðlun lögreglunnar á persónuupplýsingum um einstaklinga sem viðstaddir voru mótmælin árin 2008-2011 stóðst ekki lög að mati Persónuverndar.

Í fyrra skilaði Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, inn skýrslu um mótmælin 2008-2011. Strax í kjölfarið komu upp ásakanir um ólögmæta miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga og Persónuvernd tók málið upp að eigin frumkvæði.

Mat Persónuverndar er að öryggis hafi ekki verið gætt við vinnslu og útgáfu skýrslunnar en skýrsluhöfundi lögreglunnar láðist að útmá nöfn og viðkvæmar persónuupplýsingar úr skýrslunni og þannig hafi lögregla gerst brotleg við lög um persónuvernd.

Persónuvernd leggur fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að setja sér verklagsreglur um hvernig öryggis sé gætt við meðferð persónuupplýsinga í málaskrárkerfi lögreglunnar.

**- srs**



**MÓTMÆLI** Skýrsla lögreglunnar fjallaði um mótmælin 2008-2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

➜ Miðlun lögreglu á upplýsingum um einstaklinga sem viðstaddir voru mótmælin 2008–2011 stóðst ekki lög..




**Tilboð: 2.890.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ATE60
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 13.500 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.



**Verð: 1.090.000 kr.**

**Volkswagen Polo Comfortline** LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 111.000 km.



**Verð: 1.690.000 kr.**

**Citroën C5 Exclusive II** SAU47
Skráður sept. 2008, 2,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 74.000 km.




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð 3.750.000 kr.**

**Ford C-Max Titanium** DOX03
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 24.000 km.
Ásett verð: 3.980.000 kr. *í ábyrgð*




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Renault Megane II Berline** FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Mazda6 Vision** FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. *í ábyrgð*

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 3.650.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** DHA29
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.
Ásett verð: 3.880.000 kr.



**Tilboð: 1.090.000 kr.**

**Ford Galaxy Trend** BS385
Skráður janúar 2005, 2,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 144.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.



**Verð: 3.290.000 kr.**

**Volkswagen Passat** UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur
Ekinn 74.000 km.




**Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** IFU54
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 2.850.000 kr



**Verð: 2.550.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction** VSX71
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskiptur
Ekinn 36.000 km. *í ábyrgð*




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinskiptur.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr. *í ábyrgð*

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Mercedes Besn 200 E-Class** MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 139.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## SVONA ERUM VIÐ



**73.000** **hross voru á Íslandi árið 2013.**

**Hafði þeim fækkað um 3.500 frá árinu 2009.**

Á sama tíma voru 484 þúsund kindur og fjölgaði þeim um 15 þúsund.

Laun stjórnarmanna opinberra hlutafélaga kosta um 55 milljónir árlega:

# Fá allt að 137 þúsund á mánuði

**STJÓRNSÝSLA** Fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram skriflegt svar við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um stjórnir opinberra hlutafélaga á Alþingi síðastliðinn þriðjudag.

Í fyrirspurn Guðlaugs var spurt um fjölda stjórnarmanna í stjórnum opinberra hlutafélaga og hvaða þóknun þeir fengju fyrir stjórnarsetu sína. Í svari fjármálaráðherra kom fram að opinber hlutafélög, sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu ríkisins eða ríkis og sveitarfélags, eru samtals níu. Heildarlaunakostnaður við stjórnarsetu er um það bil 55 milljónir króna árlega.

Hæstu laun sem greidd eru í opinberu hlutafélagi er fyrir stjórnarsetu í Isavia ohf. en þar þiggja aðalmenn 137 þúsund krónur á mánuði og formaður tvöfalda þá upphæð. Lægstu laun fyrir stjórnarsetu greiðir Nýr Landspítali ohf. eða 50 þúsund krónur á mánuði. **- srs**

### FIMM LAUNAHÆSTU STJÓRNIRNAR

| | *Aðalmenn | *Formaður | **Varamenn |
|---|---|---|---|
| Isavia ohf. | 137 þús. kr. | 274 þús. Kr. | 65 þús. kr. |
| Rarik ohf. | 15 þús. kr. | Formaður 230 þús. kr. | |
| Íslandspóstur ohf. | 100 þús. kr. | Formaður 200 þús. Kr. | |
| Orkubú Vestfjarða ohf. | 95 þús.kr. | 190 þús. Kr. | 40 þús. kr. |
| Harpa ohf. | 93 þús. kr. | Formaður 186 þús. Kr. | |

**fá borgað á mánuði. **fá borgað fyrir hvern fund.*

Bretar opna fimm barnahús:

## Stórátak gegn misnotkun

**BRETLAND** Fimm barnahús að íslenskri fyrirmynd verða sett á laggirnar í Lundúnum á næstunni. Bresk yfirvöld hyggjast skera upp herör gegn misnotkun á börnum.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, hélt erindi á fundi á vegum bresku lávarðadeildarinnar í fyrradag þar sem hann greindi frá árangri Íslendinga af starfsemi Barnahúss og hugmyndafræðinni á bak við það. **- srs**



**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Brugðist hefur verið við ábendingum um frumgreinanám. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frumgreinanám aðlagað:

## Lagaumgjörð námsins bætt

**MENNTUN** Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur komið til móts við ábendingar Ríkisendurskoðunar frá árinu 2012 varðandi frumgreinanám í íslenskum skólum.

Í ábendingum Ríkisendurskoðunar var lagt til að frumgreinanám yrði fellt að lögum um framhaldsskóla og að lagaumgjörð um námið væri bætt.

Í nýrri eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að stjórnvöld hafa brugðist við þessu með því að breyta lögum um háskóla sem heimila ráðherra að setja reglur um frumgreinanám. **- srs**

Bíða mánuðum saman:

## 70 fastir á Landspítala

**SAMFÉLAG** Öldrunardeildin á Vífilsstöðum hefur verið yfirfull í nokkrar vikur og sumir þeirra 70 einstaklinga sem eru þar fastir og bíða eftir að komast á hjúkrunarheimili hafa beðið mánuðum saman. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. **- kbg**

### ÁRÉTTAÐ

Vegna fyrirsagnar í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, sem kom út í gær, skal áréttað að Glitnir á 963 milljarða upp í skuldir.

# Mótmæla gjaldi fyrir rotþró

Íbúar í Garðabæ þar sem rotþrær eru við hús telja vafasamt að greiða þurfi bænum holræsagjald. Rotþrærnar þurfi lítið viðhald og húseigendur hafi sjálfir staðið að gerð þeirra. Sveitarfélagið segir gjaldið líka ná til rotþróa.

**GARÐABÆR** Álagningu holræsagjalda í Garðabæ, þar sem undir eru rotþrær sem lítið þurfi að eiga við, telur hluti íbúa við Hraunhóla í sveitarfélaginu jaðra við okur. Þrónum hafi á sínum tíma verið komið fyrir án nokkurrar aðkomu bæjarfélagsins.



**SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON**

Hjónin Axel Thorarensen Hraundal og Hilde Berit Hundstuen eiga hús við Hraunhóla 4a og þurfa þar að borga tvöfalt holræsagjald af einni rotþró. „Þetta er ein eign á tveimur hæðum sem konan á og ber tvö fasteignanúmer,“ segir Axel sem fór að forvitnast um málið þegar álagningarseðillinn barst fyrir um einum og hálfum mánuði. „Við vildum vita hvernig í ósköpunum gæti staðið á þessu. En þau vilja meina að í lögum sé að þarna eigi að borga fyrir og þá kalla þau þetta bara holræsa- og rotþróagjald og innifeli þjónustu við rotþróna,“ segir Axel og bætir við að í fyrrasumar hafi þau einmitt farið fram á slíka þjónustu. „Og þá tók þá um tvær vikur bara að finna rotþróna.“ Við verkið hafi verið notað málmleitartæki og starfsmenn bæjarins hafi á endanum sagst hafa kíkt ofan í hana og að hún væri í lagi.

Axel segir málum hins vegar öðruvísi farið hjá bróður hans, sem búi á Kjalarnesi í landi Reykjavíkur. Þar sé hann með rotþró og hafi sett út á holræsagjaldið og fengið það fellt niður. „Ég benti nú þessari ágætu konu sem ég ræddi við hjá Garðabæ á þetta, en hún sagði að þetta væri annað bæjarfélag, það þýddi ekkert að vera að miða við það.“

Axel og Hilde eru ekki ein um að furða sig á gjaldtöku bæjarfélagsins. Finnur Orri Thorlacius sem á einbýlishús á einkalóð við Hraunhóla, þar sem er undir risastór safnþró sem hann segir ekkert þurfa að eiga við, segist velta fyrir sér hvort hann eigi ekki afturvirka kröfu á bæjarfélagið vegna gjaldtökunnar. Holræsagjald hafi hann greitt í 13 ár á staðnum, en í ár er gjaldið hjá honum 60.720 krónur.

Samanlagt eru það tæpar 790 þúsund krónur, án vaxta. „Og það eru peningar sem ég get alveg notað,“ segir hann.

Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður og framkvæmdastjóri Húseigendafélagsins, segir holræsagjöld og holræsaskatta hafa verið til vandræða víða. „Við höfum verið að fara í gegnum þessi fasteignagjöld á landsvísu vegna þess hve mikið misræmi er milli sveitarfélaga. Sú vinna er í gangi.“ Félagið hafi vegna þessa óskað eftir fundi með forsvarsmönnum sveitarfélaga. „Svona til að ekki sé sinn siður í hverju plássi, sem aftur veldur misskilningi og glundroða,“ segir Sigurður.

**olikr@frettabladid.is**



**HRAUNHÓLAR** Hús við Hraunhóla í Garðabæ eru meðal þeirra um 120 fasteigna sveitarfélagsins sem notast við rotþrær í stað holræsatenginga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÁLAGNINGARSEÐILL 2015** Á þessum seðli má sjá hvernig eigandi einbýlishúss með rotþró er rukkaður um ríflega 60 þúsund króna holræsagjald.

### Um 120 fasteignir með rotþrær



**GUNNAR EINARSSON**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir fasteignum með rotþróm hafa fjölgað heldur við sameininguna við Álftanes í ársbyrjun 2013. „Þetta eru svona 60 hús á Álftanesi og eitthvað álíka mikið hér hjá okkur,“ segir hann.

Þótt á álagningarseðli kunni að standa holræsagjald, þá segir Gunnar það vísa til holræsa- og rotþróagjalda sem sveitarfélagið innheimti. Sveitarfélagið þjónusti rotþrærnar og fyrir það sé rukkað. Í einhverjum tilvikum segist hann þó reka minni til að gjaldið hafi verið fellt niður þar sem viðkomandi hafi sjálfur annast hreinsun á rotþró sinni. „En þá þarf viðkomandi að geta sýnt okkur að það hafi verið komið og hreinsað.“

Gunnar segir gjaldið 0,12 prósent af fasteignamati. Tilvik eins og hjá hjónunum í Hraunhólum 4 þurfi ef til vill að skoða sérstaklega. „Við viljum ekki taka meira af íbúunum en rétt er. Það er ekki okkar stíll,“ segir hann.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 4° | New York | 3° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 5° | Orlando | 30° |
| Basel | 11° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 3° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 22° | París | 10° |
| Billund | 6° | London | 11° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 14° | Stokkhólmur | 2° |




**Á MORGUN** Suðaustanstormur um tíma og allhvöss suðvestanátt í kjölfarið.




**LAUGARDAGUR** Allhvasst eða hvasst víða um land.

**HVER LÆGÐIN REKUR AÐRA** næstu daga, í dag fylgir hvöss suðvestanátt með éljum í kjölfar lægðar gærdagsins. Á morgun gengur önnur lægð yfir landið með stormi um tíma og snjókomu, slyddu eða rigningu. Hvöss suðvestanátt tekur svo við.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## VERÐ SPRENGJA

**BAYONNESKINKA**
-44%
**895**
ÁÐUR 1.598 KR/KG



**GRÍSAHRYGGUR**
MEÐ PÖRU - VAC.PAKKAÐ
-50%
**1.140**
ÁÐUR 2.280 KR/KG



**KJÚKLINGABRINGUR**
NETTÓ
**1.798**
ÁÐUR 1.998 KR/KG



**ÞORSKHNAKKAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR
-30%
**1.259**
ÁÐUR 1.798 KR/KG



**SÆTAR KARTÖFLUR**
-50%
**182**
ÁÐUR 363 KR/KG

## X-TRA VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
## FRÁBÆR TILBOÐ!

**FLÖGUR 300GR**
BBQ/SALT/SOUR CREAM
VERÐ ÁÐUR 369,-
**299,-**




**SJAMPÓ/HÁRNÆRING/STURTUSÁPA**
500 ML
VERÐ ÁÐUR 179,-
**149,-**

**100% SAFI 1,5L**
EPLA/APPELSÍNU
VERÐ ÁÐUR 299,-
**239,-**

**HANDSÁPA**
FLJÓTANDI, 500 ML
VERÐ ÁÐUR 189,-
**159,-**




**EYRNAPINNAR**
200 STK
VERÐ ÁÐUR 99,-
**89,-**

**BÓMULLARSKÍFUR**
100 STK
VERÐ ÁÐUR 159,-
**129,-**




**VINGUMMI 300GR**
AVAXTAHLAUP
VERÐ ÁÐUR 349,-
**299,-**



**Tilboðin gilda 05. – 08. mars 2015**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir listamaðurinn sem teiknar dýr í útrýmingarhættu?
**2.** Hver er árleg velta skyndibitarisans FoodCo?
**3.** Hversu miklu fé ætlar Reykjavíkurborg að ráðstafa í malbiksviðgerðir í ár?

**SVÖR:**
**1.** Gísli Snær Jónsson. **2.** Þrír milljarðar króna. **3.** 130 milljónum króna.

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, segist vilja ná breiðri sátt um náttúrupassann

# Náttúrupassinn mun taka breytingum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, segir mikilvægt að ná breiðri sátt um náttúrupassann. Verndun náttúru og uppbygging innviða þurfi að fara að eiga sér stað sem fyrst.

Frumvarp Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um náttúrupassa er nú í meðförum nefndarinnar og er vinna hafin við breytingar.

Ferðaþjónustan skilar nú yfir þrjú hundruð milljörðum króna í gjaldeyristekjur og spár gera ráð fyrir að gjaldeyristekjur þessa árs slagi í 350 milljarða.

Jón telur samt sem áður grundvöll fyrir að ná í tekjur til uppbyggingar innviða.

„Í sjávarútveginum eru tekin veiðigjöld þrátt fyrir að sjávarútvegurinn skili heilmiklum gjaldeyristekjum. Sama má segja um ferðaþjónustuna. Nú er hins vegar unnið að því að finna lausn á því hvernig skipulagið verður. Við erum rétt að byrja að skoða málið inni í atvinnuveganefnd en það er alveg ljóst að einhverjar breytingar þarf að gera á frumvarpinu til að skapa sátt um það,“ segir Jón.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, segir náttúruna enga bið þola.

„Það er alveg ljóst að skatttekjur hafa aukist gríðarlega af ferðaþjónustunni síðustu misseri. Þá mun greinin öll falla undir virðisaukaskattskerfið frá og með næstu áramótum með tilheyrandi tekjuauka fyrir ríkissjóð.“ **- sa**



**SÁTT VERÐUR AÐ NÁST** Þingmenn segja mikilvægt að ná breiðri sátt um náttúrupassann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Með mánaðarlega hríðaverki

Endómetríósa er kvalafullur krónískur móðurlífssjúkdómur sem um 5-10 prósent kvenna eru taldar vera með. Einkennin eru mismikil hjá þeim sem af sjúkdómnum þjást. Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir greindist fyrir tilviljun með sjúkdóminn fyrir þremur árum.

**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



**VELFERÐARMÁL** „Hjá mér eru verkirnir eins og hríðaverkir. Djúpir og grimmir verkir. Stundum líður mér eins og það sé hreinlega kranabíll búinn að krækja í öll líffærin í kviðaholinu á mér og sé að reyna toga þau upp,“ segir Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir sem fyrir þremur árum fékk loks greiningu á sjúkdómi sem hrjáð hefur hana frá því hún byrjaði á blæðingum á unglingsaldri.

Sjúkdómurinn er endómetríósa eða legslímuflakk en talið er að 5-10 prósent kvenna séu með sjúkdóminn sem er kvalafullur krónískur móðurlífssjúkdómur.

Marsmánuður er alþjóðlegur mánuður sjúkdómsins en hér á landi er það þessi vika sem er tileinkuð honum. Landspítalinn er þess vegna lýstur gulum lit endómetríósu og leitast er við að vekja athygli á málefnum kvenna með sjúkdóminn. Við honum er engin lækning en mikilvægt er að fá greiningu og þar með rétta meðhöndlun. Helstu meðferðarleiðir eru skurðaðgerðir og hormónameðferðir sem yfirleitt ná að bæta líðan.

### Verkirnir hófust á unglingsaldri

Ragnheiður hafði verið með mikla verki mánaðarlega í kringum blæðingar frá því þær hófust á unglingsaldri. Hafði hún ítrekað leitað til lækna en aldrei fengið vandann greindan fyrr en hún fór fyrir tilviljun inn á heimasíðu íslensku samtakanna þar sem nánast öll einkenni sem þar var lýst komu heim og saman við reynslu hennar. „Það kom mér verulega á óvart þegar ég, rúmlega fertug, ramba inn á þessa heimasíðu og get hakað við nánast allt þar nema ófrjósemi. Þá hafði engum lækni dottið í hug að þetta gæti verið að hjá mér. Það var bara alltaf sagt við mig að þetta væru slæmir tíðaverkir,“ segir hún.

„Alveg frá því ég fór fyrst á blæðingar var ég alltaf sárkvalin. Ég fór í heitt bað, gleypti verkjatöflur, var sveitt, óglatt og með óbærilegar kvalir. Á þessum þrjátíu árum voru alltaf svona 1-2 dagar í mánuði sem ég var gjörsamlega óvinnufær. Síðan bæði verkir fyrir og eftir, þannig að þetta hafa verið svona tvær vikur í mánuði sem ég var verkjuð. Á seinni árum hef ég alltaf fengið hita eftir blæðingar og svo var ég greind með vefjagigt líka en það gæti mögulega verið afleiðing af þessu.“

Verkirnir höfðu áhrif á allt hennar líf enda skipulagði hún allt sem hún gerði út frá því að það myndi ekki hitta á tímann í kringum tíðir. Hún fékk verkjatöflur hjá læknum sem slógu þó lítið á verkina.

### Fékk greiningu eftir tæp þrjátíu ár

Eftir að Ragnheiður rakst á heimasíðuna fór hún í kviðarholsspeglun þar sem staðfest var að um sjúkdóminn væri að ræða. Eftir greininguna hefur þó ekki mikið breyst hjá henni. „Það er lítið hægt að gera. Ég fór í legnám núna í janúar þar sem ég er hætt barneignum en það á eftir að koma í ljós hversu vel það virkar. En það verður allavega vonandi til þess að ég hætti að missa svona mikið blóð og þurfi ekki að fara í járnsprautur,“ segir Ragnheiður, en hún hefur þurft að fá járnsprautur reglulega þar sem hún hefur misst svo mikið blóð þegar hún hefur haft blæðingar.

Ragnheiður segir það hafa reynst sér vel að hitta konur úr samtökunum sem séu að glíma við það sama. „Það var gott að vita að maður væri ekki einn. Mér finnst ég bara vera heppin að mörgu leyti. Ég var ekki eins slæm og margar þarna. Margar eru að glíma við ófrjósemi eða hafa verið settar á breytingaskeiðið fyrir aldur fram.“ Ragnheiður segir vitundarvakningu hafa orðið á síðustu árum vegna samtakanna sem hafa reynt að vekja athygli á sjúkdómnum.

Meðal annars hafa þau barist fyrir því að göngudeild vegna sjúkdómsins verði opnuð líkt og er víða í nágrannalöndum.



**LENGI KVALIN** Ragnheiður hafði verið með kvalafulla verki í kringum blæðingar frá unglingsaldri. Hún fann sjúkdómsgreininguna fyrir tilviljun fyrir um þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Á þessum þrjátíu árum voru alltaf svona 1-2 dagar í mánuði sem ég var gjörsamlega óvinnufær. Síðan bæði verkir fyrir og eftir, þannig að þetta hafa verið svona tvær vikur í mánuði sem ég var verkjuð.**
> *Ragnheiður Kr. Jóhannesdóttir*



> **Það er alltof algengt að það sé sagt við þær að það sé ekkert óeðlilegt við það að vera með verki meðan á blæðingum stendur.**
> *Eygló Harðardóttir*
> *félags- og húsnæðismálaráðherra*

### → Mikilvægt að vekja umræðu

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur þrisvar lagt fram þingsályktunartillögu um að opnuð verði göngudeild en hún er sjálf með sjúkdóminn. „Þetta er mjög erfiður sjúkdómur fyrir þær konur sem eru að fást við hann. Afleiðingarnar eru bæði líkamlegar og andlegar fyrir utan tengsl við ófrjósemi. Megininntakið í þingsályktunartillögunum sneri ekki bara að göngudeildinni heldur mikilvægi þess að vekja umræðu um sjúkdóminn og upplýsa um hann því konur eru að greinast of seint. Það er alltof algengt að það sé sagt við þær að það sé ekkert óeðlilegt við það að vera með verki meðan á blæðingum stendur,“ segir Eygló.

Sjálf var hún greind með sjúkdóminn í Svíþjóð fyrir nokkrum árum. „Ég hef verið svo heppin að mín einkenni hafa ekki verið nándar nærri því sem margar konur hafa þurft við að fara í gegnum og ég hef ekki þurft að þjást af ófrjósemi. Í mínum huga snýst þetta fyrst og fremst um það að konur með virkilega sársaukafull einkenni fái upplýsingar um legslímuflakk. Bæði hvað er hægt að gera til að draga úr einkennum og skaðanum frá sjúkdómnum. Þetta á líka við um fleiri sjúkdóma sem fylgja krónískir verkir. Við þurfum að auka stuðninginn til þess að taka á svona sjúkdómum.

## HVAÐ ER ENDÓMETRÍÓSA?

Legslímuflakk eða endómetríósa er krónískur, sársaukafullur sjúkdómur sem lýsir sér þannig að legslímufrumur svipaðar þeim sem vanalega finnast eingöngu í innra lagi legsins finnast annars staðar í líkamanum, yfirleitt í kviðarholinu. Eins og legslímufrumurnar í leginu, bregðast þessar frumur við mánaðarlegum hormónabreytingum og þegar kona með endómetríósu fer á blæðingar blæðir úr þessum frumum hvar sem þær eru í líkamanum og blóðið kemst ekki í burtu svo oft myndast blöðrur. Einnig geta myndast samgróningar innan kviðarholsins þegar legslímufrumurnar tengja saman aðra vefi.

Endómetríósa getur valdið miklum sársauka, blöðru- og þarmavandamálum auk ófrjósemi. Einkenni eru mismikil milli einstaklinga. Talið er að 5-10% stúlkna og kvenna séu með endómetríósu. Sýnt hefur verið fram á að erfðir koma við sögu í endómetríósu sem ein af hugsanlegum orsökum sjúkdómsins.

### Helstu einkenni endómetríósu

- Slæmir tíðaverkir
- Miklar blæðingar
- Sárir egglosverkir og verkir milli blæðinga
- Meltingartruflanir og uppþemba
- Sársauki við hægðalosun
- Sársauki við þvaglát
- Sársauki við kynlíf
- Síþreyta
- Ófrjósemi

Kona með endómetríósu getur verið með eitt eða öll ofangreindra einkenna. Sumar eru einkennalitlar en aðrar glíma við stöðuga slæma verki sem mikil áhrif hafa á lífsgæði og möguleika til þátttöku í lífinu.

**5-10%**
kvenna eru taldar hafa endómetríósu.

**6-10 ár**
er talinn vera meðalgreiningartími kvenna með endómetríósu á Íslandi.

**30-40%**
kvenna með endómetríósu glíma við van- eða ófrjósemi. Flestar ná á endanum að eignast börn með hjálp nútímatækni.
*Konur á frjósemisskeiði skv. Endometriosis.org*

### Rannsókn í tíu Evrópulöndum sýndi að

**73%**
kvenna með endómetríósu eru ófærar um að taka þátt í félagslífi nokkra daga í hverjum mánuði.

**66%**
þeirra sem tóku þátt í könnunni höfðu fengið ranga sjúkdómsgreiningu í upphafi.

**35%**
kvennanna svöruðu að endómetríósa hefði áhrif á samlíf þeirra og væri jafnvel orsök hjónaskilnaðar.

*Skv. rannsókn Endometriosis All Party Parliamentary Group í Bretlandi, kynnt á ráðstefnu um endómetríósu í Maastricht árið 2005.*

### Samfélagslegur kostnaður

Verkir af völdum endómetríósu og tilheyrandi fjarvera frá vinnu kostar samfélagið tvöfalt meira en beinn helbrigðiskostnaður vegna sjúkdómsins.

*The World Endometriosis Research Foundation birti niðurstöður EndoCost study árið 2012. Rannsóknin náði til 10 Evrópulanda.*

F&F

KRINGLUNNI

# DENIM DAGAR

## OPNUM GLÆSILEGA F&F VERSLUN

Í LITLATÚNI, GARÐABÆ LAUGARDAGINN 7. MARS



BOYFRIEND

SUPER SKINNY



STRAIGHT

SKINNY

# Fáum ekki hamarshögg í hausinn

Þó mikilvægt sé að fyrirtæki og einstaklingar dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda þá liggja tækifæri Íslands kannski ekki síður í kolefnisbindingu með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Umræða um loftslagsmál er oft villandi og full af upphrópunum.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

Tækifæri Íslands til að bregðast við losun gróðurhúsalofttegunda og hlýnun jarðar liggja ekki síður í kolefnisbindingu en minni losun. Allt í senn liggja þessi tækifæri í landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.

Þetta var meðal þess sem kom fram í erindum á ráðstefnu Landsvirkjunar í gær þar sem leitast var við að svara spurningunni hvernig fyrirtæki gætu helst unnið gegn losun gróðurhúsalofttegunda og gegn loftslagsbreytingum.

Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, hóf erindi sitt með því að hnykkja á mikilvægi þess að þekktum staðreyndum um loftslagsbreytingar og ástæður þeirra væri haldið til haga – en nokkurn misbrest sagði hann á því í opinberri umræðu og mikið af misvísandi upplýsingum í fjölmiðlum.

### Okkur lífsnauðsynlegt

Gróðurhúsaáhrif eru náttúrulegt ferli, sagði Bjarni og undirstaða alls lífs á jörðinni. Náttúruleg áhrif gera það að verkum að hitastig á jörðinni er 33 gráðum hærra en það annars væri og koma í veg fyrir að hér sé eilífur fimbulvetur og að jafnaði um 15 gráðu frost. Allar mælingar sýna að hlýnun í lofthjúpnum er um 0,85 gráður á heimsvísu, og hlýnunin er staðreynd. Deilan snýst um hvað veldur hlýnuninni – er þetta hitasveifla eða af mannavöldum? Skilningur manna hefur aukist mikið á síðasta áratug, og til þess tíma glímdu menn við spurninguna hvort það ætti í raun að vera mun hlýrra en raunin var. Grundvallarbyltingin í skilningi manna á þessum málum fólst í auknum skilningi á því hvað vegur upp á móti hlýnuninni, eða brennisteinslosun frá eldgosum, agnir frá opnum bruna og ýmis efnasambönd frá iðnaði – önnur en þau sem valda hlýnun. Hefði þetta þrennt ekki komið til væri hlýnunin rétt tæplega helmingi meiri en raun ber vitni. Koldíoxíð, sem er helsti sökudólgur hlýnunar, er undirstaða alls lífs á jörðinni sem skýrir bindingu kolefnisins sem mikilvægrar leiðar til að vinna gegn hlýnun.

### Stóri hamarinn

Hvaða máli skiptir binding kolefnis? Á hverju ári sendum við frá okkur níu milljarða tonna af kolefni út í andrúmsloftið, en náttúran sér um að binda 60% af því. Á þessu sést mikilvægi kolefnisbindingar í samhengi við umræðuna um loftslagsmál.

„Það er engin önnur varanleg lausn til að bregðast við þessum vanda en að finna nýjan orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis," sagði Bjarni og bætti við að með því að beita aðferðum við að draga gróðurhúsalofttegundir úr andrúmsloftinu gæti mannkyn keypt sér tíma til að finna varanlegar tæknilausnir. Hvað áhrif hlýnunar varðar bætti Bjarni við, til að kveða niður drauga í umræðunni: „Loftlagsáhrifin munu ekki koma eins og hamar sem brýtur samfélög, þetta eru hægvirkar breytingar sem fyrst og síðast munu sjást í meiri óstöðugleika."



**ROFABARÐ** Með því að græða upp land og klæða það skógi má vinna stóra sigra gegn hlýnun jarðar. MYND/ÞRÖSTUR EYSTEINSSON

### Tækifærin á Íslandi

Í fleiri en einu erindi kom fram að helsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda hérlendis væru samgöngur á sjó og landi. Þar liggja sóknarfæri íslenskra fyrirtækja ekki síst til að sýna hug sinn í verki.

Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá Samtökum iðnaðarins, sagði atvinnulífið vera stóran hluta vandans því þar væri stór uppspretta gróðurhúsalofttegunda, en á sama hátt væri það mikið hreyfiafl sem gæti skilað stórtækasta árangrinum. Hún tók stóriðju sem dæmi um framþróun og góðan árangur við að minnka losun. Losun á hvert tonn af áli sem framleitt er hér á landi hefur minnkað um 70% frá því árið 1990 – en heildarlosunin hefur aukist samhliða mun meiri framleiðslu. Bryndís sagði erfitt að minnka losun frá áliðnaði því tæknilega yrði vart náð lengra. Hins vegar er því svarað með samstarfi í verkefnum í landgræðslu, skógrækt og fleiru sem skilar kolefnisbindingu á móti útblæstri. Bryndís sagðist binda miklar vonir við orkuskipti í samgöngum og sú þróun sem farin væri af stað yrði ekki stöðvuð úr þessu.

Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, benti á að losun vegna orkuframleiðslu hér á landi væri óveruleg, öfugt við helstu uppsprettuna erlendis með kola- og olíukynntum orkuverum. Útstreymi frá jarðgufuvirkjunum er 75% af heildarlosun frá starfsemi Landsvirkjunar, losun frá lónum er 24% af heildarlosun og 1% frá brennslu jarðefnaeldsneytis, frá rafbúnaði og urðun úrgangs. Til að mæta þessu vinnur Landsvirkjun með Landgræðslunni, Skógræktinni og Kolviðum að bindingu kolefna með margvíslegum verkefnum.



> „Það er engin önnur varanleg lausn til að bregðast við þessum vanda en að finna nýjan orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis
>
> *Bjarni Diðrik Sigurðsson prófessor*


## AÐALFUNDUR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. verður haldinn fimmtudaginn 26. mars 2015 kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík.

**DRÖG AÐ DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2014
4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
5. Kosning stjórnar félagsins
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
7. Kosning endurskoðenda
8. Önnur mál, löglega upp borin

**REGLUR UM ÞÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM**

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, þar til endanleg dagskrá og tillögur birtast tveimur vikum fyrir fundinn. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.is/investors/agm

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu. Hluthafar geta fengið atkvæðaseðla senda til sín, en einnig má nálgast þá í höfuðstöðvum félagsins þar sem greiða má atkvæði alla virka daga milli kl. 9:00 og 16:30. Atkvæðin skulu berast félaginu fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta veitt skriflegt umboð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík umboð skulu berast félaginu áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.is/investors/agm

**AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.is/investors/agm

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:30.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 má tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 5. mars 2015

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is


Róbert Marshall gagnrýnir aðgerðaleysið:

## Málefni geðsjúkra fanga í ólestri

**STJÓRNMÁL** Í gær voru sérstakar umræður um málefni geðsjúkra fanga á Alþingi.

Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, rifjaði upp málefni fanga með alvarlegan geðsjúkdóm sem dvaldi lengur í einangrunarvarðhaldi en hollt getur talist fyrir nokkra manneskju, eða í meira en tvo mánuði. Málefni fangans urðu ljós fyrir tveimur árum og var fjallað um aðstæður hans í Kastljósi. Enn hefur ekkert verið gert til að færa málefni geðsjúkra fanga í rétt horf þrátt fyrir að umboðsmaður Alþingis hafi beint tilmælum til bæði innanríkis- og velferðarráðherra og Fangelsismálastofnunar. Enginn geðlæknir starfar nú á Litla-Hrauni.

„Ég átti bágt með að trúa því að það gæti gerst á okkar landi að nokkur maður gæti verið hafður í einangrunarvarðhaldi í rúma tvo mánuði, en svo er víst."



**ENGINN GEÐLÆKNIR** Á Litla Hrauni er enginn starfandi geðlæknir. Róbert Marshall gagnrýnir aðgerðarleysi stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagði málaflokkinn þann erfiðasta sem ráðuneytið hefur tekist á við. „Staðan núna er sú að það er enginn geðlæknir starfandi á Litla-Hrauni, það hefur verið vandasamt að fá geðlækni þangað til starfa."

- kbg

Svæði án kvenna í barneign nánast dauðadæmd:

## Spyr um ómskoðun

**ALÞINGI** „Það vita það allir að ef konur á barneignaraldri vilja ekki búa á svæði þá er það nánast dauðadómur," segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, um þá staðreynd að ekki er boðið upp á ómskoðun fyrir verðandi mæður á Vestfjörðum.

Fréttablaðið greindi frá því og það varð Sigríði tilefni til að reifa málið á Alþingi og senda Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra fyrirspurn um málið.

Sigríður spyr hvaða þjónusta barnshafandi konum sé veitt á heilbrigðisstofnunum og hver þátttaka ríkisins sé vegna ferða- og gistikostnaðar þurfi þær að sækja þjónustu utan starfstöðva heilbrigðisstofnana.

„Það skiptir auðvitað mjög miklu máli, þó ekki sé hægt að halda uppi fæðingarþjónustu alls staðar við barnshafandi mæður, að hún sé sem best og þær þurfi ekki í tíma og ótíma að vera að fara út af mjög eðlilegum og einföldum skoðunum í raun og veru, um langan veg með ærnum tilkostnaði og vinnutapi," segir Sigríður í samtali við Fréttablaðið.



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

- kóp



# HOLI

fimm rétta hátíðarmatseðill

*5.990 kr. mán.-mið.*
*6.990 kr. fim.-sun.*

### *FORRÉTTUR*

**Kottayam Tiger Prawn**
*Snöggeldaðar risarækjur í kóríander, chillí, karrýlaufum og sinnepsfræjum*

### *AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marínerað í kúmíni, engiferi og garam masala - grillað í Tandoori ofninum*
*og*
**Lasooni Murgh**
*Grillaðar kjúklingalundir, maríneraðar í hvítlauk, kúmíni og grænum chillí*
*og*
**Shahi Kurma**
*Blandað grænmeti, eldað í ríkulegri sósu með kanil, kardimommum og negul*

### *MEÐLÆTI*

*Hvítlauks Naan-brauð*
*Raitha jógúrtsósa*
*Basmati-hrísgrjón*

### *EFTIRRÉTTUR*

*Kulfi - heimalagaður indverskur pistasíuís með saffran*







# HOLI-hátíð hjá Austur-Indíafjelaginu

## Gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku HOLI-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi fram í apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI-hátíðarmatseðli á frábæru verði: **5.990 kr.** mán.-mið. og **6.990 kr.** fim.-sun.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: 552-1630** Hverfisgata 56 Opið: sun.-fim. 17:30 - 22:00 og fös.-lau. 17:30 - 23:00



**ZAATARI-BÚÐIRNAR** Þegar mest var bjuggu um 200.000 manns í tjöldum í Zaatari-búðunum. Í heildina búa 3.838.035 manns í flóttamannabúðum í Írak, Jórdaníu, Líbanon og Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/TAMARA BAARI

# Ringulreið í flóttamannabúðum

Fjögur ár eru liðin frá því að styrjöldin í Sýrlandi hófst. Milljónir flóttamanna eru í nágrannalöndunum Líbanon, Tyrklandi, Jórdaníu og Írak. Neyðarsöfnun UNICEF og Fatímusjóðsins hefst í dag. Söfnunarféð á að nota til að styrkja menntun barna í flóttamannabúðum í Jórdaníu.

**FLÓTTAFÓLK** Um þessar mundir eru fjögur ár liðin frá því að borgarastyrjöldin í Sýrlandi hófst. Ekkert lát er á átökunum sem nú hafa kostað meira en 200 þúsund manns lífið.

Meira en 7,5 milljónir manna hafa hrakist á flótta vegna átakanna, en það er hátt í helmingur allra íbúa landsins. Meira en 3,8 milljónir þeirra hafa flúið land, flestir til nágrannalandanna, Líbanons, Tyrklands, Jórdaníu og Íraks. Sameinuðu þjóðirnar segja þetta stærsta flóttamannavanda sögunnar.

Í Jórdaníu eru meira en 800 þúsund flóttamenn frá Sýrlandi, þar af meira en 220 þúsund börn á skólaaldri.

Flóttamannabúðir þekja þar stór svæði og meðal þeirra stærstu eru Zaatari-búðirnar, sem eru skammt frá landamærum Sýrlands. Þar búa meira en 80 þúsund manns, sem sumir hafa verið þarna í meira en þrjú ár.

„Það er engin leið að gera fólki grein fyrir því hversu stórt vandamál þetta er og hversu margir streyma inn til Jórdaníu. Þetta eru ekki bara börn og fólk í flóttamannabúðunum, það eru þúsundir annarra komnir inn í landið og það fólk kemst ekki í skóla eða inn í neitt kerfi,“ segir Tamara Baari, ung kona sem á íslenska móður og jórdanskan föður en hefur búið hér á Íslandi síðan 2007.

Hún heimsótti Zaatari-búðirnar árið 2013 á ferð sinni um Jórdaníu og segir upplifunina hafa verið áhrifamikla.

„Flóttamannabúðirnar eru í raun stór bær, með ákveðnu skipulagi sem í ríkir samt algjör lögleysa, eiginlega algjör ringulreið. Glæpir eru algengir og því miður nauðganir líka, það er erfitt að lýsa upplifuninni en bjargarleysi og vanmáttur er það sem var mér efst í huga,“ segir Tamara, en það var hún sem tók myndirnar hér á síðunni.

Í tilefni þess að fjögur ár eru liðin frá upphafi átakanna hefst í dag neyðarsöfnun á vegum UNICEF í samstarfi við Fatímusjóðinn, sem Jóhanna Kristjónsdóttir stofnaði árið 2005. Upphaflega var sjóðurinn stofnaður til að styrkja börn í Jemen til náms en hann hefur síðan styrkt ýmis mannúðarverkefni í Miðausturlöndum.

Að þessu sinni er safnað fyrir menntun barna í flóttamannabúðum í Jórdaníu. Með því að senda SMS-ið BARN í símanúmerið 1900 sem kostar 1.490 kr. gefur fólk einn pakka af skólagögnum fyrir sýrlenskt flóttabarn.

gudsteinn@frettabladid.is



**BÝR TIL FLUGDREKA** Þegar efniviður til leikja er af skornum skammti er hvað sem er notað. Þessi drengur situr við flugdrekasmíð úr rusli sem hann fann.




**ÞESSAR STÚLKUR GANGA Í SKÓLA REKINN AF UNICEF** Á árinu 2014 gengu 127.857 flóttabörn í skóla sem UNICEF rekur í flóttamannabúðum í Jórdaníu.



**SKÓLINN GEFUR VON** Börnin sem Tamara hitti sögðu öll að skólinn gæfi þeim von og sögðust öll vilja fá að halda áfram að læra.



**BÖRNIN LEIKA SÉR** Börn finna sér ýmislegt að gera í eyðimörkinni.



**Á LEIÐINNI Í SKÓLANN** UNICEF og samstarfsaðilar leggja allt kapp á að gera hversdagsleikann bærilegri fyrir þessi börn sem mörg hver hafa upplifað ólýsanlegar hörmungar, ástvinamissi og erfiðleika.

**Á GANGI Í EYÐIMÖRKINNI Í JÓRDANÍU** Tveir ungir strákar á gangi í eyðimörkinni í Jórdaníu.



# DEBENHAMS



# 20%
AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM TÖSKUM & SKÓM FYRIR DÖMUR, HERRA & BÖRN

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11 - 21 í dag

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




NISSAN QASHQAI TEKNA
Nýskr. 03/14, ekinn 16 þús. km. dísil, beinskiptur.
Rnr. 142750.

Frábært verð!
4.970 þús.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 35 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.190 þús.
Rnr. 281279.



NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 11/13, ekinn 13 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.150 þús.
Rnr. 120611.



NISSAN X-TRAIL LE
Nýskr. 11/13, ekinn 17 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.990 þús.
Rnr. 142737.



HYUNDAI iX35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 42 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.980 þús.
Rnr. 142740.



CHEVROLET CAPTIVA
Nýskr. 12/10, ekinn 63 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.880 þús.
Rnr. 142751.



BMW X5
Nýskr. 09/11, ekinn 55 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 8.980 þús.
Rnr. 102498.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

Unnið að samkomulagi um áherslur í skólamálum í Vestmannaeyjum:

# Ætla að bæta árangur nema

Bæjaryfirvöld og skólastjórnendur í Vestmannaeyjum hyggjast vinna að samkomulagi um áherslur í skólamálum næstu árin. Leggja á meginaherslu á að bæta árangur í læsi og stærðfræði, að sögn Ernu Jóhannesdóttur fræðslufulltrúa. „Markmiðið er að verða meðal þeirra fremstu í landinu hvað varðar vellíðan, færni og árangur. Þetta er ekki beint stefna, heldur sýn á það sem við viljum að gerist.“

Að sögn Ernu verður sjónum beint að því að gagnvirkt samstarf verði milli allra skólastiga og milli skóla og heimila. Jafnframt á íhlutun að vera snemmtæk þegar með þarf með stuðningi og hvatningu. Vinna á markvisst að þessum málum fram til ársins 2018. „Við gerum það auðvitað með aðalnámskrá grunnskóla að leiðarljósi,“ tekur Erna fram. „Okkur finnst við ekki hafa verið að ná nógu góðum árangri í könnunum þegar skólar hafa verið bornir saman. Við viljum að allir í samfélaginu vinni að sama markmiði,“ bætir hún við. -ibs



**Í VESTMANNAEYJUM** Gagnvirkt samstarf á að verða milli skólastiga og milli skóla og heimila. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**Í HEIMSÓKN Í PRENTSMIÐJU** Nemendur í sjötta bekk í Grandaskóla heimsóttu Odda ásamt Gunna Helga rithöfundi. Þar sáu þeir bók rithöfundarins koma út úr prentvélunum. MYND/GRÍMUR KOLBEINSSON

# Krökkunum þykir nú töff að lesa bækur

Hugmynd foreldris nemanda í sjötta bekk í Grandaskóla um að fá starfsmenn bókaforlags og rithöfunda til að segja frá því hvernig bók verður til var vel tekið. Nemendur eru núna sjálfir að skrifa bók sem verður prentuð hjá Odda.

„Ég varð þungt hugsi þegar niðurstöður PISA-könnunarinnar komu og ég velti því fyrir mér hvað ég gæti gert sem foreldri og sem starfsmaður í bókaforlagi,“ segir Þórhildur Garðarsdóttir, fjármálastjóri hjá Forlaginu. Hún fékk þá hugmynd að kynna fyrir nemendum í sjötta bekk í Grandaskóla, þar sem hún á sjálf barn, hvernig bók verður til með aðstoð starfsmanna Forlagsins, rithöfunda og prentsmiðju.

„Ég bar upp hugmyndina við skólastjórnendur í maí í fyrra og þeir tóku strax mjög vel í hana og sögðust ætla að fella þetta inn í kennsluna. Verkefnið byrjaði í október síðastliðnum og hefur verið í gangi síðan. Það er æðislegt að sjá að menntakerfið okkar geti verið svona sveigjanlegt. Nú eru krakkarnir að skrifa bók þar sem hver og einn verður með sína sögu og ætlar Oddi að prenta bókina fyrir þau.“

Að sögn Þórhildar kom ritstjóri frá Forlaginu í heimsókn til nemenda og sagði þeim frá samvinnunni við rithöfunda. „Höfundar sem komu í heimsókn greindu frá því hvernig þeir fengju hugmyndir og sögðu einnig frá því að þeir fengju handritið til baka frá ritstjóra bókaforlagsins síns og þyrftu að leggjast í leiðréttingar eins og til dæmis að stytta og breyta orðalagi. Krökkunum fannst það mjög áhugavert og einn kennarinn þeirra sagði mér að þetta hjálpaði henni við að láta krakkana skilja að þau þyrftu að fara aftur yfir ritgerðir og laga eftir að kennarinn gerði athugasemdir en það hafði verið erfitt að fá þau til þess. Hönnuðir komu í heimsókn í skólann og fóru meðal annars yfir það hvernig bókakápur eru gerðar og tóku dæmi um hversu margar tillögur geta legið að baki lokagerðinni.“

Þórhildur segir það vera draum sinn að fleiri skólar taki þátt í svona verkefni. „En þeir þyrftu þá að sækja um þátttöku því að það þarf að vera fullur vilji hjá þeim til þess. Kennarar þurfa að leggja mikið á sig en auk umsjónarkennara koma að verkefninu íslenskukennari, myndmenntakennari og tölvufræðikennari.“

Í tengslum við verkefnið var efnt til sérstaks lestrarátaks hjá nemendunum sem stóð í þrjá mánuði, frá október og út desember. „Að sögn kennara tóku allir krakkarnir framförum og allir juku lestrarhraða sinn, líka þeir sem voru hraðlæsir fyrir en það er víst ekki algengt þegar þau eru orðin svona gömul. Okkur tókst í raun það sem við stefndum að, það er að auka læsi þeirra.“



**Að sögn kennara tóku allir krakkarnir framförum og allir juku lestrarhraða sinn, líka þeir sem voru hraðlæsir fyrir.**

*Þórhildur Garðarsdóttir, fjármálastjóri Forlagsins*

Virkja þurfti foreldra á ný í lestrarátakinu, að því er Þórhildur greinir frá. „Þeir tóku gríðarlega vel í þetta. Þeir þurftu að skrá fjölda blaðsíðna sem krakkarnir lásu heima og hversu lengi þeir lásu en almennt eru foreldrar ekki beðnir um slíkt eftir fjórða bekk.“

Þórhildur kveðst hafa verið með í öllum heimsóknum til krakkanna. „Stemningin var æðisleg og skólastjórnendur eru ánægðir með þetta verkefni sem hefur tekist vonum framar. Krakkarnir ræða mikið um bækur sín á milli og sýna áhuga á bókum sem þeir sjá auglýstar og eru að koma út. Það þykir núna „töff“ að lesa.“

ibs@frettabladid.is




# LANCÔME DAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI 5. – 11. MARS.




Glæsilegur kaupauki þegar keypt er fyrir 8.900 eða meira.

### GULLMOLI FRÁ LANCÔME

GRANDIÔSE maskarinn lengir og þykkir augnhárin sem blævængur og gefur undurfagra sveigju.

**20% AFSLÁTTUR AF**
CUSHION FARÐA, GRANDIÔSE MASKARA OG LANCÔME FARÐAGRUNNUM



Við mælum með farðagrunnunum frá Lancôme. LA BASE PRO er olíulaus og fegrandi farðagrunnur, sem lætur farðann endast allan daginn og undirbýr húðina fyrir fullkomna förðun. Með olíulausum LA BASE PRO PORE ERASER mattar þú sérstök svæði eins og T-svæðið og lokar húðholum. LA BASE PRO HYDRA GLOW tryggir 24 stunda rakagjöf og næringu, mýkir og gefur heilbrigðan ljóma. Undurbúðu húðina eins og fagmaður á aðeins nokkrum sekúndum með hjálp LA BASE PRO farðagrunnanna frá Lancôme.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Fermingar






Allar fartölvur hjá Epli koma með

Íslensku

baklýstu lyklaborði

MacBook Pro Retina 13”
128GB

**Fermingartilboð***

**249.990.-**

Fullt verð: 264.990.-

PÚKI RITVILLUVÖRN FYRIR MAC

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Fermingartilboð gilda til 12. mars 2015.



ICON Sleeve

Fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13” Sérstök höggvörn innan í hulstrinu ver tölvuna gegn skemmdum.

Verð 11.990.-



Leather Slim Sleeve 13”

Hulstur fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13”. Vandað hulstur úr leðri.

Verð 13.980.-



Incase Neoprene Pro Sleeve 13”

Hulstur fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13”. Þú getur hlaðið tölvuna meðan hún er í hulstrinu, því það er sérstakur rennilás til að smeygja MagSafe hleðslusnúrunni í samband.

Verð 6.990.-



Incase Nylon Sling Sleeve 13 - 15”

Taska fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13-15” Nokkrir rúmgóðir vasar fyrir aukahluti, ól til að bera töskuna, innanávasi sem passar m.a. fyrir iPad.

Verð 9.890.-



Knomo Kobe 13-15”

Taska fyrir Macbook Pro/Air/Retina 13-15” Þessi fallega og vandaða leðurtaska er með geymslu-pláss fyrir allt sem þú þarfnast.

Verð 34.990.-



Knomo Troon 13”

Troon frá Knomo er vönduð hliðartaska með sérvarið hólf fyrir allt að 13" fartölvu. Þægileg ól sem hægt er að lengja og stytta.

Verð 14.890.-

**Ókeypis**

námskeið alla laugardaga

**www.epli.is/namskeid**

# tilboð




**Heimilisútgáfa**
**5 notendur**

**Virkar með:**
Microsoft Office
Pages
Keynote
Numbers
Open Office
Text Edit
Mail

## Ritvilluvörnin Púki
fylgir frítt með fermingartilboðum*
**Listaverð: 7.990.-**

## MacBook Air 13”
## 128GB

**Fermingartilboð***
**189.990.-**
Fullt verð: 199.990.-



### beatspill Þráðlaus hátalari
Beats Pill hátalarinn er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er. Gríptu hann með þér og hafðu gott hljóð hvar sem er.
Verð 34.990.-



### beatssolo
Solo2 heyrnartólin eru kraftmikil, tær og færa þig nær þeim gæðum sem tónlistarmaðurinn vill að þú upplifir.
Verð 32.990.-



### olloclip 4 in 1
olloclip 4-in-1 linsan er snilldarlega sérhönnuð fyrir iPhone 6 og 6 Plus.
Verð 11.990.-



### Kreafunk hátalari
Þráðlaus (Bluetooth)
Nettur, fallegur og hljómar vel. Kemur í fallegri viðaröskju. Endist lengi á hleðslunni: allt að 24 klst. á meðalháum hljóðstyrk
Verð frá 10.990.-



### HESH 2 þráðlaus
HESH heyrnartólin frá Skullcandy eru með öflugan bassa og mjög góðan hljóm á þessu frábæra verði. Þráðlaus (Bluetooth) á flottu verði!
Verð 13.890.-



### Apple TV
Varpaðu myndefni og tónlist þráðlaust í sjónvarpið.
Verð 18.990.-

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

## ÞINGSJÁ



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is
Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

## GJALLARHORNIÐ



**Birgir Ármannsson**

***þingmaður Sjálfstæðisflokksins*** um störf forseta vegna áfengisfrumvarps.

„Ef það er meirihluti fyrir þessu máli í þessu þingi meðal þingmanna fær málið framgang. Ef það er ekki meirihluti fyrir því stoppar það á næsta stigi. Eru þeir þingmenn sem bregðast svona harkalega við í þessu máli hugsanlega þeirrar skoðunar að eini möguleiki þeirra til að drepa þetta mál sé í nefnd en ekki í þingsal?



**Birgitta Jónsdóttir**

***þingmaður Pírata*** um málefni geðsjúkra fanga

„Ég vil taka undir með öðrum þingmönnum, að það er mjög mikilvægt að hinn nýi hæstvirti innanríkisráðherra taki á þessum málum af festu. Og ef ég mætti biðja þingmennina í hliðarherbergi að hætta að trufla ráðherrann svo hann geti hlustað á ræðu mína.



**Bjarni Benediktsson**

***fjármálaráðherra*** um störf forseta vegna áfengisfrumvarps.

„Það er eiginlega gaman að því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skuli hafa komið hingað og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon líka sem sömdu um það sín í milli þegar þeir voru í erfiðleikum með eitt mál fyrir ekki löngu að þeir skyldu víkja hvor sínum ráðherranum úr hvorum flokknum fyrir sig til þess að greiða fyrir framgangi málsins.



**Valgerður Bjarnadóttir**

***þingmaður Samfylkingarinnar*** um örnefnalög

„En samandregið þá byggist andstaða mín við frumvarpið á því að mér finnst hin nýja umgjörð, sem ég veit að leysir aðrar lagareglur af hólmi, einkennast um of af ráðstjórnarlegum tilburðum. Það er fyrirkomulag sem mér hugnast almennt ekki og síst af öllu í menningarmálum.



**Steingrímur J. Sigfússon**

***þingmaður Vinstri grænna*** um störf forseta vegna áfengisfrumvarps.

„Það er gagnlegt að hæstvirtur fjármálaráðherra skuli vera svona liðtækur í þessum efnum. Vandinn er sá að brennivín í búðirnar kemur blóðinu á hreyfingu í Sjálfstæðisflokknum, þar slær hjartað, þá loksins vaknar flokkurinn til lífsins. Það er komið að hugsjóninni sjálfri, að koma brennivíninu út um allt og sem víðast.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hvenær má taka mál úr nefnd?

Þingmenn tókust á um það í vikunni hvernig rétt væri að standa að afgreiðslu mála úr nefnd. Tilefnið var afgreiðsla allsherjar- og menntamálanefndar á frumvarpi um áfengi í matvöruverslanir. Nefndin afgreiddi málið með varamönnum. Stór orð voru látin falla í þingsal.

„Við erum að tala um mál sem naut stuðnings tveggja aðalmanna af níu.“ Með þessum orðum lýsti Guðbjartur Hannesson í hnotskurn gagnrýni stjórnarandstöðunnar á afgreiðslu allsherjar- og menntamálanefndar á frumvarpi um verslun með áfengi og tóbak. Nefndin afgreiddi málið til annarrar umræðu á föstudaginn. Þá bar svo við að aðeins sátu tveir aðalmenn fundinn, sjö voru varamenn.

Hvaða máli skiptir það? kann einhver að spyrja. Jú, á yfirborðinu gagnrýnir stjórnarandstaðan meirihlutann fyrir að hafa kallað inn varamenn sem ekki höfðu unnið að málinu inni í nefndinni. Með því fengju nefndarmenn sem lagt hefðu mikla vinnu í málið ekki færi á því að vera með í nefndaráliti, en það fylgir málinu áfram í umræðunni.

Undir niðri er gagnrýnin þó ekki síst sprottin af þeim rótum að óvíst var um það hvort meirihluti væri fyrir því í nefndinni að afgreiða málið til annarrar umræðu. Með því að kalla inn varamenn sem voru á annarri skoðun en aðalmennirnir komst málið hins vegar á rekspöl.

Stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt formann nefndarinnar, Unni Brá Konráðsdóttur, fyrir þessi vinnubrögð.

### Þingsköp eða þýlyndi?

Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann? spurði Jón Hreggviðsson forðum. Þó þingmenn hafi ekki verið í svo tilvistarlegum spurningum hafa þeir verið að velta fyrir sér nokkru sem snertir grunninn í störfum Alþingis; hvenær má afgreiða mál úr nefnd?

Þó það sé ekki sagt berum orðum þá er það viðtekin venja að sum mál séu svæfð í nefnd. Oft og tíðum koma fram umdeild mál sem fáum er akkur í að komi til atkvæðagreiðslu þar sem þurfi að taka endanlega afstöðu til þeirra. Slík mál eru oftar en ekki afgreidd til nefndar eftir fyrstu umræðu og síðan spyrst ekkert til þeirra.

Umræðan síðustu daga hefur að einhverju leyti snúist um þetta. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði það berum orðum í þingpúlti á þriðjudag.

„Háttvirtir þingmenn sem byrja umræðuna vita þetta ósköp vel og eru að setja á svið eitthvert mikið leikrit vegna þess að þeir þola ekki að málið komi til efnislegrar umræðu.“

Bjarni vísaði því á bug að nokkuð annarlegt hefði gerst, þingsköp hefðu verið virt í hvívetna. Undir það tók Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis.

„Forseti vill vegna þeirra óska sem beindust að honum taka það fram að forseti gekk úr skugga um það að farið var í hvívetna að öllum lögum og reglum, bæði þingsköpum og því sem snýr að starfsemi nefndanna.“

Stjórnarandstaðan ber ekki brigður á að farið hafi verið að þingsköpum. Málið snúist hins vegar um að þessum óvenjulegu aðferðum hafi verið beitt vegna þýlyndi við málið sjálft. Löglegt en siðlaust, eins og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir orðaði það.

„Ég harma niðurstöðu forseta á skoðun á þessari afgreiðslu, að þetta sé löglegt en siðlaust, vil ég leyfa mér að segja. Hér eru nefnd dæmi um að þingmenn víki úr nefndum til þess að meirihluti flokka þeirra fái ráðið. Hér er ekki um slíkt að ræða. Hér voru þingmenn í góðri trú þegar þeir áttuðu sig á því að nýta átti fjarveru þeirra til þess að smygla út málum.“



UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR

### Efnislega umræðan

Nú er ljóst að málið verður tekið til efnislegrar umræðu í annarri umræðu. Það gæti reynst athyglisvert að fylgjast með því, þar sem ljóst er að það er ýmsum flokkum erfitt.

Sjálfstæðisflokkur stendur nokkuð heill að baki frumvarpinu, en það er þingmaður hans, Vilhjálmur Árnason, sem leggur það fram. Framsóknarflokkurinn er ekki einhuga í sinni afstöðu og nægir í því efni að vísa til þess að það voru þingmenn Framsóknarflokksins sem voru fjarverandi á umræddum nefndarfundi. Varamennirnir sem afgreiddu málið út úr nefnd komu úr sama flokki.

Vinstri græn hafa í gegnum tíðina verið á móti áfengi í matvöruverslanir og engin breyting er á því. Samfylkingin er hins vegar klofnari í afstöðu sinni og bæði Guðbjartur og Sigríður Ingibjörg voru mjög gagnrýnin í sinni afstöðu. Píratar tala almennt fyrir auknu frelsi og það er eins í þessu máli.

Björt framtíð á í hvað mestum vandræðum með málið. Flokkurinn vill hafa þá ímynd að vera frjálslyndur og nútímalegur flokkur, en innan hans er mikil andstaða við umrætt frumvarp hjá nokkrum þingmönnum. Öðrum þykir sú afstaða lýsa gamaldags forræðishyggju.

Allt þetta kemur í ljós við aðra umræðu málsins. kolbeinn@frettabladid.is

### FERILL FRUMVARPA

**Mál lagt fram**

Tekið á dagskrá | Kemst ekki á dagskrá

**1. umræða fer fram**

Vísað til nefndar

**Þingnefnd leitar umsagna**
getur kallað fólk á fund

Afgreiðir mál til 2. umræðu með nefndaráliti. | Málið aldrei afgreitt úr nefnd

**2. umræða fer fram**
Viðbótarupplýsingar og nefndarálit rædd. Venjan er að þarna fari mesta umræðan fram.

Máli vísað til þriðju umræðu og mögulega þingnefndar á milli.

Þingnefnd vinnur málið áfram.

Samþykkt til þriðju umræðu. | Málið aldrei afgreitt úr nefnd

**3. umræða og atkvæðagreiðsla**

Samþykkt | Fellt

**Lög send frá Alþingi**

---

Umhverfisráðherra svaraði fyrirspurn um matarsóun. Lítið var um bein svör:

# Umfang matarsóunar ókannað

Matarsóun hefur ekki verið skilgreind sérstaklega hér á landi í lögum eða reglugerðum. Þetta kemur fram í svari Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, við fyrirspurn Brynhildar Pétursdóttur, þingmanns Bjartrar framtíðar.

Brynhildur spyr hvort umfang matarsóunar hafi verið mælt hér á landi en fær þær upplýsingar að ekki séu til áreiðanlegar tölur um umfangið.

„Mig grunaði þetta. Ef það á að ráðast á vandann þá þarf að skilgreina hann og hvort matarsóun sé yfirhöfuð vandamál á Íslandi og þá hvar,“ segir Brynhildur í samtali við Fréttablaðið.

Í svarinu kemur þó fram að samkvæmt mælingum Sorpu bs. sé lífrænn niðurbrjótanlegur úrgangur um 45 prósent innihalds heimilisúrgangs. Á árinu 2014 söfnuðust um 30 þúsund tonn af þessum úrgangi frá 84 þúsund heimilum með tæplega 209 þúsund íbúum á höfuðborgarsvæðinu eða sem nemur 65 kílóum á íbúa.

Í ljósi reynslu annarra ríkja og rannsókna sem þar hafa farið fram segir ráðherra að gera verði ráð fyrir að matarsóun sé ekki minna vandamál á Íslandi en annars staðar.

„Þetta er ekki einkamál, þetta er umhverfismál,“ segir Brynhildur. - fbj

**65 kíló**

af lífrænum niðurbrjótanlegum úrgangi kemur frá hverjum íbúa á höfuðborgarsvæðinu til Sorpu.



BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR

**MATARLEIFAR** Mikill lífrænn niðurbrjótanlegur úrgangur fer til Sorpu frá íslenskum heimilum.












# ER FRAMTÍÐ FYRIR HÁSKÓLAMENNTAÐA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI?

**SAMEIGINLEGUR BARÁTTUFUNDUR BHM FÉLAGANNA UM STEFNU RÍKISINS Í KJARAMÁLUM HÁSKÓLAMENNTAÐRA Í AUSTURBÆ Í DAG 5. MARS KL. 15.00**

DAGSKRÁIN VERÐUR TÁKNMÁLSTÚLKUÐ

## FJÖLMENNUM OG SÝNUM SAMSTÖÐU!

Bandalag háskólamanna

Spá Greiningardeildar Arion:

## 24 milljarðar fara til hluthafa

Útlit er fyrir að skráð íslensk félög í Kauphöll Íslands greiði samtals um 24 milljarða til hluthafa nú á vormánuðum. Greiningardeild Arion banka segir þessar arðgreiðslur eða kaup eigin bréfa samsvara um 4,4 prósentum af markaðsvirði félaganna.

Heildarfjárhæð byggir á tillögum sem stjórnir félaganna hyggjast leggja fyrir aðalfundi nú í vor og svo spá Greiningardeildar um arðgreiðslu Haga á þessu ári. Uppgjörstímabil Haga er frábrugðið því sem gerist meðal annarra félaga á markaðinum. - jhh

Eignast hlut í Domino's:

## Lífeyrissjóðir kaupa fjórðung

Framtakssjóðurinn Edda hefur keypt fjórðungshlut í Pizza-Pizza ehf. sem rekur pitsustaði Domino's á Íslandi. Sjóðurinn er rekinn af verðbréfafyrirtækinu Virðingu. Hluthafar í Eddu eru lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar.

Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og sérleyfisveitanda Domino's.

Aðrir eigendur Pizza-Pizza ehf. eru Birgir Þ. Bieltvedt, stjórnarformaður félagsins, og eiginkona hans Eygló Björk Kjartansdóttir, Högni Sigurðsson, Birgir Ö. Birgisson framkvæmdastjóri og nokkrir aðrir lykilstjórnendur Domino's á Íslandi. - jhh

# 7.000 fermetrum yrði bætt við

Norðurál íhugar að hefja framleiðslu á svokölluðum boltum eða börrum. Fjárfesting fyrir 10 milljarða króna. Húsnæðið á Grundartanga myndi stækka um 7.000 fermetra. Markmiðið að auka virði framleiðslunnar.

**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



**Á GRUNDARTANGA** Húsnæði álversins mun stækka ef fyrirhugaðar breytingar verða að veruleika.

Norðurál stefnir að því að hefja framleiðslu á svokölluðum boltum eða börrum. Ef farið verður í slíka framleiðslu mun það þýða allt að 10 milljarða fjárfestingu sem meðal annars væri falin í stækkun á húsnæðinu að Grundartanga um 7.000 fermetra og kaup á tækjum sem yrðu notuð við framleiðsluna.

„Markmiðið er að auka verðmæti útflutnings hjá okkur og skapa okkur sterkari samkeppnisstöðu. Við höfum verið að skoða markaðinn í Evrópu, hvar tækifærin gætu legið. Við teljum að þarna gæti verið tækifæri til þess að auka verðmæti og bæta samkeppnisstöðuna til lengri tíma," segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Þessi viðbótarframleiðsla fæli í sér að öðrum efnum yrði blandað út í álið til þess að gefa því mismunandi eiginleika. „Þarna kemur inn kísilmálmur sem dæmi og ýmis önnur efni eftir atvikum," segir Ragnar. Það fari allt eftir því hvaða vöru menn vilja framleiða. „Það er verið að vinna verkfræðilegan undirbúning, meta kostnað og hanna verkefnin. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun enn þá." Auk þess sem öðrum efnum er blandað í álið fæli þess nýja framleiðsla einnig í sér vörur með ólíka lögun. Framleiddir yrðu sívalningar eða völsunarbarrar.

Einnig segir Ragnar að sú ákvörðun hafi verið tekin í fyrra að hefja framleiðslu á melmi. „Það eru álblöndur sem er ekki búið að steypa í form heldur er það í hleifaformi sem við höfum notað hingað til. Þar er innihaldi vörunnar breytt en ekki forminu. Það er minni fjárfesting en við ráðgerum að selja 50 þúsund tonn af þessu melmi á ári," segir hann. Ragnar bætir því við að þetta auki tekjumöguleika Norðuráls. „Það er aukafjárfesting líka. En við teljum að hún skili sér á ásættanlegum tíma," segir hann. Framleiðsla og sala á melmi hófst núna í janúar en tilraunaframleiðsla á síðasta ári.

Ragnar segir að Norðurál hafi fundið fyrir áhuga frá aðilum sem framleiða felgur undir bíla. Framleiðsla á melminu þýði að þeir geti fengið málm beint frá Norðuráli sem hentar í þá framleiðslu í stað þess að áður hefðu þeir þurft að fara í gegnum milliliði til að fá slíka blöndu. „Við höfum verið að selja ál til bílaframleiðenda eins og Mercedes Benz, en það er þá í gegnum aðra aðila og þarna komumst við skrefi nær endanlegum notanda."

Ragnar segir að það sé mun meiri fjárfesting að baki framleiðslu á boltunum eða börrunum. „Enda ertu þá farinn að blanda og að breyta forminu. Það kostar sitt að breyta forminu. Þetta er fjárfesting upp á 10 milljarða. Það yrði stór bygging og mikill búnaður," segir Ragnar. Til að mynda þyrfti að byggja við og stækka verulega steypuskálann.



> **Við höfum verið að selja ál til bílaframleiðenda eins og Mercedes Benz, en það er þá í gegnum aðra aðila og þarna komumst við skrefi nær endanlegum notanda.**
>
> *Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls*





Fáanlegt á App Store
Kæri iPad eigandi
Nú getur þú lesið enn meira!
Lesum meira
Andrés Önd er skemmtilegasti lestrarkennarinn.
Walt Disney Andrés Önd
Ef þú kemur í áskrift að Andrési Önd núna fylgir áskrift að Andrési Plús með í þrjá mánuði.
Andrés Plús veitir þér aðgang að risastóru safni af Andréssögum í iPad!
Komdu í áskrift núna á www.andrésönd.is
Disney Andrés+
Disney Andrés Önd
www.andrésönd.is

Netanjahú er blindur á bjálkann í eigin auga:

# Til heimabrúks

Ræða Benjamíns Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í öldungadeild Bandaríkjaþings í fyrradag endurspeglar stefnu sem heimsbyggðin hefur mátt horfa upp á áratugum saman af hendi lands hans. Böðlast skal áfram með ófriði, hvað sem tautar og raular.

Í ræðunni fann Netanjahú allt til foráttu viðræðum sem langt eru komnar um kjarnorkuáætlun Írans. Hann hefur raunar í nærri tvo áratugi haft uppi dómsdagsspár um yfirvofandi kjarnorkuvopnaógn sem af Íran stafi, án þess að þar hafi nokkuð gengið eftir. Hann sagði áætlunina (sem enginn veit enn hvernig lítur út) ógna heimsbyggðinni allri. Viðhorf hans hafa mætt heilmikilli gagnrýni á heimsvísu, enda ljóst að samningur og eftirlit í Íran hlýtur fremur að vera steinn í götu þróunar kjarnorkuvopna þar en að flýta fyrir henni. Þannig hefur Obama Bandaríkjaforseti bent á að ekkert nýtt hafi komið fram í ræðunni og engar lausnir þar að finna.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Einhver kynni líka að segja að forsætisráðherra Ísraels sé glöggur á flísina í auga náungans, en blindur á bjálkann í eigin auga. Í það minnsta var ekki að trufla hann feluleikur Ísraels með eigin kjarnorkuvopn, stríðsglæpir og ofbeldi í garð Palestínuaraba og ólögleg landtaka með margítrekuðum brotum á alþjóðasamþykktum og -lögum. Eins kynni líka einhverjum að þykja holur hljómur í herkvaðningu Netanjahús gegn hryðjuverkum, verandi ráðherra ríkis sem á rót stofnunar sinnar í hryðjuverkum og ofbeldisverkum í garð Breta sem áður fóru með landstjórn í Palestínu.

Bandaríkjamönnum til hróss má segja að heimsókn Netanjahús í öldungadeildina var ekki óumdeild. Tugir þingmanna voru fjarverandi, flestir demókratar, auk sjálfs forseta Bandaríkjanna, Baracks Obama. Aðstoðarmenn þingmanna voru hvattir til að fylla auð sæti til þess að forsætisráðherrann þyrfti ekki að hafa hálftóman salinn fyrir augunum. Frekar pínlegt.

Uppistand Netanjahús á Bandaríkjaþingi er hins vegar ástæða til að bregða ljósi á að nú, hálfu ári eftir svívirðilega árásahrinu Ísraels á óbreytta borgara á Gasa sem lauk með vopnahléi í september í fyrra, hefur uppbygging á svæðinu ekki komist af stað á ný svo neinu nemi og herkví Ísraels um Gasa með öllum sínum takmörkunum enn við lýði. Rifja má upp, líkt og gert er í nýrri umfjöllun hjálparsamtakanna Oxfam, að yfir hundrað þúsund heimili Palestínumanna voru eyðilögð í árásunum.

Væntanlega er Netanjahú ljóst að ræða hans á Bandaríkjaþingi kemur ekki til með að skipta nokkru máli varðandi nýjan fjölþjóðasamning við Íran um kjarnorkueftirlit, né heldur hafa áhrif á stuðning Bandaríkjanna við Ísrael. Herská ræða hans er til heimabrúks í komandi þingkosningum í Ísrael, sem fram fara eftir um hálfan mánuð. Óskandi er að herskáir ofbeldismenn zíonismans, á borð við Benjamín Netanjahú, beri skarðan hlut frá borði í þessum kosningum og til valda komist skynsamt fólk sem getur látið af ofbeldi og ofríki í garð nágranna sinna í Palestínu. En líkast til er það langsótt.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Barnsleg og einlæg sjálfumgleði

Ekki skal það selt dýrara verði en látið var fyrir í upphafi kaupferils, en sú saga gengur fjöllunum hærra að RÚV hafi opnað nýjan vef í vikunni. Það er alltaf gaman og fallegt að fylgjast með fólki sem er ánægt með eigin störf, til eru þeir sem enn tala um handrið sem þeir smíðuðu og settu upp fyrir tuttugu árum og sjá má á göngustígum borgarinnar. Barnsleg gleði yfir eigin verkum er einmitt það, barnsleg – og börn eru krútt. Daginn sem vefurinn var opnaður mátti heyra nýmiðlastjóra RÚV útlista kosti nýju síðunnar í morgunfréttum, öðrum morgunfréttum, Morgunútgáfunni og Virkum morgnum (já, morgundagskrá RÚV leggur áherslu á morgnana í þáttaheitum) og svo var hann kynntur til sögunnar í hádegisfréttum. Um dagskrá nýmiðlastjórans eftir hádegi er ekki vitað, þar sem almenn störf trufluðu hlustun þess er hér ritar.

### Til hamingju Ísland

Fáir glöddust jafn mikið og Elísabet Ólafsdóttir, samskiptafrömuður RÚV. RÚV óskaði þjóðinni til hamingju með RÚV á Facebook-síðu RÚV með orðunum: „Til hamingju Ísland!“ En að allt öðru. Einu sinni var stjórnmálamaður í Bandaríkjunum sem heitir Al Gore. Hann álpaðist til þess að láta sem hann hefði átt mikinn þátt í umbyltingu internetsins, en uppskar ekkert nema hlátur og hæðnisglott.



### Hættum þessu spéi

Össur Skarphéðinsson er ekki vanur að liggja á skoðunum sínum. Hann ræddi á þingi í gær eitt af hjartans málum sínum, vöxt og viðgang lífríkisins í Þingvallavatni, en þó sérstaklega urriðans. Og svo virtist sem Össuri leiddist karp samþingsmanna sinna um ómerkilega hluti, að minnsta kosti hóf hann mál sitt á þessum orðum: „Herra forseti. Það er sannarlega tímabært að Alþingi taki upp alvöru mál.“ Skemmtilega einlæg opnun á hjartans mál þingmannsins.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




# Misskilningur í postulínsbúðinni

SAMKEPPNI



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ríkisfyrirtækisins Íslandspósts (ÍSP), gerði því skóna í viðtali í Fréttablaðinu á þriðjudag að gagnrýni greinarhöfundar á starfsemi fyrirtækisins væri á misskilningi byggð.

Það er á forstjóranum að skilja að aðskilnaður einkaréttarstarfsemi og samkeppnisrekstrar hjá Íslandspósti sé óskaplega flókinn. Lögin eru hins vegar einföld. Það má ekki niðurgreiða samkeppnisrekstur með tekjum af einkarétti. Í ákvörðun 18/2013 hafnaði Póst- og fjarskiptastofnun forsendum og útreikningum Íslandspósts á kostnaði sem er millifærður frá samkeppnisrekstri yfir á einkarétt. Stofnunin taldi að ÍSP yrði að gera betur grein fyrir ástæðum taprekstrar í einstökum þjónustuflokkum í samkeppnisrekstri, þannig að unnt væri að meta hvort verið væri að niðurgreiða samkeppni við einkaaðila. Fyrirtækið hefur enn ekki gert hreint fyrir sínum dyrum hvað þetta varðar.

Það er því misskilningur hjá forstjóranum þegar hann segir að hann hafi „ekki fengið neinar meldingar frá eftirlitsaðilum okkar um að við séum að gera eitthvað rangt“. PFS hefur gert margvíslegar athugasemdir við bókhald og fjárhagslegan aðskilnað. Samkeppniseftirlitið hefur beitt bráðabirgðaákvörðunum, hótað dagsektum og sent félaginu andmælaskjal, þar sem kemur skýrt fram að stofnunin telji samkeppnisbrot hafa átt sér stað.

Forstjórinn heldur því síðan fram að sáttameðferðin, sem ÍSP hefur undirgengizt hjá samkeppnisyfirvöldum, feli ekki í sér að nein samkeppnisbrot hafi verið framin, heldur sé „tilraun til að skýra málin“. Sáttameðferð samkvæmt 17. grein f. í samkeppnislögum hefst hins vegar ekki nema talið sé að samkeppnisbrot hafi átt sér stað og viðkomandi fyrirtæki samþykki að undirgangast sátt.

Loks uppástendur forstjórinn að Íslandspóstur eigi í raun enga keppinauta: „Það er hægt að segja við fólk að við séum á kafi í samkeppni en það er bara enginn sem við erum að keppa við.“ Það er ákaflega hæpið að keppinautar Íslandspósts, til dæmis í prentþjónustu, gagnageymslu, flutningsmiðlun, sendibílaþjónustu eða póstdreifingu, skrifi upp á að þeir séu ekki til.

Hér er ástæða til að ítreka spurninguna úr fyrri grein: Á löggjafinn að láta ríkisfyrirtæki ganga þannig laust eins og fíl í postulínsbúð, í ósanngjarnri samkeppni við einkafyrirtæki? Alveg sérstaklega þegar æðsti stjórnandi þess er haldinn svona alvarlegum misskilningi um að hann hafi ekkert gert af sér?

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lýðræði í vörn



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor

Lýðræði er ein allra snjallasta uppfinning mannsandans frá öndverðu – líkt og eldurinn, hjólið og hjónabandið. Hvers vegna? Hvað er svona merkilegt við lýðræði? Spurningin svarar sér ekki sjálf, a.m.k. ekki til fulls. Svar mitt er þetta. Lýðræði hefur reynzt vel á heildina litið, einkum með því að efla mannréttindi og skapa skilyrði til batnandi lífskjara í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, hitti naglann á höfuðið, þegar hann sagði: „Lýðræði er versta stjórnarfar, sem hugsazt getur, en allt hitt er verra." Hann áttaði sig á veikleikunum og sagði: „Bezta röksemdin gegn lýðræði er fimm mínútna samtal við venjulegan kjósanda."

### Úr sókn …

Fyrir 72 árum, 1943, voru lýðræðisríki Evrópu aðeins fimm talsins: Bretland, Írland, Ísland, Sviss og Svíþjóð. Við stríðslokin 1945 gerbreyttist landslagið í álfunni. Evrópa hefur æ síðan ásamt Bandaríkjunum, Indlandi og Japan verið fyrirmynd fjölmargra þjóða að lýðræðislegum stjórnarháttum víða um heiminn. Lýðræðisríki í Afríku voru ekki nema fimm fyrstu 30 árin eftir sjálfstæðistöku Afríkulandanna um og eftir 1960, en nú eru þau sautján talsins, þriðjungur allra landa álfunnar. Það er framför. Sömu sögu er að segja frá Suður-Ameríku. Þar voru þrjú lýðræðisríki af tíu ríkjum alls um 1960, og nú eru lýðræðisríkin átta af tíu. Framsókn lýðræðisins frá stríðslokum 1945 hefur haldizt í hendur við mestu lífskjarabyltingu mannkynssögunnar. Aldrei fyrr hefur jafnmörgu fólki – milljörðum manna! – tekizt að kasta af sér hlekkjum örbirgðar og öðlast eða eygja a.m.k. von um sómasamleg lífskjör handa sjálfum sér og afkomendum sínum. Hagtölur vitna um framförina. Enn skýrari vitnisburði er að finna í ýmsum öðrum staðtölum, t.d. um fjölskyldustærð og langlífi. Árið 1960 fæddi hver kona fimm börn að jafnaði í heiminum öllum, en nú er talan komin niður í tvö og hálft barn á hverja konu. Enn skýrara er mynstrið á einstökum svæðum, t.d. í Suður-Ameríku, þar sem barnsfæðingum á hverja konu að meðaltali hefur fækkað á sama tíma úr sex í röskar tvær, í arabalöndum (úr 7 í 3) og í Asíu (úr 5 til 6 í 2 til 3). Þetta skiptir máli, þar eð sókn fátæks fólks til betri lífskjara snýst öðrum þræði um að breyta stuttum ævum í stórum fjölskyldum í langar ævir í litlum fjölskyldum. Litlar fjölskyldur í fátækum löndum veita foreldrum kost á að senda öll börnin sín í skóla, ekki bara elzta soninn. Þetta skiptir sköpum á heildina litið. Jafnvel á OECD-svæðinu, þar sem iðnríkin eru saman komin, hefur barnsfæðingum á hverja konu að jafnaði fækkað úr 3,2 1960 í 1,8 nú. Fólkinu heldur samt áfram að fjölga lítils háttar í iðnríkjunum fyrir tilstilli innflytjenda. Meðalævi jarðarbúa hefur lengzt um fjóra til fimm mánuði á ári frá 1960. Þá var hún 52 ár, en er nú 71 ár og heldur áfram að lengjast.

### … í vörn

Árið 1989 voru lýðræðisríki heimsins um 70 talsins. Um aldamótin 2000 voru þau orðin 120 (hér styðst ég við tölur frá Freedom House, sem hefur birt landakort af þróun lýðræðis um heiminn frá 1989). Fjölgun í hópi lýðræðisríkja um 50 á aðeins 15 árum stafaði öðrum þræði af skipbroti kommúnismans í Mið- og Austur-Evrópu, en einnig af framsókn lýðræðisins í öðrum heimshlutum. Eftir þetta sló í bakseglin. Ekki færri en 22 lönd hafa dregið úr eða snúið baki við lýðræði frá aldamótum, þar á meðal Rússland, Taíland, Bangladess, Kenía og Tyrkland, ýmist með mannréttindabrotum eða valdaráni. Engin fjölgun hefur átt sér stað í hópi lýðræðisríkja frá 2006.

> Ekki færri en 22 lönd hafa dregið úr eða snúið baki við lýðræði frá aldamótum, þar á meðal Rússland, Taíland, Bangladess, Kenía og Tyrkland, ýmist með mannréttindabrotum eða valdaráni.

### Víti til varnaðar

Hvernig gat þetta gerzt? Ein hugsanleg skýring er, að Kínverjar fara um heiminn, bjóða gull og græna skóga, berja sér á brjóst og segja: Við þurfum ekki lýðræði til að vaxa hratt, ekki þið heldur. Sterk bein þarf til að standast slíkan boðskap. Önnur skýring er, að lýðræði á undir högg að sækja jafnvel þar sem sízt skyldi. Demókratar á Bandaríkjaþingi saka repúblikana um að grafa undan lýðræðinu. Tyrkir dansa nú líkt og Rússar í kringum forseta, sem sýnir skýra gerræðistilburði og lætur sér mannréttindi í léttu rúmi liggja. Alþingi Íslendinga bauð kjósendum til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá 20. október 2012. Nýja stjórnarskráin og helztu ákvæði hennar, m.a. um auðlindir í þjóðareigu, jafnt vægi atkvæða og beint lýðræði, voru samþykkt með yfirgnæfandi hluta atkvæða. Samt lætur Alþingi eins og enga brýna þörf beri til að virða vilja kjósenda í málinu. Atlögu Alþingis að lýðræðinu verður að kveða niður með tiltækum ráðum. Samhengið er víti til varnaðar.

## AF NETINU

### Þörf fyrir umboðsmann aldraðra



Stór hópur aldraðra er í stöðugri baráttu við kerfið og fær aldrei aðstoð eða leiðréttingu sinna mála. Þörfin fyrir umboðsmann aldraðra er mikil og nauðsynlegt að þessi hópur geti leitað til eins aðila með spurningar og athugasemdir. Þá hefur mikið vantað upp á að aldraðir hafi talsmann gagnvart stjórnvöldum.

Mörg þessara mála tengjast lífeyrismálum, skattamálum, búsetu o.sv.frv. Í slíkum tilvikum hefði umboðsmaður mikilvægt hlutverk.

Gert er ráð fyrir að 67 ára og eldri fjölgi um rúmlega 26.000 á næstu 15 árum, eða um 71%. Talið er að 80 ára og eldri fjölgi um tæplega 6.600, eða um 55%. Þörfin fyrir umboðsmann hefur aldrei verið ríkari en nú.

Almennt er ég ekki fylgjandi því að stofnunum ríkisins sé fjölgað. Umboðsmenn hafa hins vegar sannað gildi sitt og aldraðir þurfa á slíkum talsmanni að halda.

http://blog.pressan.is

*Karl Garðarsson*

# Uppskeruhátíð listmenntunar



MENNTUN
Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir
dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og oddviti kjörsviðsins Tónlist, leiklist og dans

Íslensku tónlistarverðlaunin og Eddan minna okkur á hvað við eigum mikinn fjársjóð í fjölbreyttu listafólki. Athygli vakti Hera Hilmarsdóttir sem tók við verðlaunum á Eddunni. Hún þakkaði sérstaklega kennurum sínum úr grunnskóla, þeim Herdísi Egilsdóttur í Ísaksskóla og Önnu Flosadóttur, leiklistarkennara í Hlíðaskóla. Þessar merkiskonur snertu unga listamannssálina. Líklega fáum við aldrei að vita hversu margir af fyrrum nemendur standa í þakkarskuld við þessar hæfileikakonur sem völdu grunnskólann sem starfsvettvang.

Hversu margir muna eftir því að þakka hið góða uppeldi sem á sér stað í grunnskólum landsins? Það þykir ekkert sérlega smart að hampa grunnskólamenntun enda mun algengara að sjá óvægna gagnrýni á grunnskólann sem oft er lítill fótur fyrir.

Áhrifa góðrar grunnskólamenntunar gætir víða. Lagahöfundarnir sem skipa hópinn „Stop, wait, go" og vermdu tvö efstu sætin í forkeppni Sjónvarpsins fyrir Eurovision voru vissulega í Versló eins og fjölmiðlar hafa bent á. Ég bendi hér á að 10 árin áður voru þeir í Hlíðaskóla eins og Hera Hilmarsdóttir og margir fleiri.

Hlíðaskóli hefur lengi lagt áherslu á listir í skólastarfi. Unga fólkið sem hér var nefnt fékk tónmennt tvisvar í viku fyrstu sjö ár skólagöngunnar og settu upp söngleik fyrir foreldra árlega frá því í 1. bekk. Vikuleg danskennsla og leiklistarkennsla í lotum hefur einkennt grunnskólagöngu þeirra auk kennslu í öðrum list- og verkgreinum. Í unglingadeild fengu þau að taka þátt í að semja söngleik og setja á svið frá grunni með öllu sem því tilheyrir og það er ekki lítil menntun sem í því felst.

> ➜ Tökum höndum saman til að tryggja góða menntun og starfsumhverfi list- og verkgreinakennara. Framtíðar okkar vegna.

Hlíðaskóli er ekki einsdæmi. Stór hluti grunnskóla hefur á að skipa stórkostlegum kennurum á sviði list- og verkgreina sem aldrei fá neinar Eddur fyrir störf sín. Meiri hluti grunnskóla leggur metnað í að sinna listmenntun barna vel, en þetta starf fer ekki hátt og hlýtur ekki þá athygli og hrós sem það á skilið.

### Settir skör lægra

Sjálfskipaðir sérfræðingar eiga það til að fullyrða ýmislegt misjafnt um grunnskólann sem ekki stenst skoðun. Mér sárnar fyrir hönd allra þeirra frábæru tónmenntakennara sem starfa í grunnskólum landsins þegar tónlistarskólunum er einum þakkað blómlegt tónlistarlíf landsins. Ófáir tónlistarmenn fengu grunninn að sinni tónlistarmenntun í tónmenntastofunni og margir þeirra áttu skrykkjótta göngu í hefðbundna tónlistarskóla. Um þetta þekki ég fjölmörg dæmi og lesendur væntanlega líka.

Það er því áhyggjuefni að list- og verkgreinakennarar eru, þrátt fyrir allt, settir skör lægra en aðrir kennarar grunnskólans ef litið er til stöðu þeirra í launasamningum. Þeir fá störf sín ekki metin til jafns við bekkjarkennara því samningar halla verulega á þá kennara sem ekki hafa bekkjarumsjón. Það er skömm að því að í skólakerfinu skuli ekki vera skýrari sýn á mikilvægi list- og verkgreinakennara sem hafa svo gríðarlega mikilvægt hlutverk í menntun barna þessa lands. Sömuleiðis veldur nýlegur og væntanlegur niðurskurður í kennaramenntun ugg þar sem ljóst er að minni möguleikar kennara á að sérhæfa sig í faggrein munu koma niður á færni þeirra til að kenna sérstakar námsgreinar eins og list- og verkgreinar.

Þrátt fyrir mýtur um að listkennsla í grunnskólum sé ekki upp á marga fiska eða á leið út úr grunnskólanum þá er þessi kennsla víða blómleg og íslenskir list- og verkgreinakennarar eru, samkvæmt rannsóknum, einna lífseigustu kennararnir í starfi. Þakka ber hversu margir listgreinakennarar vinna starf sitt af alúð og hugsjón.

Listgreinakennarar hlúa að skólabrag og menningu skóla. Þeir halda utan um hefðirnar, hátíðarstundirnar, samsönginn og allt það sem gerir skóla að stað þar sem fólki líður vel. Við megum ekki ganga út frá því sem gefnu að listkennsla haldi þeirri stöðu sem hún hefur haft svo víða í íslenskum grunnskólum. Tökum höndum saman til að tryggja góða menntun og starfsumhverfi list- og verkgreinakennara. Framtíðar okkar vegna.

AF MATSEÐLI VEGAMÓTA

BRUNCH
UM HELGAR
*LAU & SUN FRÁ 11-16*

**Lúxus brunch** 2490
Hrærð egg, beikon, pastramiskinka, camembert, goudaostur, kartöflur, ný bakað brauð, ferskir ávextir, tómat confetti, grískt jógúrt, appelsínusafi og pönnukaka með hlynsírópi.

**Sá breski** 2390
Egg, beikon, bakaðar baunir, grilluð kryddpylsa, kartöflur, ristað brauð og pönnukaka með hlynsýrópi.

**Klassískur Vegamótabrunch** 2390
Beikon og egg, ristað brauð, kartöflur, tómat confetti, grískt jógúrt og pönnukaka með hlynsírópi.

**Léttur heilsubrunch** 2090
Ristað speltbrauð, pastramiskinka, ostsneiðar, kjúklingaskinka, harðsoðið egg, tómatar, agúrka, ferskir ávextir og grískt jógúrt.

**BARNA BRUNCH** 990
Pylsur, steikt egg, beikon, grískt jógúrt, brauð og pönnukaka.

Íspinni fylgir barna brunch



VEGAMÓT
KITCHEN | BAR

Vegamótastíg
101 Reykjavík
s. 511 3040
vegamot.is

# Að gefa von

HJÁLPARSTARF



**Bergsteinn Jónsson**
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

**➜ Börn eiga aldrei sök í stríði en engu að síður eru það þau sem bera mestan skaða af. Þín hjálp getur veitt flóttabarni frá Sýrlandi von og betri framtíð.**

Stríðið í Sýrlandi hófst 15. mars 2011. Á þeim fjórum árum sem senn eru liðin frá upphafi átakanna hafa 7,5 milljónir barna neyðst til að flýja skelfilegt ofbeldi og átök og yfirgefa heimili sín. Stór hluti þeirra er á vergangi innan heimalandsins en tæpar tvær milljónir barna hafa flúið yfir til nágrannaríkjanna. Á bak við þessar sorglegu tölur eru raunveruleg börn af holdi og blóði.

Börn sem eiga sér drauma og vonir um hvað þau vilja verða þegar þau verða stór. Því stríð rænir börn ekki aðeins æsku þeirra heldur varpar það líka skugga á möguleika þeirra fyrir framtíðina.

Með ómetanlegri hjálp heimsforeldra og fleiri sem stutt hafa neyðarhjálp UNICEF, höfum við veitt börnum frá Sýrlandi lífsnauðsynlega aðstoð allt frá upphafi átakanna. Hjálp á borð við vatn, heilsugæslu, hlý föt, næringu, sálrænan stuðning og menntun. Menntun er ef til vill ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar neyðarhjálp er nefnd. Skólaganga skiptir hins vegar ekki aðeins máli fyrir framtíðarmöguleika barna heldur skapar skólinn einnig mikilvægan, fastan punkt í tilveru sem hefur verið umturnað í ringulreið stríðsins. Menntun verður enn mikilvægari þegar neyðarástand varir í marga mánuði. Mörg ár.

Í dag hefst neyðarsöfnun UNICEF og Fatimusjóðsins fyrir menntun og framtíð sýrlenskra flóttabarna. Okkar von er að þessi börn verði hluti af þeirri kynslóð sem fær það gífurlega stóra hlutverk að byggja sýrlenskt samfélag upp á nýjan leik. Börn dagsins í dag eru læknar, smiðir, kennarar og verkfræðingar framtíðarinnar. En þau þurfa hjálp. Einfaldur pakki af skólagögnum gefur gleði og von og getur endurvakið drauma fyrir framtíðina. Þú getur lagt þitt af mörkum til neyðarsöfnunar UNICEF og Fatimusjóðsins með því að senda sms-ið BARN í númerið 1900 (1.490 krónur) og gefið flóttabarni pakka af skólagögnum, eða styrkt um frjálst framlag á reikning UNICEF á Íslandi eða Fatimusjóðs. Börn eiga aldrei sök í stríði en engu að síður eru það þau sem bera mestan skaða af. Þín hjálp getur veitt flóttabarni frá Sýrlandi von og betri framtíð.

# Um fjölmiðla

FJÖLMIÐLAR



**Sölvi Jónsson**
starfar með fötluðum

**➜ Fjölmiðlar eru í raun ótrúlega miðstýrt fyrirbæri. Ef eitthvað fer í einn af stóru fjölmiðlunum, t.d. BBC eða CNN, þá er það fljótt komið í flesta/alla aðra vestræna fjölmiðla.**

Við lifum á tímum þar sem auður jarðar safnast á sífellt færri hendur. Ríkustu 80 menn heimsins eiga jafn mikið og fátækustu 3,5 milljarðarnir. Moldríka 1% á nú nálægt helmingi alls auðs jarðarinnar. Sex stórfyrirtæki eiga 90% fjölmiðla í Bandaríkjunum. Eignarhald á fjölmiðlum ræður gríðarlega miklu um fréttaflutning þeirra. Kannski ættum við að fara varlega í að treysta fréttaflutningi fjölmiðla sem eru í eigu manna sem taka stöðugt meira til sín?

Fréttaflutningur fjölmiðla stjórnast líka af auglýsingastyrkjum. Lyfja- og matvælafyrirtæki auglýsa gríðarlega mikið í fjölmiðlum. Sjáum við sem dæmi einhvern tímann ádeilu á erfðabreytt matvæli eða lyfjaiðnaðinn í fjölmiðlum?

Fjölmiðlar eru í raun ótrúlega miðstýrt fyrirbæri. Ef eitthvað fer í einn af stóru fjölmiðlunum, t.d. BBC eða CNN, þá er það fljótt komið í flesta/alla aðra vestræna fjölmiðla. Sama þótt fréttin sé röng! Eitt dæmi af mörgum um þetta er frá síðasta sumri þegar fréttamaður BBC sagðist hafa séð rússneska herflutningalest fara yfir landamæri Rússlands inn í Úkraínu, forsætisráðherra Úkraínu sagði síðan að herflutningalestinni hefði að mestu verið eytt af úkraínska stjórnarhernum. Þegar hvorugt af þessu reyndist hins vegar vera rétt þá gufaði fréttin hreinlega upp. Fjölmiðlar báðust ekki afsökunar á röngum fréttaflutningi. Það var einfaldlega ekki orð um þetta meir! Skaðinn var hins vegar skeður vegna þess að þetta var rétt fyrir fund Bandaríkjaforseta og nokkurra leiðtoga Evrópuríkja þar sem tekin var ákvörðun um að herða á viðskiptaþvingunum gagnvart Rússlandi.

### Gagnrýnislausir

Fjölmiðlar mega heita algjörlega gagnrýnislausir á vestræna þjóðarleiðtoga (t.d. Bandaríkjaforseta) og leiðtoga alþjóðastofnana (t.d. NATO). Þessir háu herrar hafa mjög greiðan aðgang að fjölmiðlum. Er einhvern tímann efast um orð þeirra?

Ástralski rannsóknarblaðamaðurinn John Pilger sýnir í heimildarmynd sinni: „The War You Don't See“, hvernig fjölmiðlar eru notaðir til að reka stríðsáróður. M.a. með viðtölum við fréttamenn sem viðurkenna að hafa farið með rangan fréttaflutning. Til að fara í stríð þarf samþykki almennings og þar gegna fjölmiðlar veigamiklu hlutverki með einhliða fréttamennsku sinni og áróðri gegn ríkjum sem Vesturveldin hafa ákveðið að gera að skotmörkum sínum. Það þarf með öðrum orðum að markaðssetja stríð. Heimildarmynd Pilgers var sýnd á síðustu RIFF-kvikmyndahátíð og hana er að finna á johnpilger.com og YouTube. Það velkist ekki nokkur maður í vafa um hlutdrægni fjölmiðla eftir að hafa horft á þessa mynd.

Hvað er til ráða? Fylgjast með fjölmiðlum með gagnrýnu hugarfari eða þá bara hreinlega loka fyrir þá. Fara á netið og afla sér upplýsinga í gegnum óháðar fréttasíður. Fréttasíður sem eru öllum opnar og treysta á styrki almennings, ekki fyrirtækja, og reiða sig sáralítið eða ekkert á auglýsingatekjur. Góðir upphafspunktar eru t.d. fréttamiðlar eins og consortiumnews.com og globalresearch.ca. Þá má nefna sjálfstæða rannsóknarblaðamenn eins og t.d. Robert Parry, John Pilger, Michel Chossudovsky og Paul Craig Roberts. Fólk finnur sjálft hvað það vill lesa þegar það er komið af stað.

# Hvað laðar að mér skúrka?

HEILBRIGÐISMÁL



**Guðjón Sigurðsson**
formaður MND félagsins

**➜ Ég hvet alla sem fá tilboð sem eru of góð til að standast að staldra við...**

Fólk sem mögulega vill vel en með gerðum sínum vekur með mér falsvonir og hefur af mér og miklu fleirum stórar fjárfúlgur. Allt of margir eru fórnarlömb þessara skúrka. Skilningur minn er 100% hjá þeim sem láta glepjast. Hugarástand fólks með lífsógnandi sjúkdóma eða sem orðið hefur fyrir slysi er þannig að við erum auðveld skotmörk. Örvinglun og að grípa hvert hálmstrá er eðlilegur fylgifiskur svona ástands. En við skulum staldra við. Tala við aðra og fá að tala við þá sem hafa læknast.

Það er ekki sótt að forríku fólki, eignamiklu fólki eða fólki sem berst mikið á. Nei, það er mest spennandi að viðkomandi sé veikur, helst með enga batavon, með öðrum orðum dauðvona.

Alls konar töframeðul eru seld með fullyrðingum um hitt og þetta sem stenst enga skoðun svo ekki sé talað um forrit og vélbúnað sem gerir alla að nýslegnum túskildingi. Það nýjasta í því er fjarlækning, þarf bara hár af viðkomandi, jafnvel bara mynd af honum/henni og vélin sendir bylgjurnar til viðkomandi. Heilu stofurnar eru til með alls konar óhefðbundnum lækningum. Yfirvöld leyfðu þetta með lögum um græðara.

„Það er í sjálfu sér eðlilegt að þeir sem haldnir eru alvarlegum sjúkdómi leiti allra ráða til að öðlast bata og séu þá fúsir til að reyna eitthvað sem er utan við hið viðtekna í heilbrigðisþjónustunni.“

Tekið af internetinu úr skýrslu heilbrigðisráðherra um græðara og starfsemi þeirra á Íslandi (lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005).

Hvar er eftirlitið? Hver verndar neytandann? Ef einhver þarfnast verndar er það þessi viðkvæmi hópur.

### Stöldrum við

Nú má ekki skilja mig svo að ég sé á móti öllu sem ekki er vísindalega sannað. Ég hef reynt margt af þessu t.d.: Kírópraktor, grasalækna, Bowen-tækni, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, heilun, miðla, slökun, nudd alls konar, nálastungur, hómópata (smáskammtalækningar), vítamín, fyrirbænir og núna síðast einhvers lags bylgjumeðferð ásamt miklu fleiru.

Ekkert af þessu hefur gert mér vont nema það hefur ekki aukið mikið á veraldlegan auð minn enda flest ekki gefins í svona meðferðum. Flest hefur veitt mér góða slökun og vellíðan á meðan á því stendur og í stuttan tíma á eftir.

Það sem ég get mælt með, til vellíðunar og hressingar, en ekki til lækninga, er: Kírópraktor, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð, heilun, slökun, nudd, nálastungur, grasalæknar í einstöku tilvikum og hómópatar sem ekki nota „geislavélar“ til að breyta sykurpillum í meðul. Aðrir hafa lofað mér meiru en staðið var við.

Hvað er þá vandamálið? Langflestir af þessum töframönnum hafa lofað svo miklu meiru en þeir geta staðið við. Jafnvel lækningu á MND og krabbameinum alls konar svo ekki sé talað um annað „smotterí“. Þarna eru allt of margir að taka stórfé fyrir eitthvað sem aldrei verður annað en falsvonir hjá þeim veiku. Að einhverjir séu að vekja falsvonir og ræna dauðvona fólk er í mínum huga glæpur sem verður einhvern veginn að koma í veg fyrir. Lægra leggst fólk ekki að mínu mati.

Ég hvet alla, sem fá tilboð sem eru of góð til að standast, til að staldra við, aðeins að kanna hvað er á bak við gylliboðin. Við erum flest viti borin og þó okkur séu gerð tilboð á tímum örvæntingar þá er samt rétt að staldra við. Við berum ábyrgð á eigin heilsu og höfum svo margt betra við tímann að gera en að láta aðra hafa okkur að fífli. Við getum gert það sjálf og notið lífsins um leið.

Lifið heil!

# Erum við tilbúin fyrir næstu iðnbyltingu?

IÐNAÐUR



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

**➜ Við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða þegar kemur að framleiðni.**

Áratuga hefð er fyrir því að halda Iðnþing einu sinni á ári. Þá kemur fólk í íslenskum iðnaði saman og fer yfir þau málefni sem efst eru á baugi.

Iðnþing 2015 fer fram á Hótel Nordica í dag og hefst kl. 14. Þar munu leiðtogar fyrirtækja, sérfræðingar og ráðherrar ræða saman um þær stefnuáherslur sem Samtök iðnaðarins hafa sett á oddinn, það er menntun, nýsköpun og framleiðni.

Menntun er lykillinn að velmegun allra þjóða. Samtök iðnaðarins vilja efla menntun fyrir atvinnulífið. Til þess að hér megi áfram dafna öflugt atvinnulíf verðum við að fjölga iðn-, verk- og tæknimenntuðu fólki. Það er skortur á fagmenntuðu fólki á Íslandi, ekki bara í iðnaði heldur einnig í mörgum öðrum greinum svo sem ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Undanfarin ár hefur tekist að vekja áhuga ungs fólks á takkifærum innan verk- og tæknigreina á háskólastigi. Þann vöxt þarf að tryggja áfram.

Nýsköpun er forsenda framþróunar og framleiðniaukningar. Við viljum styrkja og styðja við nýsköpun á öllum sviðum. Á Iðnþingi munum við ræða nauðsyn þess að skapa nýjar lausnir til að auka framleiðni á öllum sviðum iðnaðar, jafnt hjá sprotum sem rótgrónum fyrirtækjum.

Nýsköpun og menntun eru grunnþættir sem stuðla að aukinni framleiðni. Við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða þegar kemur að framleiðni. Með öðrum orðum eru afköst okkar lakari í samanburði við nágrannaþjóðir. Við megum ekki og eigum ekki að sætta okkur við það. Geta okkar til að auka hér hagvöxt liggur í aukinni framleiðni og betri nýtingu mannauðs.

Það er samvinnuverkefni okkar allra að koma Íslandi í fremstu röð ríkja og skapa hér heilbrigt og öflugt atvinnulíf sem er ákjósanlegt fyrir fólk og fyrirtæki.

Velkomin á iðnþing!

# Hver var amma þín?

MENNING



**Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**
framkvæmdastjóri 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna

Nú þegar við minnumst og höldum upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og kjörgengis kvenna til Alþingis hefur gripið um sig mikið ömmu-æði. Formæðra er nú minnst í ræðu og riti og frásögnum um ömmur, langömmur, ömmusystur og afasystur er safnað á vef Þjóðminjasafnsins. Fyrirlestrar um ömmur slá aðsóknarmet.

Þetta hófst allt í byrjun afmælisársins með vikulegu fyrirlestrunum „Margar myndir ömmu“ á vegum Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) í samstarfi við Þjóðminjasafnið og framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Svipaðra fyrirlestra höfðu Norðmenn efnt til á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna þar 2013. Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafnsins fylltist strax á fyrsta fyrirlestrinum og síðan hefur aðsóknin verið svo mikil að margir hafa þurft frá að hverfa. Ömmusögurnar sprengdu af sér Þjóðminjasafnið og svo fyrirlestrasalinn í Öskju, húsi Náttúrufræðistofnunar, svo að næsti fyrirlestur verður í hátíðasal Háskóla Íslands. Upplýsingar um staðsetningu ömmufyrirlestranna framvegis verða á vef www.rikk.hi.is og www.kosningarettur100ara.is. Ömmufyrirlestrarnir verða á föstudögum í hádeginu fram í maí og koma svo út á bók í haust.

Margar hugmyndir hafa vaknað í umræðunum eftir þessa fyrirlestra. Kennarar hafa verið hvattir til að vera með ömmuverkefni, konur vilja óðar og uppvægar safna fróðleik og miðla um ömmur sínar og aðrar formæður. Heimildasöfnun er í miklum gangi og hafa skjalasöfn ekki dæmi um annað eins.

### Ömmusögum safnað

Nú hefur Þjóðminjasafnið ákveðið að safna sögum um ömmur í samstarfi við RIKK, sem ætlar síðan að nýta þær til kvennarannsókna. Þessar sögur má rita undir fullu nafni eða nafnlaust. Þeim er hægt að koma til safnsins á heimasíðu Þjóðminjasafnsins. Allir geta tekið þátt í þessu verkefni, konur og karlar, ungir jafnt sem aldnir. Sagan hefur verið sögð af körlum um karla, en konur hafa gengið til starfa sinna hávaðalaust og borið áhyggjur sínar og erfiði í hljóði. Nú er tími til að fræðast um allar þessar konur og safna þeim fróðleik saman á einn stað. Það ömmusögusafn mun auðga söguna og bæta til muna heimildir um hlut kvenna í samfélaginu á síðustu öld og nýtast í rannsóknarverkefni um konur.

Í gangi eru námskeið þar sem kennt er að safna upplýsingum og semja erindi eða skrifa sögu formæðra sinna, ömmu, langömmu eða jafnvel langalangömmu. Formæður eru í kastljósi afkomenda sinna þetta árið í tilefni kosningaréttarafmælisins. Það er mikilvægt ljós.

Kennarar ættu að hvetja nemendur til að fjalla um ömmur sínar, í ritgerð eða jafnvel í ljóði. Sögu kvenna síðustu aldar þarf að skrá.

Lesandi góður, hver var amma þín? Nú er að setjast niður og leita heimilda og/eða skrá minningar um ömmur sínar og miðla lífi þeirra til komandi kynslóða.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**BARNALÁN**

**Fyrirsætan og náttúrusinninn Lily Cole á von á sínu fyrsta barni með unnusta sínum, Kwame Ferreira. Cole tilkynnti gleðitíðindin á samfélagsmiðli sínum Impossible en það er vettvangur fyrir fólk sem vill láta gott af sér leiða.**








**KLASSÍSKT**
Sjanghæ-rækjur – Reykt svínakjöt – Lamba- og grísasteik – Kjúklingur – Brún sósa – Brúnaðar kartöflur – Súrsæt sósa – Hrísgrjón – Fjölbreytt grænmeti – Ferskt salat.
**1.990 KR. Á MANN.**
MYNDIR/K.MAACK






# FERMINGARHLAÐBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI

**MÍNIR MENN KYNNA** *Löng og farsæl reynsla og sérstaklega hagstætt verð er lykillinn að vinsældum fermingarhlaðborðanna hjá Mínum mönnum.*

Nú fer hver að verða síðastur að huga að veitingunum í fermingarveisluna. Þar eru Mínir menn, veisluþjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, á heimavelli, enda byggt á meira en þrjátíu ára farsælli reynslu.

„Við bjóðum upp á klassískt fermingarhlaðborð með gæðin í fyrirrúmi en á eins hagstæðu verði og mögulegt er,“ segir Magnús Ingi. „Ég veit ekki til þess að nokkur bjóði betur en við fyrir heitt og kalt hlaðborð, eða 1.990 kr. á mann. Ánægðir foreldrar fermingarbarna hafa bent mér á að dýrara hefði verið fyrir þá að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan álagið sem því fylgir. Við vitum hvað er vinsælast og veljum réttina eftir því, en höldum verðinu niðri með því að hafa þá heldur færri en fleiri.“

Magnús Ingi segist leggja mikla áherslu á að veita foreldrunum faglega ráðgjöf um val á veislumatnum, enda fermingardagurinn stór dagur í lífi fjölskyldunnar. „Ef óskað er eftir meira úrvali eða öðruvísu samsetningu er það sjálfsagt mál, en þá hækkar verðið aðeins. Við erum líka með annars konar hlaðborð, staka rétti, súpur, pottrétti og fleira sem ekki er síðra að bjóða upp á í fermingarveislunni, en klassíska hlaðborðið er þó alltaf vinsælast.“ Lágmarksfjöldi er 10 manns og Mínir menn mæta á staðinn með veisluföngin ef fjöldinn nær 50 eða fleirum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Minna manna, minirmenn.is, og á Facebook. Svo er einfalt að hafa samband við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.









**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



ÞJÓÐLEG OG SMART
Svava Kristín Grétarsdóttir heldur mikið upp á upphlut langömmu sinnar sem hún notar við hátíðleg tækifæri.
MYND/VILHELM

# Í UPPHLUTSBOL AF LANGÖMMU SINNI

**TÍSKA** *Förðunarfræðingurinn Svava Kristín Grétarsdóttir notar bol og belti af þjóðbúningi langömmu sinnar við ýmis hátíðleg tækifæri. Hún parar þessi þjóðlegu klæði við nútímalegri fatnað á borð við stutt pils og víðar buxur.*

Langamma mín átti þennan upphlut sem er nú orðinn 95 ára gamall," segir Svava Kristín en hún er nafna langömmu sinnar og á sama afmælisdag og hún. „Ég mátaði þjóðbúninginn fyrst fjórtán ára þegar langamma vildi fá mynd af mér í honum. Ég sá þá eftir því að hafa ekki prófað hann fyrr því ég hefði gjarnan viljað fermast í honum."

Svava Kristín klæddist þjóðbúningnum ekki aftur fyrr en hún var sautján ára gömul. „Þá var haldið þorrablót sem öll fjölskyldan var á leið á. Flestir klæddu sig í þjóðleg föt og mig langaði að vera með. Hins vegar vildi ég ekki vera alveg hefðbundin. Þá ákvað ég að fara bara í bolinn af upphlutnum ásamt stokkabeltinu og það kom rosalega vel út," segir Svava Kristín. Hún hefur síðan þá klæðst upphlutsbolnum við ýmis hátíðleg tækifæri. „Ég hef verið í bolnum yfir kjól eða verið í honum einum við pils eða víðar samkvæmisbuxur og þetta kemur alltaf vel út."

### JÁKVÆÐ VIÐBRÖGÐ

Hún segist iðulega fá mjög góð viðbrögð frá fólki. „Margir spyrja mig út í hvort bolurinn sé ekta og ég fæ mikið hrós fyrir. Ég hef ekki fengið neikvæð viðbrögð þótt ég sé vitanlega að breyta búningnum með því að klæðast honum svona," segir hún. Fjölskylda hennar er einnig mjög jákvæð. „Þeim þykir vænt um að ég noti búninginn en auðvitað má ekki misnota hann og vera í þessu alla daga. Ég vel sérstök tilefni til þess og þá er þetta bara skemmtilegt."

Mikil verðmæti liggja í stokkabeltinu og millum og baldýringum á bolnum. Er óhætt að fara út á galeiðuna með slíka dýrgripi? „Ég passa þetta vel. Svo hringir mamma alltaf í mig daginn eftir til að athuga hvort allt hafi skilað sér heilt heim," svarar Svava og hlær.

### GAMAN AÐ GÖMLUM FÖTUM

Svava segist pæla talsvert í tísku. „Mér finnst oft gaman að vera pínulítið öðruvísi og breyti oft gömlum hlutum og geri þá að mínum. Þannig er fataskápurinn hennar ömmu eiginlega allur kominn í bæinn til mín," segir hún glettin. „En inn á milli fylgir maður bara tískunni," segir hún en uppáhaldsbúðir hennar hér á landi eru Spútnik og Zara.

Eyðir þú miklu í föt? „Já, ég verð að viðurkenna það, ég er dálítið dýr í rekstri," svarar hún kímin. En hvað með helstu veikleikana þegar kemur að tísku og útliti? „Ætli það sé ekki fullkomnunaráráttan. Ég er mjög lengi að hafa mig til og vinir mínir geta orðið ansi þreyttir á að bíða eftir mér meðan ég næ öllu alveg fullkomnu. Það þarf allt að passa, frá skóm og fötum til förðunar. Reyndar lít ég ekki á þetta sem veikleika af því ég hef bara svo rosalega gaman af því að hafa mig til."

■ solveig@365.is







Útsala
Útsala
Öll efni á
1000 og 1500 kr.
textilline
Laugavegi 101.
Sími 552 1260.
Opið frá 10 – 18.



**MÆLIR MEÐ OPTIBAC** Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi. MYND/VALLI

# SKIPTIR ÖLLU MÁLI AÐ VELJA RÉTTA MELTINGARGERLA

**RARITET KYNNIR** *OptiBac Probiotics eru meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá að staðaldri segja sína sögu.*

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttafræðisetur Háskóla Íslands.

**BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR**

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

**DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ.**

Streita, lélegt eða einhæft mataræði á borð við skyndibita og unnar matvörur, ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspestum með því að viðhalda meltingarflórunni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.

**OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH**

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.

Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidopilus NCFM®

- Yfir 75 greinar birtar í viðurkenndum vísindaritum.
- Virkar vel gegn ýmsum húðvandamálum, svo sem unglingabólum, rósroða, exemi og bólum.
- Virkar gegn IBD og IBS, Crohns-sjúkdómi og candida-ofvexti.
- Styrkir ónæmiskerfið og minnkar hættu á flensu og umgangspestum.
- Dregur úr áhrifum ofnæmis, til dæmis af völdum dýra, frjókorna og annarra umhverfisþátta.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum.
- Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.




Mælt er með OptiBac Probiotics Extra Strength fyrir þá sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (ulcerative colitis, diverticulitis, Crohns-sjúk–dómur) og candida-ofvöxt.

**FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM**

OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.

- Virkar einstaklega vel fyrir þá sem eru gjarnir á að fá þembu og vindverki í tengslum við fæðuóþol eða eru viðkvæmir fyrir hveitiafurðum og mjólk.
- Vinnur gegn neikvæðum áhrifum gers á þembu og loftmyndun.




**EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA**

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarmahreyfingar.

- Við svæsinni hægðatregðu er ráðlagt að taka allt að 4 skömmtum á dag með aðalmáltíðum dagsins og áður en farið er að sofa.
- Má taka við tilfallandi hægðatregðu eða að staðaldri til að viðhalda jafnri og góðri meltingu og ætti þá flestum að duga einn skammtur á dag.




**NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGU**

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.

- Gegn niðurgangi: Takið 1-4 hylki í einu og allt upp í 6 hylki á sólarhring.
- Gegn IBS: 1 hylki tvisvar á dag.
- Gegn IBD: 1 hylki þrisvar á dag.
- Gegn candida-ofvexti: 6 hylki á dag (forðist að taka á sama tíma og sveppalyf)
- Gegn Clostridium difficile: Sem meðferð takið upp í 2 hylki tvisvar á dag í fjórar vikur og sem forvörn 1 hylki tvisvar á dag.
- Hylkin eru sýruþolin og þarf ekki að geyma í kæli.




OptiBac Probiotics eru klínískt rannsakaðir, sýruþolnir gerlar sem þarf ekki að geyma í kæli. Neytendur geta treyst því að ef varan er geymd samkvæmt upplýsingum á pakka inniheldur hún að lágmarki það magn gerla sem gefið er upp á umbúðum.

**OPTIBAC FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM OG HEILSUVERSLUNUM Á ÍSLANDI.**

Nánari upplýsingar um Optibac: **www.raritet.is https://www.facebook.com/optibaciceland.**

## GÓÐ RÁÐ FRÁ VÍÐI

**„Hreint, fjölbreytt og ferskt mataræði ásamt daglegri hreyfingu og inntöku á Optibac-meltingargerlum er það sem þarf til að viðhalda góðri þarmaflóru og því samhliða bættri heilsu og heilbrigði á líkama og sál,“ segir Víðir. Hann hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidophilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.**

## MELTINGARGERLAR OG BAKTERÍUR Í ÞÖRMUNUM GEGNA LYKILHLUTVERKI VIÐ FRÁSOG NÆRINGAREFNA FYRIR LÍKAMANN

**„Hippókrates, guðfaðir læknisfræðinnar, sagði fyrir 2.500 árum að allir sjúkdómar byrjuðu í meltingarvegi. Rannsóknir undanfarinna ára styðja orð hans en sýnt hefur verið fram á að heilbrigð þarmaflóra hefur gríðarlega mikið að segja fyrir almennt heilbrigði og líðan,“ segir Víðir. „Þarmaflóran telur 10 sinnum fleiri bakteríur en allar frumur líkamans og því er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé hátt. Sé ójafnvægi á bakteríuflórunni í þörmum hefur það áhrif á frásog næringarefna sem síðan dreifast um allan líkamann. Skilvirkt frásog næringarefna er ómetanlegt þegar kemur að góðri heilsu og virkni líkamans. Fjölmargir vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk trúir að heilbrigð þarmaflóra í meltingarvegi sé lykillinn að heilbrigði fólks á 21. öldinni.“**












**ÍBURÐUR** Einn af kjólum Zuhairs Murad sem sýndur var á tískuviku í París í lok janúar. Hann er íburðarmikill og sannarlega í anda Hollywood-drottninga. Murad er afar vinsæll kjólahönnuður hjá þeim allra frægustu.

# KJÓLAMEISTARI FÍNA FÓLKSINS

**GLÆSILEIKI** *Einn helst kjólameistari stjarnanna er tískuhönnuðurinn Zuhair Murad. Þar sem stórir viðburðir fara fram má sjá heimsþekktar konur í kjólum hans. Nýlega sýndi Murad kjólatísku sína fyrir sumarið 2015 í París.*

Einn helsti aðdáandi Zuhairs Murad er söng- og leikkonan Jennifer Lopez sem iðulega klæðist fötum hans. Nokkrir stjörnur sáust í kjól frá Murad á rauða dreglinum þegar Óskarsverðlaunin voru afhent í lok febrúar. Má þar til dæmis nefna Chrissy Teigan, Önnu Faris og Jennu Devan Tatum svo einhverjar séu nefndar. Frægar konur eins og Taylor Swift, Carrie Underwood, Ivana Trump, Beyoncé, Shakira, Christina Applegate og Vanessa Williams eru allar góðir kúnnar hjá Murad auk margra fleiri.

Zuhair Murad er ekki síður þekktur fyrir brúðarkjóla sína sem þykja ákaflega fallegir. Hægt er að skoða hönnun hans á vefsíðunni zuhairmurad.com

Zuhair Murad fæddist í Baalbek í Líbanon árið 1971 og ólst þar upp. Frá unga aldri dreymdi hann um að verða hönnuður. Hann var aðeins tíu ára þegar hann byrjaði að teikna kjóla. Árið 1997 opnaði hann vinnustofu í Beirút og vann að mestu fyrir fasta viðskiptivini. Árið 1999 sýndi hann í fyrsta skipti á stórri tískusýningu í Róm og tveimur árum síðar í París. Þessar sýningar veittu honum alþjóðlega tískufrægð þar sem strax var eftir honum tekið af helstu tískublöðum heims.




**ELEGANS** Zuhair Murad er frá Líbanon en er löngu orðinn þekktur um allan heim fyrir hönnun sína. Hann hefur hannað mikið fyrir Jennifer Lopez.






# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI
## 5. - 8. MARS

**Eye Event 2015** – Allt sem þú þarft fyrir fullkomna augnförðun

Vinsælasti maskarinn frá Yves Saint Laurent nú enn betri með formúlu sem þornar ekki

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT**



**MEÐ COUTURE EYEPRIMER:**
- Haldast augnskuggar mun betur á
- Færðu jafnari áferð augnförðunar
- Færðu dýpri og bjartari lit.

Lyf & heilsa
**Kringlunni**







**SYSTUR SÝNA** Hlín og Hadda Fjóla Reykdal opna samsýningu í Gallerí Gróttu á HönnunarMars. Önnur er hönnuður og hin myndlistarmaður. MYND/GVA

# SAMEINAST Í LIT

**HÖNNUNARMARS** *Systurnar Hlín og Hadda Fjóla Reykdal opna samsýningu í Gallerí Gróttu. Önnur er hönnuður og hin myndlistarmaður en verkin þeirra tengjast á margan hátt. Báðar sækja innblástur í hughrif frá litum í náttúrunni.*

Ég vinn með olíu á dúk, líka með blýant og vatnslit og túss. Ég vinn málverkin með litlum pensli og mála doppur í rendur eða hringi, lag ofan á lag. Verkin vinn ég út frá náttúruhughrifum, stemmingu og hvernig ég upplifi litina í náttúrunni. Þar tengjumst við systurnar,“ útskýrir Hadda Fjóla Reykdal myndlistarmaður en hún vinnur nú að innsetningu í Gallerí Gróttu ásamt systur sinni, skartgripahönnuðinum Hlín Reykdal.

Sýningin verður opnuð fimmtudaginn 12. mars kl. 17. Báðar hafa þær tekið þátt í samsýningum þar sem hver listamaður eða hönnuður sýnir sitt en þetta er í fyrsta skipti sem þær vinna að sameiginlegri innsetningu og í fyrsta sinn sem þær vinna saman systurnar.

„Það hafði blundað í okkur að gera eitthvað saman og við gripum því tækifærið þegar það bauðst,“ segir Hlín. „Samstarfið hefur gengið áreynslulaust fyrir sig, við erum líkar á margan hátt. Hadda vinnur með punktinn og hringformið og ég með kúlur. Við köllumst líka á í litavali,“ segir hún en Hlín hannar skargripi sína úr tréperlum sem hún handmálar og blandar litina sjálf.

„Það var einmitt skemmtilegt að sjá hvað við vorum ótrúlega nálægt hvor annarri þegar við fórum að vinna,“ segir Hadda Fjóla en um margra ára skeið var heilt haf á milli þeirra þegar Hadda bjó í Gautaborg í yfir tíu ár.

„Við unnum sýninguna þannig að við töluðum mikið saman og héldum fundi og kíktum á vinnustofuna hjá hvor annarri. Við skoðuðum salinn líka vel og hugmyndin er að setja saman innsetningu og samspil sem áhorfandinn mun upplifa,“ útskýrir Hadda Fjóla

„Það er gaman fyrir mig sem hönnuð að fara inn á svið myndlistarinnar en það er ákveðið bil á milli hönnunar og myndlistar,“ segir Hlín. „Ég er að hanna söluvöru sem er annar hlutur en að setja upp listaverk. Margir minna kúnna hafa reyndar hengt festarnar mínar upp á vegg hjá sér, sem



**SKART** Hlín hannar skartgripi úr trékúlum sem hún handmálar og sækir innblástur í litaflóru náttúrunnar.



**DOPPUR** Hadda Fjóla vinnur olíumálverk með fíngerðum pensli og hleður doppum lag fyrir lag.

mér þykir mikill heiður,“ segir Hlín og þær systurnar eru sammála um að vinnan við sýninguna hafi einnig gefið þeim nýja sýn á eigin verk.

„Þetta var ofboðslega skemmtilegt vinnuferli,“ segir Hadda Fjóla.

Systurnar verða með leiðsögn um sýninguna 13. mars kl. 15-17 og dagana 14. og 15. mars kl. 13-15. Sýningin stendur til 31. mars.

Nánar má forvitnast um verk þeirra á haddafjolareykdal.com og hlinreykdal.com.




# Fermingarbros? Ójá!



**Frábærir Braven hátalarar**
Verð aðeins 19.990 kr.



Veðurheldir Bluetooth hátalarar með batteríi sem endist í allt að 12 tíma.
Einnig hægt að nota hátalarann sem hleðslubatterí fyrir síma.

## Fullt af spennandi aukahlutum. Komdu og fiktaðu.



**iPhone**
frá 68.900 kr.



**iRig Voice**
**fyrir iPhone, iPad og iPod Touch**
7.990 kr.



**Beats Studio 2.0 by Dre**
**Vinsælu heyrnartólin**
frá 49.990 kr.



**Apple TV**
18.990 kr.



**MacBook Air**
frá kr. 174.990



**iPad Air 2**
frá kr. 94.990

iStore
í Kringlunni

**566 8000**

**istore.is**

Góð þjónusta, góð verð og samfélagsleg ábyrgð

**Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.**
















# NÆLURNAR ERU INNI

**FALLEGT SKRAUT** *Nælur hafa hingað til frekar átt heima á barmi gamalla frænkna en á sýningarpöllum tískuhúsanna. Á því verður líklega breyting.*

Nælur hafa lengi verið vanmetinn fylgihlutur. Sem skartgripur hafa þær endalausa notkunarmöguleika og því er það frekar undarlegt að þær sjáist ekki oftar.

Á sýningum fyrir haust- og vetrartískuna um síðustu helgi í Mílanó var nælunni samt gert hátt undir höfði hjá nokkrum hönnuða. Nælur sáust á módelum Prada, Les Copains og Fausto Puglisi. Fyrr á árinu sáust nælurnar líka á sýningum fyrir herratískuna, meðal annars hjá Versace.

Góðu fréttirnar eru þær að flestir eiga eina eða tvær nælur einhvers staðar í skápum eða skúffum eða geta nálgast slíkt góss hjá ömmu. Það er því engin ástæða til að bíða með það til hausts að næla á sig fallegt skraut.





**LÍKA STRÁKAR** Strákarnir skörtuðu líka nælum á sýningum tískuhúsanna. Þessi gekk pallana á sýningu Versace í janúar en þeir voru líka með nælur hjá DSquared2 og John Varvatos.



**LITRÍKAR** Hjá Prada voru nælurnar stórar og jafnvel mjög stórar og flestar litríkar.



DSQUARED2



PRADA JOHN VARVATOS LES COPAINS

# DEKKVERK

**Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ**
**Sími: 578 7474 www.dekkverk.is**
**OPIÐ ALLA DAGA 10-19**

## MOTTUMARS LYKLAKIPPA FYLGIR HVERJUM SELDUM DEKKJAUMGANGI Í MARS

**Dekk • Smur • Framrúður • Hjólastilling**
**Bremsuviðgerðir • Smáviðgerðir**

### MOTTUMARS TILBOÐ Á HARÐSKELJADEKKJUM

| TEGUND | VERÐ NÚNA | VERÐ ÁÐUR |
|---|---|---|
| 185/65R15 | 45.000 kr. | ~~74.000 kr.~~ |
| 195/65R15 | 49.000 kr. | ~~78.000 kr.~~ |
| 205/55R16 | 59.000 kr. | ~~100.000 kr.~~ |
| 225/45R17 | 69.000 kr. | ~~122.000 kr.~~ |

SJÁ FLEIRI STÆRÐIR OG VERÐ Á DEKKVERK.IS



WEST LAKE®
PERFORMANCE TYRES

**Samkvæmt dekkjaprófun AUTO-BILD 2014 á 50 dekkjum voru Westlake dekkin á meðal 15 dekkja sem mælt var með.**

Westlake voru einnig hljóðlátustu og hagkvæmustu dekkin í prófuninni.

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alngluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF.**
Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki , einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

## Málarar

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

**BOX MÁLNINGARÞJÓNUSTA:**
Tökum að okkur verkefni í nýbyggingum, endurmálun og viðhald úti og inni! BOX ehf. S: 824-6438/ 866-1852

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.
Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Iðnaður

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar, mikil reynsla, smærri og stærri verk. Uppl. í s. 693 9053

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna.

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.
HANDAFL EHF s. 777 2 333

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

EYJALIND — DANA SPICER Off-Highway Products
- Skiptingar
- Öxlar
- Drifsköft
- Varahlutir
Vertu vinur okkar á Facebook — Viðurkenndur söluaðili Dana Spicer - Atvinnutæki
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

TYLÖ — Allt fyrir sauna- og blautgufu
TÆKJATÆKNI
Smiðjuvegur 11, 200 Kópavogur, sími 571 3770
GSM 860 4460, tt@taekjataekni.is

Hef lokið 4 ára námi í Barbara Brennan School of Healing
Svava Magnea Matthíasdóttir
Brennan heilari
Rósin, Bolholt 4
brennanheilun@gmail.com
s: 690 2269

Revell — PLASTMÓDEL Í ÚRVALI.
Tómstundahúsið
Bíldshöfða 18, sími: 5870600,
www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

Var rekstur prentarans hár á síðasta ári?
Við gætum lækkað hann um 50-60%
NÝR TÓNER prenthylkja endurnýjun
nyrtoner.is
sími 565-2046
Auðbrekku 6, Kóp.

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

XPRENT - hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL
Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislishlutir
VB LANDBÚNAÐUR
Reykjavík: 414-0000
Akureyri: 464-8600
www.VBL.is
Krókháls 5f • 110 Reykjavík /// Baldursnes 2 • 603 Akureyri

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL — STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

viftur.is
viftur • blásarar • aukahlutir
-allt á einum stað
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**FERMING 2015 !**
Ermar, kjólar, hárskraut, Skart, kimano, töskur. Mikið úrval frábært verð. Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18




**FRYSTIKLEFAR TIL Á LAGER!**
Tilboð frá 849.000 + vsk með vélakerfi. Íshúsið ehf, www.ishusid.is,S:566 6000



20ft frystigámur til sölu ný yfirfarinn ,er í mjög góðu ástandi. Er til afhendingar strax , gámur er staðsettur í Hafnarfirði. Verð. kr. 670.000.-Uppl. í s. 6902593

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Jói Fel**

**BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL. FRAMTÍÐARSTÖRF**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu virka daga. Íslenskukunnátta nauðsynleg.
**Vinsamlega hafið samband Linda 863-7579 eða linda@joifel.is**

Múrverktakar óskast. Mikil vinna framundan. s. 849 4423 og hvassavik. ehf@gmail.com

Vantar bifvélavirkja/tæknimann,mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Dagbjartur S 6601075 BSA hf Akureyri

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

**EIR SKJÓL**

### Starfsmenn við viðhaldsverk fasteigna Eirar og Skjóls.

Óskum eftir að ráða handlagna menn í viðhaldsverkefni og umsjón með fasteignum Eirar og Skjóls hjúkrunarheimila og öryggisíbúða.

- Fullt starf og unnið virka daga.
- Starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt, vera handlaginn og íslensku mælandi.
- Skila þarf inn umsóknum og ferilskrá fyrir 12. mars n.k., sem skal senda á netfangið: sveinn@eir.is eða á skrifstofu Eirar,

**Hlíðarhús 7 112 Reykjavík ☎522 5700**

## fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Brekkubær 26 110 Rvk.**




**Eignin verður sýnd fimmtudaginn 5. mars milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** Brekkubær 26 er ca 242,5 fm raðhús sem kjallari og tvær hæðir ásamt 22,9 fm bílskúr. Séríbúð í kjallara með sérinngangi/ósamþykkt. Allt að 6 svefnherbergi, suðursvalir á efri hæðum. Góður garður. Laust strax, sölumenn sýna. **V. 49 m.** 8601
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Kleifarsel 63**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt og vel skipulagt 212,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað neðst í botnlanga. Stofa/borstofa með fallegum arni. Eldhús með miklum eikarinnréttingum. 4 góð herbergi, öll með skápum. Lóðin er mjög snyrtileg með góðum sólpalli. Stórt bílaplan fyrir framan bílskúr. **Frábær staðsetning við opið svæði og Seljaskóla. Verð 57,0 millj. Verið velkomin.**

## fasteignir

# Stakkholt 2-4

## Nýjar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur

- 2ja til 4ra herbergja íbúðir
- 65 til 142 fermetrar að stærð
- Stæði í bílageymslu með flestum íbúðum
- Frábært útsýni til sjávar og/eða til suðurs og vestur yfir borgina
- Allar innréttingar og fataskápar verða af vandaðri gerð
- Verð frá 31,8 m.
- Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar
- www.stakkholt.is

**Sölusýning**



**Sölusýning fimmtudaginn 5. mars milli kl. 17.15 og 18.00**

**Nánari upplýsingar á eignamiðlun.is og hjá sölumönnum**



**Aðkoma frá Mjölnisholti**



**EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Sala fasteigna í 57 ár – Frá 1957 – Elsta starfandi fasteignasala landsins
Framúrskarandi fyrirtæki 2013




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?
Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Systir mín,

**GUÐNÝ GESTSDÓTTIR**
**Ásvallagötu 37,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni, föstudaginn 6. mars nk. kl. 16.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sóltúns.

**f.h. fjölskyldunnar,**
**Júlíus Gestsson**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar,

**ÞORGEIRS INGVASONAR**
**Asparfelli 4, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 6. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigrún Linda Þorgeirsdóttir**
**Þórir Þorgeirsson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLAFÍA SIGURÐARDÓTTIR BERGMANN**
**Miðtúni 42, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Laugarneskirkju, föstudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Sigurður Bjartmar Sigurjónsson** **Sesselja Gísladóttir**
**Gísli Geir Sigurjónsson** **Herborg Sjöfn Óskarsdóttir**
**Þorvaldur B. Sigurjónsson** **Dagný Hildur Leifsdóttir**
**Brynja Sigurjónsdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Freyja Sigurjónsdóttir** **Róbert Leadon**
**Rúnar Sigurjónsson** **Anna Elín Óskarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn og afi,

**GUÐJÓN AGNAR EGILSSON**
**Háaleitisbraut 109, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 27. febrúar 2015. Útför hans verður gerð frá Grensáskirkju mánudaginn 9. mars nk. klukkan 15.00.

**Guðlaug Rakel Pétursdóttir**
**Rakel Rósa Ingimundardóttir**

---



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**HELGA PÉTURSDÓTTIR**

er látin. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Jóhannes Bjarnason**
**Pétur Bjarnason**
**Sigurður Bjarnason**
**Bjarni Bjarnason**
**Ásgerður Bjarnadóttir**

---



**ODDBERGUR EIRÍKSSON**
**skipasmiður,**
**Ytri-Njarðvík,**

lést þann 27. febrúar sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hann verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.00.

**Kolbrún Oddbergsdóttir**
**Guðmundur Oddbergsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð,**

lést þann 7. febrúar sl. Útförin hefur farið fram.

**Kristín S. Magnúsdóttir**
**Þóra G. Magnúsdóttir**
**Magnús Þ. Magnússon**
**og aðstandendur**

---



**MÁTTUR KVENNA** Systurnar dr. Anna Elísabet og Hulda Ólafsdætur ásamt konunum í Bashay sem ætla að mennta sig. Hér er verið að vefja þær inn í efni sem síðar varð að fallegum dressum.

# Máttur kvenna í útrás

**Háskólinn á Bifröst stendur fyrir kynningarfundi viðamikils verkefnis sem fyrirhugað er að koma upp í Tansaníu til að auka hlut kvenna í atvinnulífinu og draga þannig úr fátækt.**

Námskeiðið Máttur kvenna hefur verið kennt við Bifröst í áratug og þeim tímamótum verður fagnað með útrás verkefnisins til Bashay í norðanverðri Tansaníu. Kynningarfundur verður haldinn í hádeginu á morgun milli 12.00 og 13.00 á Hverfisgötu 4-6.

„Þrjár meginástæður eru fyrir því að ráðist er í verkefnið á þessum tímapunkti. Við höfum verið að kenna námskeiðið við góðan orðstír í áratug, sjálf hef ég tengingar við Tansaníu og við viljum sýna samfélagslega ábyrgð,“ segir dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir, einn umsjónarmanna verkefnisins.

Auk hennar standa dr. Eiríkur Bergmann og dr. Magnús Árni Skjöld Magnússon fyrir að flytja Mátt kvenna út fyrir landsteinana.

Námskeiðið er til þess fallið að kenna konum að skoða umhverfi sitt og koma auga á tækifærin.

„Við höfum aðlagað efni námskeiðsins staðháttum í Tansaníu og munum aðstoða konur við að greina viðskiptatækifæri og gera viðeigandi viðskiptaáætlanir,“ útskýrir Anna Elísabet.

Samkvæmt nýrri skýrslu Oxfam á eitt prósent jarðarbúa næstum helming alls auðs veraldar og tuttugasti hluti á 95 prósent eignanna. Því miður er fátækt gríðarlega útbreidd eins og raunin er víða í Afríku. En rannsóknir sýna að í baráttunni gegn fátækt bítur menntunin best. Með menntun fær fólk tæki til að brjótast úr klóm fátæktar og raunveruleg tækifæri til að breyta aðstæðum sínum.

„Við höfum notið aðstoðar Restituta Joseph, Rasty, en hún er ung kona frá Bashay sem dvalið hefur hérlendis í sjö vikur og hlotið þjálfun í efninu. Hún fer svo til síns heima og undirbýr konurnar og fjölskyldur þeirra áður en við komum,“ segir Anna Elísabet.

Kynningarfundurinn verður einnig nýttur sem stofnfundur félagsins Women Power. Tilgangur félagsins er að veita konum fjárhagslega aðstoð vanti þær fjármagn til að vinna úr viðskiptahugmyndum sínum. „Með Women Power viljum við hjálpa enn frekar við að koma konum af stað. Þannig verður hægt að gera konum kleift að kaupa til dæmis saumavélar eða annan búnað, til að hefja framleiðslu, sem annars hefði reynst ómögulegt,“ bætir Anna Elísabet við. Áhugasamir geta lagt verkefninu lið með framlögum í gegnum Karolina Fund, en fyrirkomulaginu verða gerð ítarleg skil á kynningarfundinum.

Að lokum mun Ólöf Magnúsdóttir, rekstrarstjóri UNICEF á Íslandi, ræða stöðu kvenna í ólíkum menningarheimum.

gudrun@frettabladid.is

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HREINN RAGNARSSON**
**kennari,**
**Laugarvatni,**

er látinn.

**Guðrún Einarsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



Vinum okkar og vandamönnum nær og fjær, sem við náum ekki til, þökkum við innilega fyrir samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar mannsins míns og föður okkar,

**ÖNUNDAR ÁSGEIRSSONAR**

Guð blessi ykkur öll.

**Eva H. Ragnarsdóttir**
**Greta Önundardóttir**
**Ásgeir Önundarson**
**Ragnar Önundarson**
**Páll Torfi Önundarson**

---



Kær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR**

lést 5. febrúar sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Með þökk fyrir veitta samúð og kærleik. Guð blessi ykkur öll.

**Stefán Þorleifsson** **Anna Þórný Sigfúsdóttir**
**Málfríður Þorleifsdóttir** **Þorsteinn Árnason**
**Steindóra Kristín Þorleifsdóttir** **Rene Sigsgaard Pedersen**
**Lilja Rós Þorleifsdóttir** **Sigurður Elvar Baldvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar konu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RANNVEIGAR TRYGGVADÓTTUR**
**Hringbraut 50, Reykjavík.**

Sérstakar kveðjur sendum við starfsfólki deildar V3 á Grund, með þakklæti fyrir alúð og góða umönnun.

**Örnólfur Thorlacius**
**Valgeir Hallvarðsson** **Aðalbjörg Kristinsdóttir**
**Eva Hallvarðsdóttir** **Ásgeir Valdimarsson**
**Herdís Hallvarðsdóttir** **Gísli Helgason**
**Rannveig Hallvarðsdóttir** **Jóhannes Karl Jia**
**Tryggvi Hallvarðsson** **Þuríður Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**HUGRÚN REYNISDÓTTIR**
**Klukkubergi 15, Hafnarfirði,**

lést sunnudaginn 1. mars á líknardeild Landspítalans Kópavogi. Jarðsungið verður í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. mars kl. 15.00.

**Helena Rakel Jóhannesdóttir**
**Dagur Fannar Jóhannesson**
**Sigríður K. Skarphéðinsdóttir**
**Reynir Hjörleifsson**
**Áslaug Reynisdóttir**
**Kristín Reynisdóttir** **Gísli Fannberg**
**Skarphéðinn Reynisson** **Júlía Margrét Guðbjargardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**




*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




22:10
**THE FOLLOWING**
Þriðja þáttaröðin af þessum frábæru þáttum um fjöldamorðingjann Joe Carroll og lögreglumanninn Ryan Hardy. Hörkuspennandi þættir.

FRÁBÆRT
**FIMMTUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á 365.is
365


20:15
**ELDHÚSIÐ HANS EYÞÓRS**
Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarsson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu og töfrar fram dýrindis rétti.


20:40
**THE MENTALIST**
Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.


21:45
**THE BLACKLIST**
Önnur þáttaröðin með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.


22:00
**GAME OF THRONES**
Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.


20:00
**AMERICAN IDOL**
Fjórtánda þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.


Krakkastöðin | 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

365.is




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 5 | | | 4 | | |
| | 6 | | 1 | | 4 | | 5 | 3 |
| | | | | 7 | | | 8 | |
| | 9 | | | | | | | 7 |
| 6 | 7 | | | 8 | 3 | | 2 | 9 |
| 8 | | | | 9 | | | | |
| | 1 | 9 | 6 | | | | 7 | |
| 2 | 5 | | | | 7 | | | |
| | 8 | | 9 | 4 | | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 9 | | | | | | |
| | | | | | 6 | | | 4 |
| | | 3 | | 9 | | | 1 | 2 |
| 6 | | | | 2 | | 7 | | |
| | 1 | | 4 | | | | | |
| 7 | | 5 | | 3 | 1 | | 6 | |
| | 3 | | 5 | | 9 | | | |
| | | | 1 | | | | | 6 |
| 2 | 4 | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 9 | | 7 | | | | 1 | |
| | | 4 | | | 6 | 8 | | |
| | 2 | | | | | 5 | | 9 |
| 8 | | 5 | | | 3 | | 6 | |
| | 7 | 3 | | | 5 | | 4 | |
| 2 | 6 | | 5 | | | | | |
| | 8 | | | 9 | 1 | | | 6 |
| | | 9 | | 8 | | | 2 | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 1 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 6 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 |
| 5 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 2 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 7 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 |
| 5 | 1 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 7 |
| 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 9 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 7 | 2 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 5 | 1 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 4 | 9 | 3 | 6 | 5 | 8 | 2 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Laun dyggðarinnar er syndin.

*Sigurður Nordal.*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skák, **6.** eftir hádegi, **8.** hamfletta, **9.** garðshorn, **11.** klaki, **12.** klór, **14.** smápeningar, **16.** rás, **17.** espa, **18.** óðagot, **20.** tveir eins, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** frá, **4.** kvarnast, **5.** loka, **7.** mjór, **10.** efni, **13.** frjó, **15.** þekkja leið, **16.** þjálfa, **19.** tala.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** tafl, **6.** eh, **8.** flá, **9.** kot, **11.** ís, **12.** krafs, **14.** aurar, **16.** æð, **17.** æsa, **18.** fum, **20.** tt, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** af, **4.** flísast, **5.** lás, **7.** horaður, **10.** tau, **13.** fræ, **15.** rata, **16.** æfa, **19.** mm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Mamedyarov verður stigahæstur keppenda á Reykjavíkurskákmótinu sem hefst á þriðjudaginn í Hörpu. Skoðum skák hans gegn Tímofejev frá 2004.**

**Hvítur á leik**



**30. Rg6+!! hxg6** (30. ... fxg6 31. Dxd6!) **31. Dh4+ Dh5 32. Dxd8+ Hxd8 33. Hxd8+ Kh7 34. Hee8** og svartur gafst upp. Tæplega 280 keppendur eru skráðir til leiks. Mótið verður afmælismót Friðriks Ólafssonar. **www.skak.is** Fimm dagar í mót!

# FULL BÚÐ AF FLOTTUM AFMÆLISTILBOÐUM



BRIGHTON JAKKI ÁÐUR 7490
**NÚ 5990**



BRITTA CARDIGAN ÁÐUR 6990
**NÚ 4990**



DAISY CARDIGAN ÁÐUR 8990
**NÚ 6990**



ADELE LOOSE BUXUR ÁÐUR 6990
**NÚ 4990**






HELLA BOLUR ÁÐUR 2990
**NÚ 1990**




NANNA TOPPUR ÁÐUR 3990
**NÚ 1990**



WONDER BUXUR VERÐ 7500
**TVENNAR Á 11500**



GELLER BUXUR VERÐ 5500
**TVENNAR Á 8500**

**VERO MODA®**

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND | VEROMODAICELAND

# Ég hata þig en ég elska þessa bók

Glæpasagnahöfundarnir Anders Roslund og Stefan Thunberg tókust á við það erfiða verkefni að skrifa bók sem byggir á ættarsögu Stefans en bræður hans og æskuvinir frömdu fjölda vopnaðra rána í Svíþjóð snemma á tíunda áratug síðustu aldar.

Glæpasögur sem byggðar eru á fjölskyldusögu höfundar eru ekki á hverju strái. Ein slík hefur þó farið sem eldur í sinu um heim glæpasagna að undanförnu og sér ekki fyrir endann á velgengni bókarinnar Dansað við björninn eftir Svíana Anders Roslund og Stefan Thunberg sem voru staddir hér á landi í vikunni.

Anders Roslund er margverðlaunaður rannsóknarblaðamaður og lofaður spennusagnahöfundur á síðustu árum. Stefan Thunberg er á meðal eftirsóttustu handritshöfunda Norðurlandanna og eftir hann liggja þekkt handrit að bæði kvikmyndum og sjónvarpsþáttum en þetta er hans fyrsta bók.

Sagan sem birtist lesendum í Dansað við björninn er engin venjuleg glæpasaga. Hún er fjölskyldusaga Stefans Thunberg sem hefur gengið með hana í maganum og á sálinni í tæp tuttugu ár. Stefan er næstelstur fjögurra bræðra sem snemma á tíunda áratug síðustu aldar héldu Svíþjóð í heljargreipum með röð vopnaðra rána sem minntu fremur á bandaríska kvikmynd en skandinavískan veruleika. Á þeim tíma var Stefan í listaskóla í Stokkhólmi en hann var engu að síður fyllilega meðvitaður um það sem bræður hans aðhöfðust.



**Í DRAUGAHELLINUM** Hér geymdu þeir félagar vopnin sem þeir rændu og nýttu við ránin. Myndin sýnir tvo af bræðrum Stefans Thunberg, þá Carl og Lenneart Sumonja, ásamt æskuvini þeirra Johan Alin fyrir miðri mynd.



**VOPNAÐ RÁN** Ein af 6.000 blaðsíðum lögregluskýrslunnar um vopnuðu ránin sem bræður Stefans frömdu og sagt er frá í Dansað við björninn.



**THUNBERG OG ROSLUND** „Við erum ólíkir einstaklingar sem sjáum sögur sömu augum,“ segir Anders Roslund um þá félaga sem skrifuðu saman glæpasöguna Dansað við björninn sem byggir á fjölskyldusögu Stefans Thunberg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Aðeins röð átaka

„Við komum úr skemmdu umhverfi með ofbeldisfullan og alkóhólíseraðan föður gínandi yfir öllu. Fyrir bræður mína var þetta leið út. Að verða sér úti um nægilega mikið af peningum til þess geta lifað góðu lífi. Ég vissi alveg hvað var í gangi á þessum tíma en það var aldrei inni í myndinni að kjafta frá þessu, slíkt gengi þvert á allt sem okkur hafði verið innprentað. En svo líða þessi ár og við Anders kynnumst og náum saman um þetta verkefni. Ég hefði aldrei getað þetta nema með honum, þá hefði þetta aldrei orðið almennileg bók – bara röð af átökum án orsaka og afleiðinga.“

Þeir Stefan og Anders eru ólíkir einstaklingar. Engu að síður bendir Anders á að þeir sjái sögur með sömu augum og að það hafi gert þeim kleift að vinna saman. „Við gerðum okkur grein fyrir því að við erum tengdari en við áttum von á. Ég kem líka af heimili með ofbeldisfullum föður og þetta mótar mann. Hefur mótað okkur báða, gert okkur að skapmönnum og sett í okkur galla sem við höfum þurft að vinna í að losa okkur við. Svo var ég líka í hringiðu þessarar sögu á sínum tíma sem fréttamaður og það sjónarhorn nýtist okkur. Í ekki stærra samfélagi en er í kringum glæpasögur og kvikmyndir í Svíþjóð var svo óhjákvæmilegt annað en að leiðir okkar lægju saman að endingu.“

### Vopnaspjall í eldhúsinu

Þeir Anders og Stefan eru sammála um að til þess að geta formað bók úr þessari ofbeldisfullu fjölskyldusögu hafi farið best á að taka hana í sundur og raða saman brotunum. „Ég fór og sótti lögregluskýrsluna og hún var upp á 6.000 síður,“ segir Anders. „Tók þetta ferlíki í fangið og burðaðist með þetta upp á fimmtu hæð í litlu íbúðina mína í Stokkhólmi þar sem Stefan beið eftir mér. Mér leið eins og ég væri að dragnast með lík upp allar tröppurnar og inn í íbúð þar sem ég lét þetta vaða í gólfið. Stefan horfði á aðfarirnar og hrúguna og gekk svo þegjandi út. Ég gat vel skilið að þetta væri erfitt og beið bara þangað til hann var tilbúinn að koma að þessu og það kom að því nokkrum vikum seinna. Veruleikinn sem birtist okkur þarna og í upplifun Stefans er grunnurinn að öllu í þessari bók – stóri sannleikurinn.“

Þó svo Stefan hafi aldrei verið gerandi eða aðili að því sem átti sér stað var hann alltaf nálægur. „Það er súrrealískt í dag að hugsa til þess að þegar ég kom í heimsókn þá heyrði ég í bræðrum mínum tala um vopn og ránsáætlanir yfir nokkrum bjórum við eldhúsborðið. Þeir kölluðu mig listamanninn og glottu aðeins að mér en annað var það ekki. Einu sinni gekk ég inn á þá þar sem þeir sátu og voru að horfa á sjónvarpsfréttir um ránin og þeir ræddu þetta bara eins og þeir væru að tala um bíómynd. Þeir vissu að ég vissi en það þurfti ekki að orða neitt.“

### Skapandi og snjallir bræður

Það var svo daginn fyrir jól, veturinn sem þetta stóð sem hæst, að Stefan kom heim í lok dags og kveikti á sjónvarpinu. Þar var verið að fylgjast með eltingarleik lögreglunnar við glæpamennina sem höfðu skekið Svíþjóð. Þeir voru vopnaðir og í stórum bíl, fastir í skurði í byljandi sænskum vetrarstormi, tilbúnir í átök. „Mesta áfallið var að sjá að pabbi var með þeim. Þeir höfðu tekið upp á því að sættast við kallinn og taka hann með í næsta rán. Það var áfall vegna þess að ég veit hvaða mann hann hefur að geyma og ég efaðist ekki um að hann mundi aldrei gefast upp. Ég var viss um að bræður mínir mundu deyja þarna í skurðinum í skotbardaga við lögregluna og við þá tilhugsun hrundi ég. Gat ekki meir. Sofnaði og vaknaði endurnærður á fallegum aðfangadegi sannfærður um að þetta hefði bara verið draumur. Gekk út á horn til þess að ná mér í morgunverð og þá sá ég fyrirsagnir blaðanna og raunveruleikinn skall á mér að nýju.“

Anders bendir á hversu mikill og þungbær þessi raunveruleiki getur verið. „Tengsl Stefans við bræður sína eru svo sterk og þetta er svo náið að stundum þurftum við að kljúfa persónur og skapa þær að nýju til þess að ná utan um verkefnið. Þessi rán voru svo hrottaleg en um leið hugmyndarík og snjöll. Stefan er greinilega ekki eini skapandi einstaklingurinn í þessari fjölskyldu – hann fann því bara jákvæðari farveg.“

### Við erum vinir í dag

„Núna þegar ég er loksins búinn að fara í gegnum þetta allt er þessi vanmáttartilfinning ekki eins ráðandi,“ segir Stefan og leggur áherslu á að við skrifin hafi í raun tekist á tveir pólar. „Annars vegar var þessi inngróna tilfinning um að maður megi aldrei kjafta og hins vegar mantran okkar Anders um að brjóta þetta allt niður í sögu og skáldskap.

Það sem gerði mér þetta kleift var að móðir mín gaf mér leyfi og hjálpaði mér í gegnum þetta. Hún sagði: „Nú er komið að þér Stefan, þetta er þinn tími.“ Það breytti öllu. Hún er löngu farin frá föður mínum og spjarar sig í dag og það gera bræður mínir líka.

Ég hafði samband við þá þegar bókin var klár til prentunar. Það var tveimur dögum fyrir jól, réttum tuttugu árum eftir að þeir náðust og ég fór með eitt handrit til þeirra svo þeir gætu lesið þetta fyrstir allra. Ég fór heim og beið. Fimmtán tímum síðar fékk ég símtal frá yngri bróður mínum Felix. Hann öskraði í símann: „Ég fokking hata þig en ég elska þessa bók!“ Síðan skellti hann á og við töluðum ekki saman í ár. Hann þurfti sinn tíma og við bræðurnir erum allir vinir í dag.“

magnus@frettabladid.is

# Tenórinn snýr aftur á fjalirnar

★★★☆☆

### Annar tenór

Sýnt í Iðnó

**HÖFUNDUR:** GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

**LEIKARAR:** GUÐMUNDUR ÓLAFSSON, SIGURSVEINN MAGNÚSSON, AÐALBJÖRG ÁRNADÓTTIR

**LEIKSTJÓRI:** MARÍA SIGURÐARDÓTTIR

**LÝSING:** KJARTAN DARRI KRISTJÁNSSON

Tenórinn er kominn aftur á sínar gömlu slóðir í Iðnó og fyrir troðfullu húsi á laugardaginn fór hann yfir atburðarás síðustu tólf ára ásamt því að syngja nokkur vel valin lög. Guðmundur Ólafsson bæði skrifar og leikur aðalhlutverkið í þessar ljúfsáru gamansýningu þar sem tenórinn hittir gamlan vin, undirleikarann skilningsríka leikinn af Sigursveini Magnússyni, sem er að hita upp fyrir tónleika kvöldsins.

Mikið hefur breyst síðasta áratuginn, tenórinn er fluttur heim til Íslands en er ekki alls kostar sáttur við dvöl sína í litlu þorpi úti á landi þar sem hann kennir mishæfileikaríkum bræðrum að radda, syngur í jarðarförum þegar BÓ kemst ekki og neitar að taka þátt í þorrablótsskemmtiatriðum fyrir kvenfélagið. Aftur á móti hefur undirleikarinn fundið sinn stað í lífinu, umkringdur fjölskyldu sinni og bíður nú eftir fæðingu tólfta barnabarnsins.

Söngrödd Guðmundar er algjör gersemi, lituð af einlægni og skemmtileg nærvera hans er máttarstólpi sýningarinnar. Það er einmitt í gegnum röddina þar sem tenórinn finnur helst sjálfan sig en bitrar minningar af gamla lífinu eru sem hlekkir á tilfinningalífi hans. Hann endurlifir ástina í gegnum „On the Street Where You Live“ úr My Fair Lady, syngur heilu aríurnar af mikilli innlifun og textar Davíðs Stefánssonar framkalla gæsahúð á þeim sem leggja við hlustir.

Leikstjórnin er í reyndum höndum Maríu Sigurðardóttir og vinnur hún skemmtilega með hið undurfallega rými Iðnó. Tempóið í sýningunni er kannski helst til lágstemmt fyrir gamanleikrit en einföld umgjörð og lýsing Kjartans Darra skapa skemmtilegt andrúmsloft í salnum. Undirleikur Sigursveins er einnig fagur án þess að vera of yfirþyrmandi.

Vandamál sýningarinnar liggur helst í ójöfnu handritinu, fortíðarþráin og blákaldur raunveruleikinn finna aldrei samhljóm. Dramatíkin og húmorinn takast á en hvorugt er sérstaklega eftirminnilegt, þó hitta sumar eftirhermur Guðmundar beint í mark, „efrivarabræðurnir“ þrír þá sérstaklega. Undirspilarinn virðist eingöngu vera til staðar sem stuðningsaðili fyrir tenórinn og svipaða sögu má segja um tæknikonu hússins, leikin prýðilega af Aðalbjörgu Árnadóttur. Persónur þeirra hafa hvorki djúpa forsögu né mikið fram að færa nema gamansöm innslög og samúð í garð tenórsins.



**SKEMMTILEG KVÖLDSTUND** Þau Guðmundur Ólafsson og Aðalbjörg Árnadóttir þykja standa sig vel á fjölunum í Iðnó en sýningin líður nokkuð fyrir misjafnt handrit.

Uppgjör tenórsins við sjálfan sig hefur þannig enga skýra niðurstöðu fyrir utan mögulega að taka lífið í sátt frekar en að ríghalda í fortíðina og eftirsjána sem henni fylgir. Ferðalagið er spaugilegt á köflum og söngurinn fallegur á leiðinni en endar ekki á nýjum stað.

Sigríður Jónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Algjörlega glimrandi söngstund með Guðmundi en verkið líður fyrir misjafnt handrit.




1499.-




10 bækur í pakka
3990.-




1299.-







690.-




690.-




1490.-




990.-




990.-




1999.-




2980.-




2799.-

# Litir eru óútreiknanlegt fyrirbæri

**Eygló Harðardóttir myndlistarmaður opnar sýningu á þrívíðum málverkum í Týsgalleríi, Týsgötu 3, í dag.**

„Sýningin heitir Samsíða sjónarhorn. Á henni eru óhlutbundin verk á stöplum, vegg og gólfi,“ segir Eygló Harðardóttir listakona sem opnar sýningu í Týsgalleríi klukkan 17 í dag. Hún segir hreyfinguna sem skapast af áhorfendum í rýminu í raun hluta af upplifuninni.

„Ef fólk vill ná heildarmynd af verkunum verður það að skoða þau frá öllum sjónarhornum og ekkert eitt þeirra er réttara en annað,“ útskýrir hún og bætir við: „Þegar maður vinnur með liti í svona flóknu samhengi þá gerist eitthvað nýtt því litir eru svo óútreiknanlegt fyrirbæri, meðal annars eftir birtu.“

Týsgallerí er opið frá fimmtudegi til laugardags frá 13 til 17.

- gun



**LISTAKONAN** „Ef fólk vill ná heildarmynd af verkunum verður það að skoða þau frá öllum sjónarhornum,“ segir Eygló.



**FEÐGININ** Júlía Margrét og Einar á förum upp í Borgarnes að æfa Skálmöld sem þau sýna þar næstu helgar. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

# Fæ að leika skörunga

**Skálmöld Einars Kárasonar verður frumsýnd á Söguloftí Landnámssetursins í Borgarnesi á föstudagskvöld, af höfundinum og Júlíu Margréti, dóttur hans.**

„Ég er nú bara að lesa og búa mig undir sýninguna sem við pabbi ætlum að vera með í Landnámssetrinu annað kvöld klukkan átta. Aðeins að reyna að ná textanum og koma mér í gírinn fyrir Steinvöru Sighvatsdóttur,“ segir Júlía Margrét Einarsdóttir glaðlega þegar slegið er á þráðinn til hennar. Hún ætlar að túlka söguna Skálmöld með höfundinum föður sínum, Einari Kárasyni, á Söguloftinu í Borgarnesi en hún fjallar um stórbrotin örlög, ris og fall fjölskyldu á Sturlungaöld. Júlía Margrét mun bregða sér í ýmis hlutverk, meira að segja Halldóru, húsfreyju á Grund, móður aðalpersónunnar Sturlu Sighvatssonar sem faðir hennar leikur.

Júlía Margrét segir þau feðgin hafa tekið nokkrar góðar æfingar í Borgarnesi undanfarið og vera á förum þangað. „Það er mikilvægt fyrir mig að kynnast staðnum vel því ég er að koma þar fram í fyrsta skipti en þetta er sjötta sýningin hans pabba,“ segir Júlía og kveðst orðin spennt. „Ég hef ekkert komið fram á sviði síðan ég var í Herranótt þegar ég var sautján ára, þá lék ég gamlan karl í einhverjar fimm mínútur, þannig að þetta er stórt skref fram á við á mínum leikferli, sem líklega verður ekki mikið lengri en þetta! En nú fæ ég að leika skörunga – það dugar ekkert minna!“

gun@frettabladid.is



# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**5. MARS 2015**

### Tónleikar

**17.30** Tónlistarparið Margrét Rúnarsdóttir og Birkir Rafn Gíslason leika og syngja eigin tónlist á Tónstöfum í Bókasafni Seltjarnarness. Aðgangur ókeypis.
**19.30** Sænski trompetleikarinn Håkan Hardenberger og hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier koma fram á tónleikum ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Miðaverð frá 2.400 krónum.
**20.00** Priðju spunatónleikar Kristjönu Stefánsdóttur og Kjartan Valdemarssonar í Hannesarholti. Viðfangsefnið er rokk og popplög. Miðaverð er 2.500 krónur.
**21.00** Tinna Þorsteinsdóttir og Borgar Magnason koma saman í Mengi og bjóða áheyrendum upp á hjóðvef tveggja ólíkra hljóðfæra, dótapíanósins og kontrabassans. Miðaverð er 2.000 krónur.
**21.00** Guðmundur Jónsson og Vestanáttin á Café Rosenberg í kvöld.
**21.00** Hljómsveitin Nýdönsk heldur tónleika í Hljómahöll. Nýdönsk mun leika sín þekktustu lög auk laga af Diskó Berlín. Miðaverð er 4.500 krónur.
**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Opnanir



**10.00** Sýning á bókverki Freyju Eilífar Logadóttur, Litaðu og lærðu um íslenska nútímalist verður opnuð í Borgarbókasafninu. Bókverkið inniheldur 94 útlínuteikningar eftir verkum íslenskra myndlistamanna.
**17.00** Sýningin Samsíða sjónarhorn með verkum eftir Eygló Harðardóttur verður opnuð í Týsgalleríi.

### Fundir

Þórir Guðmundsson hjá Rauða krossinum segir frá borgarastyrjöldinni í Sýrlandi og flóttamannastraumnum þaðan í húsi Rauða krossins, Efstaleiti 9. Allir velkomnir. Skráning á fundinn fer fram á vefsíðunni Raudikrossinn.is.

### Hátíðir

**20.00** Reykjavík Folk Festival hefst á Kexi Hosteli í kvöld. FUNI, Moð, Teitur Magnússon og Ylja koma fram í kvöld. Miðaverð fyrir stök kvöld 3.000 krónur en hátíðarpassi 7.999.

### Kvikmyndir

**18.00** Sænska kvikmyndin Turist sýnd í Sambíóunum á Akureyri. Myndin verður með íslenskum texta. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Uppákomur

**16.30** Stefnumót tungumála á vegum Café Lingua í Stúdentakjallaranum. Allir velkomnir.

**17.00** Verðlaunaafhending í ljósmyndaleiknum Hjarta landsins sem Landvernd efndi til síðastliðið haust. Ómar Ragnarson afhendir fyrstu verðlaun og flytur stutta hálendishugvekju. Ný heimasíða Landverndar opnuð og stutt myndband frumsýnt. Verðlaunaafhending fer fram á Kexi Hosteli og allir velkomnir.
**20.00** Dj Margeir setur tónin fyrir flæðið á Yoga Moves í Dansverkstæði, Skúlagötu 30. Fjögurra tíma klippikort á 5.000 krónur.
**21.00** Karókíkvöld Hits & Tits á Húrra í kvöld.



### Tónlist

**21.00** Dj Moonshine þeytir skífum á Prikinu í kvöld.
**21.00** Trúbadorarnir Hjálmar & Dagur á English Pub í kvöld.
**21.00** Dj Alfons X þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.
**22.00** Bump it Out vol. 3 á Dolly. Gimsteinar hústónlistarsögunnar frá 9. áratugnum leiknir af vínyl. Dj Kári þeytir skífum.
**22.00** Trúbadorinn Garðar á Dubliner í kvöld.

### Leiðsögn

**12.00** Hádegisleiðsögn með Einari Garibalda í Hafnarhúsi um sýninguna Nýmálað 1. Einar er meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni. Aðgangseyrir á sýninguna er 1.400 krónur og eftir leiðsögnina er gestum boðið upp á kaffi og með því.

### Fyrirlestrar

**12.00** Fyrirlesturinn Hvað er frumlag? verður fluttur í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn verður fluttur af Jóhönnu Barðdal og er hann á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Allir velkomnir.
**17.15** Annað erindið af þremur um Fegurð verður flutt í Bókasafni Kópavogs. Bjarni Karlsson prestur flytur. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Dans

**20.00** Salsaveisla á Rio í kvöld. Frír prufutími fyrir byrjendur hefst klukkan 20.00, að honum loknum er dansgólfið laust til miðnættis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.






Alzheimers
Brjóstakrabbamein
Offita og fullorðinssykursýki
Hjartasjúkdómar
Geðsjúkdómar
Efnaskiptasjúkdómar

● erfðir fíknar **FÍKN**

**OPINN FRÆÐSLUFUNDUR**

mánudaginn 9. mars kl. 17:00 - 18:30
í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8
kaffiveitingar frá 16:30

*Erindi flytja:*


Þórarinn Tyrfingsson
læknir, SÁÁ


Þorgeir Þorgeirsson
erfðafræðingur, ÍE


Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur, ÍE

Þetta er fjórði fræðslufundurinn sem Íslensk erfðagreining heldur í vetur um sjúkdóma og rannsóknir.

Á vefnum okkar getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista til að fá tilkynningar um atburði.

decode.is/fundir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING
í samstarfi við SÁÁ
SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**41 árs Matt Lucas leikari**

**Þekktastur fyrir:** Little Britain, Shaun of the Dead.

## FRUMSÝNINGAR




**Chappie**
**Spennumynd**
**Helstu leikarar:** Hugh Jackman, Sigourney Weaver
IMDb 5,0/10



**Focus**
**Gamanmynd**
**Helstu leikarar:** Will Smith, Margot Robbie, Rodrigo Santoro
IMDb 7,0/10 Rotten Tomatoes 55%



**The Duff**
**Gamanmynd**
**Helstu leikarar:** Mae Whitman, Bella Thorne, Robbie Amell
IMDb 7,2/10 Rotten Tomatoes 64%



**The Grump**
**Gamanmynd**
**Helstu leikarar:** Antti Litja, Iikka Forss, Mari Perankoski
IMDb 7,3/10



**RÓA SIG!** Hér má sjá skjáskot úr nýju myndinni. Tilraunir til þess að auka aðsókn í Júragarðinn fara forgörðum.

# Grimmar eðlur enn í Júragarðinum

Átján risaeðlur sem munu sjást í Jurassic World hafa verið kynntar til leiks á vefsíðu kvikmyndarinnar. Myndin verður sýnd í þrívídd.

Í vikunni voru átján nýjar risaeðlur kynntar á vefsíðu sem helguð er kvikmyndinni Jurassic World, en myndin verður frumsýnd í sumar. Vefsíðan er látin líta út fyrir að vera vefsíða skemmtigarðs sem ber sama heitið og er sögusvið myndarinnar. Á vefsíðunni er saga hverrar risaeðlu fyrir sig rakin, sem mun væntanlega dýpka upplifun þeirra sem horfa á myndina.

**Kvenkyns Rex**

Búið er að kynna leikföng sem fara nú í sölu samhliða kynningu á myndinni. Jurassic World-leikföngin voru kynnt á leikfangahátíð í New York. Þar kom í ljós að ein helsta risaeðla kvikmyndarinnar gengur undir nafninu Indominus rex og verður kvenkyns. Í myndinni verður hún genabætt; sneggri, sterkari, klárari og hreyfanlegri útgáfan af hinni þekktu T-Rex-risaeðlu í fyrri myndunum.

**22 árum síðar**

Sögusvið hinnar nýju Jurassic World er það sama og í síðustu myndinni. Tuttugu og tvö ár eru síðan áhorfendur fengu síðast að skyggnast inn í lífið á Isla Nublar, þar sem Jurassic Park var reistur. Nýja myndin fjallar um tilraunir til þess að auka aðsókn í Júragarðinn, eftir að sífellt færri eru farnir að heimsækja hann. Eins og í fyrri myndunum draga slíkar tilraunir dilk á eftir sér.

**Tíu árum á eftir áætlun**

Þessa nýju mynd um risaeðlurnar í Júragarðinum átti að frumsýna fyrir tíu árum. En ekki tókst að sættast á handrit sem þótti sæma seríunni fyrr en árið 2011. Með aðalhlutverk í myndinni fara Chris Pratt, Bryce Dallas Howard, Judy Greer og Vincent D'Onofrio. Leikstjóri myndarinnar er Colin Trevorrow, sem er þekktastur fyrir leikstjórn sína í gamanmyndinni Safety Not Guaranteed.

kjartanatli@frettabladid.is



**MIKLAR VINSÆLDIR** Jurassic Park-myndirnar voru mjög vinsælar á tíunda áratugnum. Enn má upplifa stemninguna í myndinni í Universal-garðinum í Flórída-fylki í Bandaríkjunum.



LYFJA
– Lifið heil

BOSS
HUGO BOSS

# ILMDAGAR Í LYFJU







**25% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA **5.-8. MARS.**
Finndu þinn Hugo Boss ilm.

www.lyfja.is



Grínistinn **Ricky Gervais** var alsæll, af svipnum að dæma, á heimsfrumsýningu House of Cards. Svo kátur var hann að hann smellti í eina sjálfsmynd með aðdáendum.



Leikarinn **Antonio Banderas** hafði meiri áhuga á því að taka sjálfsmynd með kærustu sinni, **Nicole Kimpel**, en að fylgjast með körfuboltaleiknum.

# FJÖRUG VIKA HJÁ FRÆGUM

Það er alltaf jafn gaman að líta yfir vikuna hjá fræga fólkinu og sjá hvað dreif á daga þess. Að venju var ekki lognmolla í kringum stjörnurnar þegar þær sinntu vinnu sinni eða bugðu á leik með aðdáendum.



Söngkonan **Lady Gaga** og unnusti hennar, **Taylor Kinney**, fengu sér kalda dýfu í Chicago Polar Plunge í vikunni.



**Vilhjálmur prins** er um þessar mundir í opinberri heimsókn í Japan og bregður hér á leik með japönsku barni. Nú styttist einnig óðum í nýjan erfingja í Buckingham-höll.



**Mark Wahlberg** og **Rhea Durham**, eiginkona hans, áttu vandræðalegt kossamóment á körfuboltaleik í vikunni. Ætli sjálfsmyndataka Banderas hafi truflað þau?




## Kalla á allt gamla Hverfisliðið

Aðdáendur Hverfisbarsins geta reimað á sig dansskóna á ný á föstudag.

Dyr Hverfisbarsins heitins verða opnaðar á ný á föstudag. „Okkur langaði að draga fram gamla andann sem var á staðnum,“ segir Bjarni Hallgrímur Bjarnason, einn aðstandenda staðarins.

Margir muna eftir Hverfisbarnum en honum var lokað árið 2010. Síðan þá hafa verið þar staðir eins og Bankinn, Buddah bar, Mánabar og nú síðast Park. „Nýi staðurinn verður mjög líkur þeim gamla, en talsvert nútímalegri. Barinn og básarnir munu minna svolítið á gamla staðinn,“ segir Bjarni.

Staðurinn verður opinn fimmtudaga til laugardaga. „Á gamla Hverfisbarnum voru fimmtudagarnir mjög vinsælir, og okkur langar svolítið að vekja upp þá stemningu aftur,“ segir hann.

Staðurinn verður opnaður með pompi og prakt á föstudagskvöld. „Það væri gaman að fá gamla Hverfisliðið aftur á staðinn, við erum kannski svolítið að reyna að kalla á það aftur inn á staðinn,“ segir Bjarni hress. Staðurinn verður opnaður eins og áður sagði á föstudag klukkan sjö.

- asi



**ALLT AÐ GERAST** Bjarni býður gamla og nýja Hverfisbarsaðdáendur velkomna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

➜ Á gamla Hverfisbarnum voru fimmtudagarnir mjög vinsælir, og okkur langar svolítið að vekja upp þá stemningu aftur.

# DEBENHAMS




*Meðan birgðir endast

## SHISEIDO DEKURDAGAR 5.-11. MARS

NÝ VARA FRÁ SHISEIDO: Bio-Performance Glow Revival Serum lagar viðkvæmt háræðakerfi húðarinnar og gerir hana heilbrigða, lausa við roða og opnar húðholur. Húðin verður þéttari og yfirbragðið bjartara.

## 20% AFSLÁTTUR

af öllum ULTIMUNE og Bio-Performance vörum þessa daga. Þegar keyptar eru 2 Shiseido vörur eða fleiri fylgir glæsilegur kaupauki*.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



SÖLVI BLÖNDAL

# Fyrsta plata Halleluwah

Fyrsta plata tvíeykisins Halleluwah kemur út í dag. Meðlimir rafsveitarinnar eru Rakel Mjöll Leifsdóttir og Sölvi Blöndal, stofnandi Quarashi. Tónlistin á plötunni, sem ber sama titil og sveitin sjálf, er sögð vera í anda rökkurmyndahefðarinnar (film noir), með gamaldags raddbeitingu í bland við R&B með myrkum rafhljómum. Halleluwah hefur verið starfandi frá 2013, en fyrsta smáskífan sem sveitin sendi frá sér var Blue Velvet. Nú þegar er eitt lag af plötu Halleluwah komið í spilun og ber titilinn Dior.

# Lagerstarfsmaður í hjarta mínu

BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar



Stundum líður mér eins og ég sé á rangri hillu í lífinu. Eins og starfsferillinn sem ég valdi fyrir tæpum áratug hafi verið skref í ranga átt. Að kröftum mínum og tíma væri betur varið annars staðar en í fjölmiðlum.

**EINU** sinni starfaði ég í afgreiðslukæli í Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi. Þetta var nokkurs konar lagerstarf. Ég tók við pöntunum frá fyrirtækjum, stórum og smáum, raðaði vörum í grindur og keyrði þær loks út í flutningabíla sem tóku stefnu í austur eða vestur – eftir því hvort vörurnar væru á leiðinni í Hótel Örk í Hveragerði eða í Söluskálann á Landvegamótum rétt hjá Hellu.

**PRÁTT** fyrir að það sé langt síðan ég sagði skilið við endasleppan feril í kælinum þá er ég í hjarta mínu enn þá lagerstarfsmaður. Að kaupa færri en tvær tannkremstúbur í einu er í besta falli tímasóun. Það er fátt verra en að koma að þurrausinni tannkremstúbu að morgni og neyðast til að grípa til lyfleysulausna á borð við að tyggja tyggjó til að losna við uppsafnaðan næturfnykinn úr munninum.

**SVIPAÐ** slæmt er að stíga inn í sturtu, aðeins til að komast að því að sturtusápan hefur verið drýgð svo lengi að innihald flöskunnar er nær því að vera vatn en hreinsiefni. Þess vegna kaupi ég yfirleitt þrjár til fjórar flöskur af sturtusápu þegar það byrjar að sjá á lagernum. Sama regla gildir um ýmislegt annað á heimilinu, allt frá sokkum til sælgætis. Alls staðar þarf birgðastaðan að vera góð svo lífið geti gengið skakkafallalaust fyrir sig.

**GÓÐUR** lager er til marks um skýra framtíðarsýn. Með því að eyða örlítið meira en maður þarf í hverri verslunarferð er maður að sjá til þess að áföll á borð við tannkremsskort eigi sér ekki stað. Ekkert kemur góðum lagermanni á óvart. Ekkert klárast á góðum lager. Munum það nú þegar við erum byrjuð að hafa áhyggjur af stærð bankanna.



**HRESSIR** Nýdönsk spilar í Hljómahöll í kvöld og mun á næstu vikum spila á Siglufirði, Akureyri og Akranesi.



**ELDHEITUR AÐDÁANDI** Michael Gnat er þrælspenntur fyrir því að sjá Nýdönsk á tónleikum í kvöld.
MYND/MICHAELGNAT

# Skilur ekkert hvað þeir segja en elskar Horfðu til himins

**Michael Gnat kemur frá Kanada til þess að fara á tónleika með Nýdönsk. Hann hlakkar mikið til að sjá hana á tónleikum í kvöld. Hann kynntist sveitinni á menningarnótt og hefur hlustað á hana viðstöðulaust síðan.**

„Ég er mjög, mjög spenntur,“ segir Kanadamaðurinn Michael Gnat, sem ferðast til Íslands gagngert til þess að sjá sína uppáhaldshljómsveit, Nýdönsk, leika á tónleikum.

„Í ágúst síðastliðnum var ég á Íslandi ásamt dóttur minni vegna þess að Sinfóníuhljómsveitin okkar frá Toronto var að spila í Hörpunni og mig langaði til þess að sjá hana,“ segir hann þegar hann er spurður að því hvernig hann komst í kynni við hljómsveitina.

„Það helgi var einmitt menningarnótt. Við vorum að rölta um Reykjavík og fengum okkur kvöldverð. Þegar við höfðum lokið við að borða löbbuðum við fram hjá tónleikunum á Arnarhóli,“ segir Gnat hress.

„Við náðum seinasta hluta tónleika Nýdanskra. Ég féll strax fyrir tónlistinni þeirra og fór til öryggisvarðarins og spurði hann hverjir þetta væru. Hann svaraði að þetta væri hljómsveitin Nýdönsk og ég sagði honum að hann yrði að skrifa þetta niður.“ Í kjölfarið varð Gnat sér út um tvo geisladiska með hljómsveitinni og hefur hlustað viðstöðulaust á þá síðan.

„Ég hef enga hugmynd um hvað þeir eru að segja en ég elska tónlistina,“ segir hann og hlær. Úr varð að Gnat kom sér í samband við Nýdönsk og mætir í kjölfarið á tónleika sveitarinnar í Hljómahöll í kvöld.

„Mér finnst þetta þrælmagnað alveg því þetta kostar kappann sjálfsagt morð fjár. Við ákváðum þó að bjóða honum á tónleikana í Hljómahöllinni – svona til að sýna lit,“ segir Jón Ólafsson, hljómborðsleikari Nýdanskra.

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð sveitarinnar sem hún nefnir Nýdanska daga en leikurinn hófst í Bæjarbíói síðastliðna helgi og mun sveitin á næstu vikum heimsækja Siglufjörð, Akureyri og Akranes.

„Nýdanskir dagar innihalda tónleika hljómsveitarinnar, opinbera heimsókn til bæjarstjóranna og loks fáum við atriði frá tónlistarskólum hvers bæjarfélags fyrir sig og krakkarnir koma fram á tónleikunum hjá okkur,“ segir Jón Ólafsson, en hljómsveitin mun hitta Gnat í fyrsta sinn augliti til auglitis á tónleikunum.

Uppáhaldslög Gnats eru Flugvélar, Horfðu til himins og Nýr maður af diskinum Diskó Berlín.

„Ég vildi óska að ég gæti borið nöfnin fram en ég kann bara að segja takk og brennivín,“ segir hann hress að lokum.

Tónleikarnir hefjast klukkan níu í kvöld í Hljómahöll.

gydaloa@frettabladid.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BEFORE I GO TO SLEEP VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 - 10:10 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:35 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:30 |
| INTO THE WOODS | KL. 8 |
| ANNIE | KL. 8 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:40 |
| INTO THE WOODS | KL. 8 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | |
|---|---|
| ANNIE | KL 5 |
| INTO THE WOODS | KL 5 |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 |
| HOT TUB TIME MACHINE | KL 8 - 10.10 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL 8 - 10.40 |
| KINGSMAN | KL 8 - 10.45 |
| PADDINGTON | KL 5.45 - ÍSL TAL |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | |
|---|---|
| ANNIE | KL 5.30 |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL 9 - 10.40 |
| BIRDMAN | KL 5.30 - 8 - 10.40 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL 5.30-8-10- ÍSL TEXTI |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| STILL ALICE | 5:45, 8, 10:10 |
| ANNIE | 5:15 |
| VEIÐIMENNIRNIR | 8, 10:10 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:45 |
| KINGSMAN | 10:30 |




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Blowfly park ........ 18.00, 20.10
The trip to Italy ........ 18.00
Óli prik ........ 18.00, 22.10
Wild tales ........ 20.00, 22.20
What we do in the shadows ........ 20.00, 22.00




Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.


NÝJAR VÖRUR
Sheesam borð
19.900,-
Stærð:
30x30xH51 cm.
Jalila 39.900,-
Stærð: 64x77xH82 cm.
Borð m/blaðahirslu
34.900,-
Stærð:
60x40xH47 cm.
Adahy
69.900,-
Stærð:
71x84xH95 cm.
Duchess
49.900,-
Stærð:
77x72xH88 cm.
Piccadilly
59.900,-
Stærð: 72x71xH81 cm.
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

## Hafnarfjarðarslagur í Krikanum



**HANDBOLTI** Þrír leikir fara fram í Olís-deild karla í kvöld. Nýkrýndir bikarmeistarar ÍBV sækja Valsmenn heim en Hlíðarendapiltar eru í toppsæti deildarinnar með 32 stig, þremur meira en Afturelding sem er í 2. sæti.

Það verður hart barist í Kaplakrika þar sem FH og Haukar mætast. FH-ingar, sem töpuðu fyrir Eyjamönnum í úrslitum bikarkeppninnar um helgina, eru í 4. sæti með 22 stig en Haukarnir eru í því sjöunda með 19 stig.

Þá mætir Bjarki Sigurðsson með HK á sinn gamla heimavöll í Austurberginu. Kópavogsliðið er í nær vonlausri stöðu á botni deildarinnar en ÍR-ingar sitja í 3. sætinu, fimm stigum frá toppliði Vals. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.30. **- iþs**

## Þarf líklega að bæta metið

**FRJÁLSAR** Hafdís Sigurðardóttir, UFA, er ein af sex íslenskum keppendum sem taka þátt á EM í frjálsum íþróttum í Prag en mótið hefst síðdegis í dag og stendur fram á sunnudag.

Hafdís hefur leik á morgun þegar hún keppir í undanrásunum í langstökki. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist hún stefna á að komast í úrslitin sem fara fram á laugardaginn.

„Ég ætla að nota þessi þrjú stökk sem ég fæ eins og vel og ég get,“ sagði Hafdís en íslenski hópurinn var nýkominn upp á hótel þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

„Við erum öll rosalega spennt og til í slaginn,“ sagði Hafdís enn fremur en hún segist líklega þurfa að bæta Íslandsmet sitt til að komast áfram. Íslandsmet Hafdísar, sem hún setti í janúar, er 6,47 metrar en það er 15. besti árangur þeirra 23 sem keppa í langstökkinu í Prag. **- iþs**



**STEFNIR HÁTT** Hafdís setur stefnuna á úrslitin í langstökki á EM í frjálsum íþróttum í Prag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**ÖFLUG** LeLe Hardy fór fyrir Haukunum og skoraði 38 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## DOMINOS KVENNA

**HAUKAR - KEFLAVÍK 85-75**

**Stig Hauka:** LeLe Hardy 38, María Lind Sigurðardóttir 12, Sólrún Inga Gísladóttir 11, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 9, Guðrún Ósk Ámundadóttir 5, Auður Íris Ólafsdóttir 5, Dagbjört Samúelsdóttir 3, Þóra Kristín Jónsdóttir 1, Hanna Þráinsdóttir

**Stig Keflavíkur:** Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 23, Sara Rún Hinriksdóttir 16, Ingunn Embla Kristínardóttir 14, Elfa Falsdóttir 7, Marín Laufey Davíðsdóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 4, Sandra Lind Þrastardóttir 3, Bryndís Guðmundsdóttir 2, Thelma Dís Ágústsdóttir 2.

**KR - SNÆFELL 56-72**

**Stigahæstar:** Simone Holmes 25, Björg G. Einarsdóttir 12, Bergþóra Holton 9. Gunnhildur Gunnarsdóttir 17, Kristen McCarthy 17, Hildur Sigurðardóttir 12.

**BREIÐABLIK - GRINDAVÍK 60-72**

**VALUR - HAMAR 65-61**

**Stig liða:** Snæfell 40, Keflav. 36, Valur 28, Grindavík 28, Haukar 26, Hamar 10, KR 8, Breiðablik 4.

## OLÍS DEILD KVENNA

**VALUR - FH 30-21 (18-13)**

**Markahæstar:** Kristín Guðmundsdóttir 5, Íris Ásta Pétursdóttir 5, Aðalheiður Hreinsdóttir 3, - Ingibjörg Pálmadóttir 8, Heiðdís Guðmundsdóttir 6.

**FYLKIR - FRAM 18-18 (12-10)**

**Markahæstar:** The Imani Sturludóttir 6, Patrícia Szölösi 4 - Steinunn Björnsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Ragnheiður Júlíusdóttir 3.

**ÍR - HAUKAR 23-32 (11-22)**

**Markahæstar:** Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir 8, Sigrún Ása Ásgrímsdóttir 4, Karen Tinna Demian 4 - Ásta Björk Agnarsdóttir 7, Vilborg Pétursdóttir 5, Ragnheiður Kjartansdóttir 4.

**HK - ÍBV 10-14 (21-26)**

**Markahæstar:** Gerður Arinbjarnar 5, Sigríður Hauksdóttir 4 - Ester Óskarsdóttir 10, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 4, Vera Lopes 4.

**Stig liða:** Grótta 32, Stjarnan 32, Fram 30, Haukar 26, ÍBV 24, Valur 22, Fylkir 20, Selfoss 15, HK 14, FH 9, KA/Þór 5.



**TAP** Glódís Perla Viggósdóttir og stelpurnar í kvennalandsliðinu byrjuðu á tapi gegn firnasterku liði Sviss á Algarve. MYND/KSÍ

# Fullt jákvætt í tapinu

Íslenska kvennalandsliðið tapaði fyrsta leiknum á Algarve-mótinu í gær á móti Sviss, 2-0. Landsliðsþjálfarinn ánægður með hvernig leikurinn spilaðist.

**FÓTBOLTI** „Þetta gekk bara vel og var okkar besti leikur á móti Sviss þannig að það er jákvætt,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, við Fréttablaðið eftir 2-0 tap okkar kvenna gegn Sviss í fyrsta leik liðsins á Algarve-mótinu í gær.

Markalaust var í hálfleik og gekk lágpressa íslenska liðsins upp, en Freyr lagði upp með að spila þéttan varnarleik í gær. Sviss skoraði tvívegis í síðari hálfleik og vann leikinn. Seinna markið kom úr vítaspyrnu.

„Maður vill alltaf vinna og við fengum tækifæri til þess. Vítið var mjög mjúkt og svekkjandi fyrir Önnu Maríu að fá það á sig því hún var búin að eiga frábæran leik fram að því,“ sagði Freyr sem var ánægður með spilamennskuna.

„Við fengum færi í leiknum og nákvæmlega upp úr því sem við ætluðum okkur; hröðum sóknum og föstum leikatriðum. Þær opna okkur aðeins einu sinni í leiknum en í síðustu leikjum á móti þeim voru þær mikið að fara í gegnum okkur. Það var gott að koma í veg fyrir það. Varnartaktíkin gekk mjög vel upp og stelpurnar spiluðu hana vel. Það var gott og því tínum við fullt af flottum hlutum úr þessum leik,“ sagði Freyr.

Ísland átti skot í stöngina beint úr hornspyrnu og þá skaut Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir framhjá úr fínu færi þannig að tækifæri voru til að skora. Í heildina skorti þó meiri gæði í sóknarleikinn.

„Uppbyggingin í sókninni var ekki nógu góð en ég verð að líta fram hjá einhverju. Við náðum bara tveimur æfingadögum og ég lagði alla áherslu á varnarleikinn,“ sagði Freyr sem fannst nokkrir leikmenn eiga skínandi dag. „Gunnhildur Yrsa átti frábæran leik. Þvílíkur eldmóður og hugrekki í henni. Ég spilaði á mjög ungu liði og ungu stúlkurnar, Lára Kristín, Glódís og Anna María, spiluðu allar frábærlega.“

Margrét Lára sneri aftur í íslenska liðið í gær og hefði átt að fá vítaspyrnu að mati Freys.

„Hún var frábær og með sinn leikskilning náði hún að teikna upp tvær góðar sóknir og komast í færi. Svo var hún felld í teignum en fékk ekki neitt. Það hefði verið rómantík í því að fá mark frá henni,“ sagði Freyr.

Ísland mætir næst Noregi á föstudaginn og svo stórliði Bandaríkjanna á mánudaginn en allir mótherjar Íslands eru á leiðinni á HM í sumar. **tomas@365.is**

## ENSKA DEILDIN

**MANCHESTER CITY - LEICESTER 2-0**
**1-0 David Silva (45.), 2-0 James Milner (88.).**

**NEWCASTLE - MANCHESTER UNITED 0-1**
**0-1 Ashley Young (89.).**

**QUEENS PARK RANGERS - ARSENAL 1-2**
**0-1 Oliver Giroud (64.), 0-2 Alexis Sánchez (69.), 1-2 Charlie Austin (82.).**

**STOKE - EVERTON 2-0**
**1-0 Victor Moses (32.), Mame Biram Diouf (84.).**

**TOTTENHAM - SWANSEA 3-2**
**1-0 Nacer Chadli (7.), 1-1 Sung-Yueng Ki (21.), 2-1 Ryan Mason (51.), 3-1 Andros Townsend (60.), 3-2 Gylfi Þór Sigurðsson (89.).**

**WEST HAM - CHELSEA 0-1**
**0-1 Eden Hazard (23.).**

**LIVERPOOL - BURNLEY 2-0**
**1-0 Jordan Henderson (29.), Daniel Sturridge (51.).**

**STAÐAN Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 27 | 19 | 6 | 2 | 57-22 | 63 |
| Man. City | 28 | 17 | 7 | 4 | 59-27 | 58 |
| Arsenal | 28 | 16 | 6 | 6 | 53-30 | 54 |
| Man. United | 28 | 15 | 8 | 5 | 47-26 | 53 |
| Liverpool | 28 | 15 | 6 | 7 | 42-30 | 51 |
| Southampton | 28 | 15 | 4 | 9 | 39-20 | 49 |
| Tottenham | 27 | 14 | 5 | 8 | 44-38 | 47 |
| Stoke | 28 | 12 | 6 | 10 | 33-34 | 42 |
| Swansea | 28 | 11 | 7 | 10 | 33-37 | 40 |
| West Ham | 28 | 10 | 9 | 9 | 39-34 | 39 |
| Newcastle | 28 | 9 | 8 | 11 | 32-43 | 35 |
| C.Palace | 28 | 7 | 9 | 12 | 31-39 | 30 |
| West Brom | 28 | 7 | 9 | 12 | 26-36 | 30 |
| Everton | 28 | 6 | 10 | 12 | 33-41 | 28 |
| Hull | 28 | 6 | 9 | 13 | 26-37 | 27 |
| Sunderland | 28 | 4 | 14 | 10 | 23-39 | 26 |
| Aston Villa | 28 | 6 | 7 | 15 | 15-38 | 25 |
| QPR | 27 | 6 | 4 | 17 | 28-47 | 22 |
| Burnley | 27 | 4 | 10 | 13 | 25-45 | 22 |
| Leicester | 26 | 4 | 6 | 16 | 24-42 | 18 |



**MARKAHÆSTUR** Enginn miðjumaður í ensku úrvalsdeildinni hefur skorað fleiri mörk en Hazard eða 10. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Eitt stórt reikningsdæmi í lok þriggja leikja viku

Aðeins einn sigurleikur er á milli liðanna í þriðja og sjöunda sæti í Dominos-deild karla í körfubolta fyrir síðustu þrjár umferðirnar

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar eru orðnir deildarmeistarar en spennan er samt engu lík í karlakörfunni. Síðustu þrjár umferðir Dominosdeildar karla í körfubolta eru framundan og vegna þess hversu litlu munar á liðunum í þriðja til sjöunda sæti þá getur margt breyst í lokaumferðunum sem fara allar fram á mjög stuttum tíma.

Nú eru sex stig eftir í pottinum en það er hins vegar aðeins einn sigurleikur (tvö stig) á milli liðanna í þriðja og sjöunda sæti. Liðin í þriðja til fimmta sætið eru jöfn að stigum og það eru aðeins tvö stig í liðin sem eru með jafnmörg stig í sjötta og sjöunda sæti. Liðin raðast upp eftir innbyrðisviðureignum og það er nokkuð borðleggjandi að þetta gæti orðið eitt stórt reikningsdæmi í lokin.

**LIÐIN Í 3. TIL 9. SÆTI OG LEIKIR SEM ERU EFTIR**

**3. HAUKAR 22 STIG**
ÍR (heima) , Tindastóll (úti) Keflavík (heima)

**4. STJARNAN 22 STIG**
KR (heima), Njarðvík (úti), ÍR (heima)

**5. NJARÐVÍK 22 STIG**
Skallagrímur (ú.), Stjarnan (h.), Þór Þorl. (ú.)

**6. ÞÓR Þ. 20 STIG**
Fjölnir (úti), KR (úti), Njarðvík (heima)

**7. GRINDAVÍK 20 STIG**
Keflavík (heima), Fjölnir (h), Snæfell (ú)

**8. KEFLAVÍK 18 STIG**
Grindavík (ú), Snæfell (h), Haukar (ú)

**9. SNÆFELL 16 STIG**
Tindastóll (h), Keflavík (ú), Grindavík (h)

Á næstu sjö dögum hafa mörg lið tækifæri til að hækka sig á stigatöflunni og koma sér í eftirsótta stöðu í úrslitakeppninni. Miðað við góðan árangur liðanna á heimavelli í vetur munu sæti þrjú og fjögur gefa liðunum mjög mikið í átta liða úrslitunum.

Fréttablaðið lagðist aðeins yfir leikina átján sem eftir eru af deildarkeppninni. Miðað við líklegustu úrslitin í síðustu þremur umferðunum gæti vel svo farið að fjögur lið endi jöfn í sætum þrjú til sex sem myndi þýða að innbyrðisviðureignir gætu ráðið heimavallarrétti milli liða sem mætast í átta liða úrslitunum.

Sjö lið ættu að vera nokkuð örugg með sætið í úrslitakeppninni en það er enn óvissa um áttunda og síðasta sætið. Snæfell á enn möguleika á sæti í úrslitakeppninni en staða Hólmara er orðin slæm eftir fimm töp í röð. Liðið á þó enn leik eftir á móti Keflavík um næstu helgi sem gæti breyst í hreinan úrslitaleik um áttunda og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina.

Fallbaráttan er einnig í fullum gangi en leikur ÍR og Skallagríms í Seljaskóla í beinni á Stöð 2 Sport á mánudagskvöldið er líklegur leikur upp á líf eða dauða.

Liðin munu nú flest spila þrjá örlagaleiki á aðeins sjö dögum og fyrir lið sem eru vön því að spila einn leik í viku þá gæti slíkt leikjaálag haft sín áhrif.

Leikir kvöldsins eru (klukkan 19.15): Stjarnan-KR, Skallagrímur-Njarðvík, Haukar-ÍR Snæfell-Tindastóll og Grindavík-Keflavík en á morgun mætast síðan Fjölnir og Þór Þorlákshöfn. **- óój**



**KOMINN Í GANG** Emil Barja hefur farið fyrir fjögurra leikja sigurgöngu Haukanna. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX



# MARKAÐS DAGAR

í öllum verslunum BYKO

## Síðustu dagar

200 kr.
100 kr.
300 kr.
400 kr.
1500 kr.
1000 kr.
50 kr.
600 kr.
500 kr.
800 kr.

**Gerðu alveg hreint ótrúleg kaup!**

Mikið úrval af vörum frá 50 krónum og upp í 1500 krónur.
Töluvert af öðrum vörum á stórlækkuðu verði.
Bætum við nýjum vörum daglega.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ
LÍTA VIÐ Á MARKAÐINN

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 klukkan 20.15
**Eldhúsið hans Eyþórs**



Vandaðir íslenskir þættir þar sem meistarakokkurinn Eyþór Rúnarson sýnir okkur réttu handtökin í eldhúsinu á sinn einstaka hátt. Í hverjum þætti af Eldhúsinu hans Eyþórs tekur hann fyrir vinsæl hráefni og töfrar fram úr þeim dýrindismáltíðir.



### TWO AND A HALF MEN
**STÖÐ 2 KLUKKAN 19.50** Í þessari elleftu syrpu hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.



### THE MENTALIST
**STÖÐ 2 KLUKKAN 20.40** Sjöunda þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.



### AMERICAN IDOL
**STÖÐ 3 KLUKKAN 20.00** Fjórtánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest.

### Bylgjan klukkan 19.15
**Erna Hrönn**

Erna Hrönn og góð tónlist á Bylgjunni.








### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** iCarly
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Make Me a Millionaire Inventor
**11.45** Cougar Town
**12.05** Enlightened
**12.35** Nágrannar
**13.00** Hitch
**15.05** The O.C.
**15.55** iCarly
**16.20** Impractical Jokers
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Two and a Half Men
**20.15** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.40** The Mentalist
**21.25** The Blacklist
**22.10** The Following
**22.55** Crimes That Shook Britain
**23.45** Rizzoli & Isles
**00.30** Broadchurch
**01.20** Banshee
**02.10** NCIS. New Orleans
**02.55** Louie
**03.15** Hitch
**05.10** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT *besta sætið*

**07.00** Rhein-Neckar Löwen - Kiel
**12.40** New York - Cleveland
**14.05** Bballography. Kerr
**14.30** Real Madrid - Villarreal
**16.10** Granada - Barcelona
**17.45** Spænsku mörkin 14/15
**18.15** Meistaradeild Evrópu
**18.40** Rhein-Neckar Löwen - Kiel
**20.00** Samantekt og spjall
**20.40** Everton - Young Boys
**22.20** UFC Unleashed 2015 Páttur frá UFC.
**23.05** UFC 182. Jones vs. Cormier

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.50** Stoke - Everton
**09.30** West Ham - Chelsea
**11.10** Tottenham - Swansea
**12.50** Man. City - Leicester
**14.30** Newcastle - Man. Utd.
**16.10** Liverpool - Burnley
**17.50** Football League Show 2014/15
**18.20** West Ham - Chelsea
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Premier League Review 2014/2015
**21.25** QPR - Arsenal
**23.05** Aston Villa - WBA
**00.45** Premier League Review 2014/2015
**01.40** Premier League World 2014/2015

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **20.30** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

### STÖÐ 3

**19.10** Community
**19.35** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**20.45** Hot in Cleveland
**21.10** Supernatural
**21.55** True Blood
**22.45** Community
**23.10** Last Man Standing
**23.30** American Idol
**00.15** Hot in Cleveland
**00.35** Supernatural
**01.15** True Blood
**02.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Ljóti andarunginn og ég **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Sumardalsmyllan **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Latibær **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Ljóti andarunginn og ég **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Sumardalsmyllan **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Latibær **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Ljóti andarunginn og ég **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Sumardalsmyllan **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Latibær **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Skógardýrið Húgó **20.15** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.45** Friends
**19.10** New Girl
**19.35** Modern Family
**19.55** Two and a Half Men
**20.20** 1600 Penn
**20.45** Ally McBeal
**21.30** Vice
**22.00** Game of Thrones
**22.50** It's Always Sunny in Philadelphia *(13:13)*
**23.10** Prime Suspect 4
**00.55** 1600 Penn
**01.20** Ally McBeal
**02.05** Vice
**02.30** Game of Thrones
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**12.30** Pitch Perfect
**14.20** Story of Us
**15.55** Do-Deca-Pentathlon
**17.15** Pitch Perfect
**19.05** Story of Us
**20.40** Do-Deca-Pentathlon
**22.00** The King of Fighters
**23.35** Deadly Hope
**02.30** The King of Fighters

### HRINGBRAUT

**11.00** Mannamál (e) **11.30** Heimsljós (e) **12.00** Mannamál (e) **12.30** Heimsljós (e) **13.00** Mannamál (e) **13.30** Heimsljós (e) **14.00** Mannamál (e) **14.30** Heimsljós (e) **17.00** Mannamál (e) **17.30** Heimsljós (e) **18.00** Mannamál (e) **18.30** Heimsljós (e) **19.00** Mannamál (e) **19.30** Heimsljós (e) **20.00** Mannamál (e) **20.30** Heimsljós (e) **21.00** Þjóðbraut **22.00** Þjóðbraut (e) **23.00** Þjóðbraut (e)

### RÚV

**16.30** Matador *(1.24)*
**17.20** Stundin okkar *(6.14)*
**17.45** Kungfú Panda *(9.17)*
**18.07** Nína Pataló *(16.39)*
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýralæknaskólinn *(4.6)*
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Fljótlegt og ferskt með Lorraine Pascale *(1.6)*
**20.30** Doll og Em *(6.6)*
**20.55** Handboltalið Íslands *(10.16)* *(Karlalið Vals 1995)* Þáttaröð um bestu handboltalið Íslands. Hópur sérfræðinga hefur valið sjö handboltalið í karla- og kvennaflokki sem koma til greina sem besta handboltalið Íslands. Rætt er við sérfræðinga, leikmenn og þjálfara, rifjuð upp afrek síðustu ára og skyggnst inn í sögu félaganna.
**21.10** Fortitude *(4.12)*
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Glæpahneigð *(21.24)*
**23.00** Heiðvirða konan *(2.9)*
**23.55** Kastljós
**00.20** Fréttir Endursýndar Tíufréttir.
**00.35** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**11.00** Árshátíðarmyndband Kvennaskólans í Reykjavík 2015
**11.30** Pepsi MAX tónlist
**12.20** The Voice
**13.50** The Voice
**15.20** Benched
**15.40** Survivor
**16.25** Top Chef
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.20** How to Get Away with Murder
**22.05** How to Get Away with Murder
**22.50** The Tonight Show
**23.35** Law & Order
**00.20** Allegiance
**01.05** The Walking Dead
**01.55** How to Get Away with Murder
**02.40** How To Get Away With Murder
**03.25** The Tonight Show
**04.10** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**11.30** Golfing World 2015
**12.20** PGA Tour 2015 - Highlights
**13.15** Golfing World 2015
**14.05** PGA Tour 2015
**17.35** Inside the PGA Tour 2015
**18.00** World Golf Championship 2015
**23.00** Inside the PGA Tour 2015
**23.25** Dagskrárlok

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




PIPAR\TBWA • SÍA • 150379

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér yfirleitt hafragraut með rúsínum og möndlum en ef ég er að drífa mig hendi ég Cheerios í skál og helli fjörmjólk yfir.“**

Rakel dögg Bragadóttir, fyrrverandi landsliðskona í handbolta.

# Breyta listasafninu í pop-up-borg

Í tilefni af HönnunarMars verður lögð gata í Hafnarhúsinu.

„Stefnan er að breyta listasafninu í einhvers konar abstrakt pop-up-borg og halda þar gott götupartí,“ segir Ásgeir Guðmundsson, verkefnastjóri tónlistar hjá Kraumi og einn skipuleggjenda.

Verkefnið er samstarf milli Kraums tónlistarsjóðs, Auroru hönnunarsjóðs og HönnunarMars. „Götupartíið hefst klukkan níu laugardaginn 14. mars og þar verða kaffibarir og ísbarir og nokkrir veitingastaðir ætla að bjóða upp á street-food-útgáfu af matseðlinum sínum. Og eins og góðu götupartíi sæmir verða að sjálfsögðu götulistamenn á svæðinu,“ segir Ásgeir hress. Meðal þeirra sem koma fram eru Snorri Helgason, Ylja og Retro Stefson.



**ÁSGEIR GUÐMUNDSSON**

Hópurinn 2,5x5 mun síðan byggja hús yfir sviðið. „Þetta er gert í samstarfi við nýtt verkefni innan Auroru sem heitir Hæg breytileg átt og snýr að byggða- og íbúaþróun. Þessi skúlptúr á sviðinu gefur þá þennan borgarfíling,“ segir hann. Allur ágóði af veitingasölu kvöldsins rennur í nýjan sjóð sem Kraum og Aurora hafa stofnað. „Sá sjóður er ætlaður til þess að finna sameiginlega fleti á tónlist og hönnun, til dæmis með hönnun á plötuumslögum og fleira,“ segir Ásgeir.

- asi



**SKEMMTILEGT** Stemningsmynd hönnuða pop-up-borgarinnar.








**SPENNTAR** Þær Valdís og Björk á æfingu á þriðjudag, en Sigrún var því miður fjarri góðu gamni.

# Spila með Florence and the Machine

Þrjár íslenskar stelpur fengu einstakt tækifæri til að spila og syngja bakraddir hjá bresku hljómsveitinni Florence and the Machine á tónleikaferðalagi hennar.

„Það er bara mikill heiður að við vorum beðnar um þetta, einhverjir vitleysingar úr Hafnarfirði og Mosfellsdal,“ segir Valdís Þorkelsdóttir, trompet- og flygilhornleikari, og hlær. Hún ásamt Sigrúnu Jónsdóttur, básúnuleikara og Björk Níelsdóttur, trompet- og flygilhornleikara, munu spila og syngja bakraddir á tónleikaferðalagi bresku indie-hljómsveitarinnar Florence and the Machine, með söngkonuna Florence Welch fremsta í flokki.

„Við fengum símtal frá tónlistarstjóranum hjá Florence, en hann þekkir production manager hjá Björk sem benti honum á okkur,“ segir hún um tilkomu verkefnisins. Þær stöllur kynntust fyrst þegar þær spiluðu saman á Volta-túr Bjarkar Guðmundsdóttur. „Þetta eru því eiginlega endurfundir hjá okkur þremur, enda erum við næstum eins og systur núna,“ segir Valdís hress.

Hún segist ekki hafa haldið mikið upp á Florence, en eftir að hafa hlustað á tónlistina fyrir æfingar sé hún kolfallin fyrir henni. „Það er rosalegur kraftur í henni og hún er ótrúleg söngkona, eiginlega bara legend,“ segir Valdís.

Á tónleikaferðalagi Bjarkar voru þær aðallega að spila á málmblásturshljóðfæri, en nú bætist meiri söngur við. „Við erum búnar að vera að æfa í tíu daga, alveg upp í tólf klukkutíma á dag. Þetta er alveg svolítið heví stöff en jafn skemmtilegt eins og þetta er erfitt. Okkur líður svolítið eins og við séum í poppstjörnukarókíi,“ segir Valdís og hlær.

Ný plata með sveitinni er væntanleg í júní. „Þessi túr verður svolítið nýja stöffið í bland við gamla, ég held að við séum að taka fjögur ný lög núna til að byrja með, svo bætist við með sumrinu. Það er rosalega mikið brass á nýju plötunni og þess vegna vorum við fengnar inn í þetta verkefni,“ segir hún. Fram undan eru stórar hátíðir eins og Coachella í Los Angeles, sem er ein sú allra vinsælasta hjá stjörnunum. Einnig eru óstaðfestar fréttir á sveimi um að hljómsveitin muni koma fram á Glastonbury-hátíðinni. „Það er verið að staðfesta fleiri hátíðir og áfangastaði núna, en ég má ekki segja meira um það eins og er,“ segir Valdís að lokum.

adda@frettabladid.is



**TÖFFARAR** Með söngvaranum Sam Smith á Glastonbury 2014.

## Um Florence and The Machine

- Fyrsta platan, Lungs, kom út árið 2009.
- Bandið var stofnað af Florence Welch og Isabellu Summers. Þær kölluðu sig Florence Robot og Isabella Machine og þannig varð nafnið Florence and the Machine til.
- Árið 2010 var platan Lungs valin besta plata ársins á Brit-verðlaununum.
- Önnur plata þeirra, Ceremonials, kom út árið 2011.
- Hljómsveitin hefur átt lög í stórmyndum eins og The Great Gatsby, The Twilight Saga: Eclipse og Snow White and The Huntsman.
- Söngkonan, Florence, hefur verið þekkt fyrir stórkostlega og töfrandi sviðsframkomu og magnaðan fatastíl og hefur klæðst fatnaði frá mörgum þekktum hönnuðum.
- Hljómsveitin spilaði á Iceland Airwaves í október árið 2008.
- Nýja platan, How Big, How Blue, How Beautiful, kemur út í sumar.




TAX FREE*
Allar vörur • Allar verslanir • Allt með afslætti 5. – 8. mars
Einnig opið sunnudag í Hafnarfirði, á Akureyri, á Egilsstöðum og á Selfossi kl.11–15
A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is
*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.
Athugið að vöruframboð er breytilegt milli verslana.
A4

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177
Póst dreifing

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Dexter-stjarnan eignast stúlku



Leikarinn **Darri Ingólfsson,** sem er hvað helst þekktur fyrir hlutverk sitt í þáttunum Dexter sem notið hafa mikilla vinsælda um allan heim, eignaðist sína fyrstu dóttur í fyrradag. Eiginkona Darra er bandarísk og heitir Michelle Ingólfsson. Stúlkan hefur fengið nafnið Kara sem er í höfuðið á yngri systur Darra. Darri hefur leikið í ýmsum stórum þáttaröðum í Bandaríkjunum, svo sem NCIS: Los Angeles, Stalker og Haven. Darri er 35 ára að aldri og ólst upp í Garðabænum. **- kak**

### Heiðra Nirvana

Í tilefni þess að Kurt Cobain sálugi, forsprakki Nirvana, hefði orðið 48 ára gamall á dögunum og að hljómsveitin var nýlega vígð inn í Rock & Roll Hall of Fame verður hún heiðruð á tvennum tónleikum um helgina. Heiðurssveitina skipa tónlistarmennirnir Einar Vilberg, sem þykir nokkuð líkur Kurt, **Franz Gunnarsson,** Kristinn Snær Agnarsson og Jón Svanur Sveinsson. Fyrri tónleikarnir verða á Gauknum á föstudagskvöldið og þeir seinni á Græna hattinum á Akureyri á laugardagskvöld. Á tónleikunum verður farið yfir feril Nirvana í rafmagnaðri og órafmagnaðri stemningu og öll helstu lög sveitarinnar flutt.



## Mest lesið vísir

1 Twitter logar eftir Kastljósið: „Mannvonska í sinni alvarlegustu mynd"
2 Júlíus Júlíusson tjáir sig: „Ég vildi hjálpa þessum manni"
3 ZinZino-keðjan sendir út viðvörun til útsendara sinna
4 „Þeir segja að Alzheimer sé ólæknandi en ég hef hjálpað konu sem hefur fengið verulegan bata"
5 Vellríkir fá líka afslátt á fasteignagjöldum



AUKABLAÐ BL FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG!
B|L
www.bl.is

